

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1493/1999

frá 17. maí 1999

um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 36. og 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samhliða starfsemi og þróun sameiginlegs markaðar með landbúnaðarafurðir skal koma sameiginleg landbúnaðarstefna, einkum sem tekur til sameiginlegrar skipulagningar markaða með landbúnaðarafurðir, sem geta verið með ýmsum hætti eftir eðli afurðanna.
- 2) Markmiðið með sameiginlegri landbúnaðarstefnu er að ná markmiðunum sem sett eru fram í 33. gr. sáttmálans, einkum, að því er varðar vingeirann, að ná stöðugleika á markaði og tryggja viðkomandi landbúnaðarsamfélagi sanngjörn lífskjör. Hægt er að ná þessum markmiðum með því að laga auðlindir að eftirspurn, einkum með stefnu sem miðar að aðlögun vínræktargetu og gæðastefnu.
- 3) Gildandi rammaákvæðum um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins var komið á fót með reglugerð (EBE) nr. 822/87 ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast

breytt með reglugerð (EB) nr. 1627/98 ⁽⁶⁾. Í ljósi reynslunnar er rétt að skipta þeim út til að takast megi betur á við núverandi aðstæður í vingeiranum, sem einkennast af þeirri staðreynd að jafnvel þótt kerfislæg offramleiðsla sé sjaldgæf er offramleiðsla þó enn möguleg sé lítið til margra ára, einkum vegna þess eðlislæga möguleika geirans að kröftugar sveiflur verði í framleiðslu frá einni uppskeru til annarrar.

- 4) Framkvæmd samninganna sem náðust í Úrúgvæ-lotunni 1995 hefur haft í för með sér bæði opnari markað Bandalagsins, þar sem hefðbundnar ihlutunarráðstafanir hafa misst möguleg áhrif sín að miklu leyti, og minna svigrúm til styrkja vegna útflutnings, sem þýðir að framleiðendur innan Bandalagsins verða að bæta samkeppnisfærni sína. Meirihluti útflutnings fer nú þegar fram án styrkja.
- 5) Mestu markaðserfíðleikarnir, sem nú blasa við tilteknum hlutum vingeira Bandalagsins, er takmörkuð geta þeirra til að aðlagast nægilega hratt breyttri samkeppni, bæði á innri og ytri markaði. Í núverandi sameiginlegri skipulagningu markaðarins hefur ekki tekist að finna lausnir fyrir vinnræktarsvæði þar sem augljóslega hefur ekki tekist að finna arðvænlega markaði fyrir framleiðsluna. Fyrir svæði með stækkandi markaði hefur ekki verið nægjanlegur sveigjanleiki til að þau geti þróast.
- 6) Árið 1994 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu um endurbætur á sameiginlegri skipulagningu vínmarkaðarins, sem var þó ekki samþykkt. Markaðsaðstæður hafa breyst síðan sú tillaga var gerð.
- 7) Því ætti að endurbæta sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika svo að hann geti aðlagast greiðlega framförum sem miða að eftirfarandi viðtækum markmiðum: að viðhalda betra jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á markaði Bandalagsins, að gera geirann samkeppnishæfari til

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 271, 31.8.1998, bls. 21.⁽²⁾ Álitum var skilað 6. maí 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).⁽³⁾ Stjtið. EB C 101, 12.4.1999, bls. 60.⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 93, 6.4.1999, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1987, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8.

lengri tíma lítið, að uppræta möguleika á íhlutun sem tilbúinni söluleið fyrir offramleiðslu, að styrkja vinnmarkaðinn og auðvelda þannig áframhaldandi framboð á vinnu til þeirra hluta neysluáfangisgeirans þar sem hefð er fyrir að nota þetta áfengi, að koma til móts við svæðisbundna fjölbreytni og að koma fastri skipan á hugsanlegt hlutverk samtaka framleiðenda og samtaka innan geirans.

- 8) Til viðbótar við reglugerð (EBE) nr. 822/87 og til framkvæmdar henni komu reglugerðir (EBE) nr. 346/79⁽¹⁾, (EBE) nr. 351/79⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1029/91⁽³⁾, (EBE) nr. 460/79⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3805/85⁽⁵⁾, (EBE) nr. 465/80⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1597/83⁽⁷⁾, (EBE) nr. 457/80⁽⁸⁾, (EBE) nr. 458/80⁽⁹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 596/91⁽¹⁰⁾, (EBE) nr. 1873/84⁽¹¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2612/97⁽¹²⁾, (EBE) nr. 895/85⁽¹³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85⁽¹⁴⁾, (EBE) nr. 823/87⁽¹⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1426/96⁽¹⁶⁾, (EBE) nr. 1442/88⁽¹⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 859/199...⁽¹⁸⁾, (EBE) nr. 3877/88⁽¹⁹⁾, (EBE) nr. 4252/88⁽²⁰⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1629/98⁽²¹⁾, (EBE) nr. 2046/89⁽²²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2468/96⁽²³⁾, (EBE) nr. 2048/89⁽²⁴⁾, (EBE) nr. 2389/89⁽²⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2088/97⁽²⁶⁾, (EBE) nr. 2390/89⁽²⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2611/97⁽²⁸⁾, (EBE) nr. 2391/89⁽²⁹⁾, (EBE) nr. 2392/89⁽³⁰⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1427/96⁽³¹⁾, (EBE) nr. 3677/89⁽³²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2796/94⁽³³⁾,

(EBE) nr. 3895/91⁽³⁴⁾, (EBE) nr. 2332/92⁽³⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1692/98 og (EBE) nr. 2333/92⁽³⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1429/96⁽³⁷⁾. Þessum reglugerðum hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar eð gera þarf frekari breytingar skal þeim steypst saman í einn texta til glöggvunar.

- 9) Í reglugerð (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að ráðið skuli mæla fyrir um almennar reglur um beitingu hennar. Þetta skapaði flókna samsetningu löggjafa. Í framangreindum reglugerðum er mikið af nákvæmum tæknilýsingum sem oft hefur þurft að breyta. Þessi reglugerð ætti því, að öllu jöfnu, að innihalda allar nauðsynlegar leiðbeiningar um beitingu hennar. Ráðið skal fela framkvæmdastjórninni allt nauðsynlegt framkvæmdavald í samræmi við 211. gr. sáttmálaus.
- 10) Reglurnar um sameiginlega skipulagningu vinnmarkaðarins eru afar flóknar. Í sumum tilvikum taka þær ekki nægilegt tillit til svæðisbundinnar fjölbreytni. Reglurnar skulu því einfaldaðar eins og unnt er og stefna Bandalagsins mótuð og framkvæmd eins nálægt framleiðandanum og hægt er.
- 11) Til að nýta og styrkja bætt markaðsjafnvægi og til að samræma betur framboð á og eftirspurn eftir mismunandi afurðum ætti að vera til rammí ráðstafana um stýringu á vinnræktargetu, sem felur í sér takmarkanir á plöntun til meðallangs tíma, þóknun fyrir að leggja vinnrækt endanlega niður og stuðning vegna endurskipulagningar og breytinga á vinnkrum.
- 12) Skipulagsráðstafanir, sem ekki tengjast vinnframleiðslu beint, skulu falla undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1257/1999 frá 17. maí 1999 um stuðning þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar við byggðapróun í dreifbýli og um breytingu og niðurfellingu tiltekinna reglugerða⁽³⁸⁾. Kynningarráðstafanir eru mikilvægt framlag til samkeppnisfærni geirans og einkum ætti að ýta undir kynningu á vinnu Bandalagsins á mörkuðum þriðju landa. Til að tryggja samræmi við almenna kynningarstefnu Bandalagsins skulu ráðstafanir varðandi vinngeirann þó falla undir gildissvið láréttra reglna hvað þetta varðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 54, 5.3.1979, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 54, 5.3.1979, bls. 90.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 106, 26.4.1991, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 58, 9.3.1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 367, 31.12.1985, bls. 39.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 57, 29.2.1980, bls. 16.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 163, 22.6.1983, bls. 52.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 57, 29.2.1980, bls. 23.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 57, 29.2.1980, bls. 27.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 67, 14.3.1991, bls. 16.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 176, 3.7.1984, bls. 6.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 353, 24.12.1997, bls. 2.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 97, 4.4.1987, bls. 2.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 362, 31.12.1985, bls. 8.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 84, 27.3.1987, bls. 59.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 184, 24.7.1996, bls. 1.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. EB L 132, 28.5.1988, bls. 3.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 9.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 346, 15.12.1988, bls. 7.

⁽²⁰⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1988, bls. 59.

⁽²¹⁾ Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 11.

⁽²²⁾ Stjtið. EB L 202, 14.7.1989, bls. 14.

⁽²³⁾ Stjtið. EB L 335, 24.12.1996, bls. 7.

⁽²⁴⁾ Stjtið. EB L 202, 14.7.1989, bls. 32.

⁽²⁵⁾ Stjtið. EB L 232, 9.8.1989, bls. 1.

⁽²⁶⁾ Stjtið. EB L 292, 25.10.1997, bls. 3.

⁽²⁷⁾ Stjtið. EB L 232, 9.8.1989, bls. 7.

⁽²⁸⁾ Stjtið. EB L 353, 24.12.1997, bls. 1.

⁽²⁹⁾ Stjtið. EB L 232, 9.8.1989, bls. 10.

⁽³⁰⁾ Stjtið. EB L 232, 9.8.1989, bls. 13.

⁽³¹⁾ Stjtið. EB L 184, 24.7.1996, bls. 3.

⁽³²⁾ Stjtið. EB L 360, 9.12.1989, bls. 1.

⁽³³⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1994, bls. 1.

⁽³⁴⁾ Stjtið. EB L 368, 31.12.1991, bls. 1.

⁽³⁵⁾ Stjtið. EB L 231, 13.8.1992, bls. 1.

⁽³⁶⁾ Stjtið. EB L 231, 13.8.1992, bls. 9.

⁽³⁷⁾ Stjtið. EB L 184, 24.7.1996, bls. 9.

⁽³⁸⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 80.

Framkvæmdastjórnin hefur, í þessu skyni, lagt fram tillögu að reglugerð um ráðstafanir til að kynna og veita upplýsingar um landbúnaðarafurðir í þriðju löndum ⁽¹⁾.

- 13) Náðst hefur betra markaðsjafnvægi en þó hefur það gengið fremur hægt og erfiðlega. Gildandi takmarkanir á plöntun hafa reynst grundvallarþáttur í að ná þessum árangri. Í ljósi reynslunnar virðist ekki mögulegt að nota aðrar aðgerðir til að nýta og styrkja bætt markaðsjafnvægi. Það virðist því nauðsynlegt að stýra á þennan hátt notkun framleiðanda á eignum sínum í þágu almenningshagsmuna.
- 14) Því ættu gildandi takmarkanir á plöntun að gilda áfram á tímabili, sem er takmarkað til meðallangs tíma, þannig að hægt sé að koma öllum skipulagsráðstöfunum til framkvæmda og því skal plöntun á vinvíði til vínframleiðslu bönnuð til 31. júlí 2010 nema annað sé leyft samkvæmt þessari reglugerð.
- 15) Komið hefur í ljós að gildandi leyfi til nýplöntunar á svæðum sem ætluð eru undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti, til sameiningar lands og eignarnáms, sem og til tilrauna í vínækt valda ekki óþarfa röskun á vínmarkaðinum og skulu því gilda áfram með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit. Á sama hátt ætti að vera mögulegt að planta vinvíði ef framleiðslan er ætluð til neyslu fyrir fjölskyldu vínframleiðandans.
- 16) Gildandi leyfi til nýplöntunar til framleiðslu á gæðavínum framleiddum í tilgreindum héruðum (gæðavín f.t.h.) og borðvínunum sem lýst er með tilvísunum í landfræðilegar merkingar, hafa reynst gagnlegur þáttur í gæðastefnunni sem miðar að því að samræma betur framboð og eftirspurn. Þegar fyrirkomulag um réttindabanka fyrir réttindi til plöntunar er starfrækt að fullu skal það fyrirkomulag þó uppfylla þetta markmið. Því skulu leyfin gilda áfram, með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit, á aðlögunartímabili til 31. júlí 2003, en þá ætti réttindabankafyrirkomulagið að vera starfrækt að fullu.
- 17) Gildandi leyfi til endurplöntunar á vinvíði er nauðsynlegt til að eðlileg endurnýjun þrautræktaðra vínekra geti átt sér stað. Því skal notast við núverandi fyrirkomulag áfram, með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit. Til að fá meiri sveigjanleika ætti samkvæmt fyrirkomulaginu og með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit, að vera hægt að kaupa og nýta réttindi til endurplöntunar áður en svæði eru rudd. Virða skal réttindi til endurplöntunar sem eru veitt í samræmi við fyrri löggjöf Bandalagsins eða landslög. Enn fremur skal vera mögulegt að flytja réttindi til endurplöntunar til annarrar bújarðar, með fyrirvara um strangt eftirlit, að því tilskildu að slíkir flutningar séu liður í gæðastefnu eða varði svæði sem
- ætluð eru undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti eða séu tengdir flutningum á hluta bújarðarinnar. Til að tryggja að sameiginleg skipulagning markaðarins gangi snurðulaust skulu þessir flutningar fara fram innan sama aðildarríkis.
- 18) Til að bæta stýringu á vínæktargetu og til að stuðla að skilvirkri nýtingu á réttindum til plöntunar og draga þannig enn frekar úr áhrifum plöntunartakmarkana skal koma á fyrirkomulagi landsbundinna eða svæðisbundinna réttindabanka.
- 19) Aðildarríkin skulu fá víðtækt sjálfræði varðandi stjórnun á réttindabönkum, með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit, til að gera þeim kleift að laga betur nýtingu plöntunarréttinda úr slíkum réttindabönkum að staðbundnum þörfum. Þetta skal einnig fela í sér tækifæri til að kaupa upp plöntunarréttindi fyrir réttindabanka og selja plöntunarréttindi úr réttindabönkum. Í þessu skyni skal aðildarríkjunum heimilt að nota ekki réttindabankafyrirkomulagið geti þau sýnt fram á að þau hafi nú þegar skilvirkt fyrirkomulag til stjórnunar á plöntunarréttindum.
- 20) Veiting sérstakra styrkja til ungra vínframleiðanda getur ekki eingöngu auðveldað þeim að öðlast staðfestu heldur einnig að breyta skipulagi bújarða sinni eftir að þeir hafa öðlast staðfestu. Þessir framleiðendur skulu því geta fengið réttindi úr réttindabönkunum án endurgjalds.
- 21) Til að tryggja að auðlindir séu nýttar á sem skilvirkastan hátt og til að samræma betur framboð og eftirspurn skulu handhafar nýta plöntunarréttindi sín innan hæfilegs frests, annars skal þeim úthlutað eða endurúthlutað til réttindabankans. Réttindi, sem hefur verið úthlutað til réttindabanka, skal af sömu ástæðu veita innan hæfilegs frests.
- 22) Í ljósi bætts markaðsjafnvægis og stækkunar heimsmarkaðar kann að vera réttlæt看legt að fjölga plöntunarréttindum, sem skal þá úthluta hlutaðeigandi aðildarríki og, að hluta til, réttindabanka Bandalagsins til úthlutunar á grundvelli aukinnar eftirspurnar á markaði. Nýplöntunarréttindi, sem hafa verið veitt fyrir gæðavín f.t.h. og borðvín með landfræðilega merkingu, skulu dragast frá þessari aukningu.
- 23) Þrátt fyrir gildandi plöntunartakmarkanir hefur verið plantað á svæðum sem þær ná yfir. Erfitt hefur reynst að beita gildandi viðurlögum sem ætlað er að tryggja að afurðir frá slíkum svæðum valdi ekki röskun á vínmarkaðinum. Því skal ryðja svæði þar sem plantað er

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 32, 6.2.1999, bls. 12.

- ólöglega. Þessi krafa skal gilda um alla ólöglega plöntun, sem á sér stað eftir að tillaga að þessari reglugerð hefur verið birt, en eftir þann tíma ætti framleiðendum að vera kunnugt um tillöguna um að innleiða kröfuna.
- 24) Með fyrirvara um gildandi landsbundin ákvæði og með tilliti til réttaröryggis er ekki mögulegt, á vettvangi Bandalagsins, að gera kröfu um að svæði, sem plantað hefur verið í þrátt fyrir að slíkt brjóti í bága við takmarkanir, verði rudd, fyrr en tillaga að þessari reglugerð hefur verið birt. Til að öðlast betri stjórn á vínframleiðslugetu skulu aðildarríkin því, í tiltekinn tíma, geta sett reglur um stöðu slíkra svæða, með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit. Heimilt er að kveða á um mismunandi meðferð, að því er reglusetningu varðar, með hliðsjón af aðstæðum varðandi viðkomandi plöntun, einkum ef slík plöntun getur haft í för með sér framleiðsluaukningu. Komi sú hætta upp getur hlutaðeigandi framleiðandi þurft að sæta viðeigandi stjórnsýsluviðurlögum.
- 25) Aðildarríkjunum skal heimilt að taka tillit til staðbundinna aðstæðna og geta því sett strangari reglur um nýplöntun, endurplöntun og endurágræðslu ef nauðsyn krefur.
- 26) Til eru vínræktarsvæði þar sem framleiðsla er ekki löguð að eftirspurn. Til að stuðla að betri aðlögun geirans í heild skal hvetja til þess að vínrækt verði endanlega lögð af á slíkum svæðum. Þóknarir skulu greiddar í þessu skyni. Aðildarríkjunum skal falið að stjórna úthlutun slíkra þóknana innan Bandalagsramma og með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit, þannig að þóknunin nýtist hlutaðeigandi héruðum betur. Aðildarríkin ættu því að geta tilnefnt hlutaðeigandi héruð og ákveðið upphæð þóknunarinnar með hlutlægum viðmiðunum og innan almennra efri marka.
- 27) Vínframleiðsla í þeim aðildarríkjum, sem framleiða minna en 25 000 hektólítra af víni á ári, hefur ekki alvarleg áhrif á markaðsjafnvægi. Þessi aðildarríki skulu því undanþegin plöntunartakmörkunum en ekki hafa aðgang að þóknun fyrir að leggja vínrækt endanlega niður.
- 28) Til eru önnur vínræktarsvæði þar sem framleiðsla er ekki löguð að eftirspurn en unnt væri að aðlagja framleiðsluna betur með endurskipulagningu vénekra er fælist í því að taka upp önnur yrki, setja upp vénekrur á öðrum stöðum eða bæta stjórnunaraðferðir. Því skal veita stuðning í þessu skyni, með fyrirvara um nauðsynlegt eftirlit.
- 29) Til að tryggja að slíkri endurskipulagningu og breytingum sé stjórnað verður að skipuleggja þær.
- Áætlanir skulu gerðar eins nálægt framleiðandanum og hægt er til að tryggja að tekið sé tillit til svæðisbundins fjölbreytileika. Til að tryggja að áætlanir séu í samræmi við lög Bandalagsins skulu aðildarríkin engu að síður áfram bera ábyrgð á þessum áætlunum á lokastigi.
- 30) Endurskipulagning og breytingar hafa tvönnar konar megináhrif fjárhagslega á framleiðendur, þ.e. tekjutap á breytingatímabilinu og kostnað við framkvæmd þessara ráðstafana. Því skal stuðningurinn ná yfir þessi áhrif hvorutveggja. Í endurskipulagningarferlinu er rúm fyrir frekari landsbundnar ráðstafanir innan tiltekinnar viðmiðunarmarka.
- 31) Æskilegt er, með tilliti til betri stýringar vínræktargettu, að tekin sé saman skrá yfir slíka getu á vettvangi aðildarríkjanna eða á svæðisvísu. Til að hvetja aðildarríkin til að taka saman skrána skulu aðeins þau ríki, sem það hafa gert, eiga rétt á að setja reglur um svæði sem plantað hefur verið í ólöglega, auknum plöntunarréttindum og stuðningi vegna endurskipulagningar og breytinga. Þegar um er að ræða svæðisbundnar skrár skulu þau svæði sem hafa tekið saman skrá ekki vera útilokuð frá ráðstöfunum til endurskipulagningar og breytinga þó að önnur svæði hafi ekki tekið saman slíka skrá. Þó verður gerð allra svæðisbundinna skráa að vera lokið fyrir 31. desember 2001.
- 32) Best er að flokkun vínviðaryrkja til vínframleiðslu fari fram eins nálægt framleiðandanum og hægt er. Því skulu aðildarríkin taka við þessu verkefni af Bandalaginu.
- 33) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/86 frá 24. júlí 1986 um skrá yfir vénekrur í Bandalaginu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1631/98 ⁽²⁾, skal haldast í gildi til að gera þeim aðildarríkjum, sem enn eru að taka skrána saman, kleift að ljúka verkefninu. Þó skal gera ráðstafanir til að unnt sé að breyta henni síðar eða fella hana niður.
- 34) Til að viðhalda markaðsjafnvægi skal gera ráð fyrir aðstoð við einkageymslu á borðvíni og tilteknum tegundum þrúgumusts. Ráðstöfunin skal vera eins sveigjanleg og unnt er til að geta lagað sig að sveiflum á markaðinum. Einkum í þessu skyni skal vera mögulegt að fella hana úr gildi með stuttum fyrirvara.
- 35) Til að uppræta möguleikann á íhlutun sem tilbúinni söluleið fyrir offramleiðslu skal gera breytingar á

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 208, 31.7.1986, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 14.

- eimingarkerfinu. Gera skal ráð fyrir eftirfarandi formi eimingar: skyldubundin eiming á aukaafurðum vínframleiðslu, skyldubundin eiming vína úr þrúgum af yrkjum sem eru ekki eingöngu vínþrúguyrki, eimingaráðstöfun til að styrkja vínmarkaðinn með því að stuðla að stöðugu framboði af véneimi til þeirra hluta neysluáfengisgeirans þar sem hefð er fyrir að nota þetta áfengi og neyðarráðstöfun vegna eimingar. Leggja skal af eimingu á öðru formi. Þessar ráðstafanir skulu vera eins sveigjanlegar og unnt er til að svara þörfum markaðarins og sérstökum svæðisbundnum aðstæðum.
- 36) Í ljósi lakra gæða víns sem fengið er með ofpressun skal iðkun hennar bönnuð og ráðstafanir gerðar til skyldubundinnar eimingar á hrati og dreggjum til að koma í veg fyrir hana. Þó má gera ráð fyrir undanþágum frá þessu svo að taka megi tillit til framleiðsluskilyrða á tilteknum vínræktarhéruðum. Þar eð framleiðsla og gerð markaða á vínræktarsvæði A og í þýska hluta vínræktarsvæðis B tryggja að markmiðum aðgerðanna verði náð skal framleiðendum á þessum svæðum ekki vera skylt að eima aukaafurðir vínframleiðslu heldur afturkalla slíkar aukaafurðir undir eftirliti.
- 37) Framleiðsla á vínnum úr þrúgum af yrkjum, sem ekki eru eingöngu flokkuð sem vínþrúguyrki, skal fyrst og fremst beina að hefðbundinni notkun í geiranum fyrir brennda drykki og öðrum hefðbundnum söluleiðum. Gera skal ráðstafanir til þess að skylt verði að eima vín sem framleidd eru umfram það magn sem venjan er að fari til slíkrar notkunar.
- 38) Mikilvæg hefðubundin söluleið fyrir véneimi og aðrar afurðir, að stofni til úr véni, er til tiltekinn hluta neysluáfengisgeirans. Því skal vera fyrir hendi Bandalagsstuðningur vegna eimingar borðvíns og víns, sem hentar til framleiðslu borðvíns, til að sjá þessum markaði fyrir birgðum í formi grunnaðstoðar sem greidd er til eimingar á slíkum vínnum og viðbótaraðstoð til geymslu á eiminu sem þannig fæst.
- 39) Til að unnt sé að taka á undantekningartilvikum þar sem upp kemur röskun á markaði eða alvarleg gæðavandamál, skal vera til neyðarráðstöfun vegna eimingar. Framkvæmdastjórnin skal ákveða umfang og form aðstoðar til þess að tillit sé tekið til sérstakra aðstæðna, þ.m.t. tilvik þegar orðið hefur verið vart við markvert fall á markaðsverði tiltekins flokks vína. Ráðstafanir skulu vera valfrjálssar fyrir framleiðendur. Sé sótt um þessar ráðstafanir þrjú ár í röð vegna tiltekins flokks vína (á sérstöku svæði) skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu, og tillögur þar sem við á, til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 40) Ráðstöfun áfengis, sem verður til við eimingu, skal vera með þeim hætti sem býður upp á aukið gagnsæi og stjórnun og miðar að því að forðast röskun á hefðbundnum mörkuðum með alkóhól.
- 41) Aukning á náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál fer, að svo stöddu, ekki fram við sömu efnahagslegu skilyrði hjá öllum framleiðendum Bandalagsins vegna mismunandi vínfræðilegra vinnsluaðferða sem eru heimilaðar samkvæmt þessari reglugerð. Til að uppræta slíka mismunun skal hvetja til þess að vínafurðir séu notaðar til auðgunar og þannig auka sölumöguleika þeirra og stuðla að því að koma í veg fyrir offramleiðslu víns. Til að ná þessu skal samræma verð mismunandi afurða til auðgunar. Hægt er að ná þessu fram með kerfi aðstoðar vegna þrúgumustsþykkis og hreinsaðs þrúgumustsþykkis sem kemur frá tilteknum svæðum og er notað til auðgunar.
- 42) Til að ná stöðugra jafnvægi milli framleiðslu og neyslu er enn nauðsynlegt að auka notkun á vínafurðum. Það virðist réttlætjanlegt að grípa inn í á fyrri stigi en á framleiðslustigi borðvíns, sem hægt er að gera með því að hvetja til þess að þrúgumust verði notað í tilteknum tilgangi öðrum en til vínframleiðslu, með aðstoð til að tryggja að vínafurðir Bandalagsins fái viðhaldið sínum hefðbundnu söluleiðum. Beita skal aðgerðunum til að forðast röskun á samkeppni, að teknu tilliti til hefðbundinna framleiðsluaðferða.
- 43) Framleiðendum, sem ekki hafa uppfyllt skyldur sínar varðandi skyldubundna eimingu skal ekki heimilt að njóta góðs af neinum öðrum íhlutunaráðstöfunum.
- 44) Einnig skal vera hægt að grípa til hugsanlegra ráðstafana vegna hárs verðlags á markaði Bandalagsins.
- 45) Vegna sérstakra einkenna vínmarkaðarins má búast við að stofnun samtaka framleiðanda geti stuðlað að því að markmið sameiginlegrar skipulagningar vínmarkaðarins náist. Aðildarríkjunum er heimilt að viðurkenna slík samtök. Stofnun þeirra er valfrjálss og verða þau að sanna notagildi sitt með umfangi og skilvirkni þeirrar þjónustu sem samtök framleiðenda bjóða aðilum sínum.
- 46) Til að bæta starfsemi markaðarins fyrir gæðavin f.t.h. og borðvín með landfræðilega merkingu skulu aðildarríkin

- hafa heimild til að framkvæma ákvarðanir sem samtök innan geirans hafa tekið. Gildissvið slíkra ákvarðana skal útiloka tiltekna samstillar aðgerðir. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að slíkar ákvarðanir séu í samræmi við lög Bandalagsins. Samtök innan geirans skulu sinna tilteknum verkefnum, að teknu tilliti til hagsmuna neytenda.
- 47) Af heilbrigðisástæðum og sem liður í gæðastefnu skal mæla fyrir um leyfilega vínfræðilega vinnslu og vinnsluáðferðir á vettvangi Bandalagsins og skulu þær vera hinar einu sem heimilt er að nota við framleiðslu á vörum sem falla undir þessa reglugerð. Af sambærilegum ástæðum skulu einungis vínþrúguyrki notuð til að framleiða neysluvín.
- 48) Í ljósi þess hve framleiðsluáæstæður, einkum jarðvegur, staðhættir og loftslag, eru ólíkar frá einu vínræktarsvæði Bandalagsins til annars er mikilvægt að tekið sé tillit til slíkrar fjölbreytni að því er varðar vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu. Til einföldunar og til að auðvelda breytingar sem byggja á reynslu og tæknilegri þróun skal skilgreina tiltekin tæknileg mörk og skilyrði, sem tengjast þessum áðferðum og vinnslu, í ítarlegu framkvæmdarreglunum. Engu að síður skal mæla fyrir um gildi varðandi innihald brennisteinsdíoxíðs, sorbínsýru og kalíumsorbats í þessari reglugerð í ljósi mikilvægis þeirra fyrir heilsuna.
- 49) Fastsetja skal leyfilegar greiningaraðferðir fyrir vínafurðir.
- 50) Lýsing, heiti og framsetning vara, sem falla undir þessa reglugerð, getur haft veruleg áhrif á markaðshæfi þeirra. Því skal í þessari reglugerð mæla fyrir um reglur í þessu sambandi sem taka tillit til réttmætra hagsmuna neytenda og framleiðanda og stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og framleiðslu á gæðaafurðum. Meðal grundvallaratriða þessara reglna skal vera skyldubundin notkun á tilteknum heitum til að auðkenna vöruna og láta neytendum í té ýmsar mikilvægar upplýsingar og valkvæð notkun annarra upplýsinga á grundvelli reglna Bandalagsins eða reglna sem miða að því að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi.
- 51) Einkum skulu reglur um heiti fela í sér ákvæði sem miða að því að koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi, viðurlög á vettvangi Bandalagsins sem skal framfylgja ef um er að ræða óréttmætar merkingar, notkun á tungumálum, einkum þegar um er að ræða mismunandi stafróf og notkun á vöruheitum, sérstaklega þegar þau geta skapað rugling hjá neytendum.
- 52) Í ljósi þess munar sem er milli afurða sem falla undir þessa reglugerð og markaða þeirra og væntinga neytenda og hefðbundinna aðferða, skulu reglur vera mismunandi eftir afurðum, einkum hvað varðar freyðivín og þá samkvæmt uppruna þeirra.
- 53) Einnig skal beita reglum um merkingu innfluttra afurða, einkum til að varpa ljósi á uppruna þeirra og forðast rugling við afurðir Bandalagsins.
- 54) Rétturinn til að nota landfræðilegar merkingar og önnur hefðbundin heiti er verðmætur. Rétturinn skal því heyra undir reglurnar sem eiga að vernda þessi heiti. Til að stuðla að sanngjarnri samkeppni og til að villa ekki um fyrir neytendum getur þessi vernd þurft að ná til afurða sem ekki falla undir þessa reglugerð, þ.m.t. þær sem ekki falla undir I. viðauka sáttmálsans.
- 55) Með hagsmuni neytenda í huga og það að æskilegt er að gæðavín f.t.h. hljóti sambærilega meðferð í þriðju löndum skal sjá til þess að hægt sé að koma á gagnkvæmu samkomulagi um að vín, sem eru flutt inn til beinnar neyslu, bera landfræðilegar lýsingar og eru markaðssett í Bandalaginu, geti fallið undir þessa vernd og eftirlitsráðstafanir.
- 56) Í því skyni að taka tillit til þeirra skyldna sem einkum felast í 23. og 24. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, sem er óaðskiljanlegur hluti samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem samþykktur var með ákvörðun 94/800/EB⁽¹⁾, skal gera ráðstafanir til að hlutaðeigandi aðilar geti, við tiltekna aðstæður, komið í veg fyrir ólöglega notkun landfræðilegra heita sem eru vernduð af þriðja landi sem er aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
- 57) Þróun stefnu sem miðar að því að hvetja til gæðaframleiðslu í landbúnaði, einkum vínrækt, hlýtur að stuðla að bættum markaðsaðstæðum og þar með fleiri söluleiðum. Samþykkt frekari sameiginlega reglna um framleiðslu og stýringu á sviði gæðavína f.t.h. fellur innan ramma þessarar stefnu og getur stuðlað að því að þessi markmið náist.
- 58) Til að viðhalda lágmarksgæðastöðlum fyrir gæðavín f.t.h., komast hjá stjórmlausri þenslu í framleiðslu slíkra vína og samræma ákvæði aðildarríkjanna, í því skyni að

(¹) Stjtið. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1.

- skapa skilyrði fyrir heiðarlega samkeppni í Bandalaginu, skal samþykkja ramma Bandalagsreglna um framleiðslu og stýringu á sviði gæðavína f.t.h., sem sérákvæði, sem aðildarríkin hafa samþykkt, verða að vera í samræmi við.
- 59) Skrá þarf og skilgreina eðli og gildissvið þeirra þátta sem einkenna hvert af gæðavínum f.t.h., að teknu tilliti til hefðbundinna framleiðsluskilyrða. Engu að síður skal gera sameiginlegt átak til að samræma gæðakröfur. Þessir þættir skulu vera: afmörkun framleiðslusvæða, vínviðaryrki, ræktunaraðferðir, vínframleiðsluáðferðir, lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, framleiðsla á hektara og greining og mat á skynmats-einkennum. Setja skal sérstakar reglur um gæðalíkjörvín f.t.h. og gæðafreyðivín f.t.h. vegna sérstaks eðlis þessara afurða.
- 60) Reynslan hefur sýnt að þörf er á að setja nákvæmar reglur um færslu gæðavína f.t.h. niður í flokk borðvína og á að tilgreina í hvaða tilvikum framleiðandinn getur látið hjá líða að óska eftir að afurð, sem skráð er í uppskeru- eða framleiðsluskrá hans sem afurð sem hentar til framleiðslu gæðavíns f.t.h., verði flokkuð sem gæðavín f.t.h.
- 61) Til að varðveita sérstök gæðaeinkenni gæðavína f.t.h. skulu aðildarríkin hafa heimild að beita frekari eða strangari reglum um framleiðslu og flutning á gæðavínum f.t.h., í samræmi við sanngjarnar og hefðbundnar aðferðir.
- 62) Myndun innri Bandalagsmarkaðar fyrir vín, felur í sér að komið verði á einu óskiptu viðskiptakerfi á ytri landamærum Bandalagsins. Viðskiptakerfi, þ.m.t. innflutningsgjöld og endurgreiðslur vegna útflutnings, til viðbótar við ráðstafanir á ytri markaði, ætti að jafnaði að ná að gera markað Bandalagsins stöðugan. Viðskiptakerfið skal byggt á samkomulaginu sem var samþykkt í Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna.
- 63) Til að fylgjast með umfangi viðskipta með vín við þriðju lönd skal sjá til þess að fyrir hendi sé kerfi sem heldur utan um innflutnings- og útflutningsleyfi fyrir tiltekna afurðir, sem felur í sér að sett verði trygging til að ábyrgjast að viðskiptin, sem leyfin eru gefin út fyrir, fari fram.
- 64) Til að koma í veg fyrir eða vega upp á móti óhagstæðum áhrifum á markað Bandalagsins, sem gætu komið til vegna innflutnings á tilteknum landbúnaðarafurðum, skal innflutningur á einni eða fleiri slíkum afurðum varða greiðslu á viðbótarinnflutningsgjöldum, séu tiltekin skilyrði uppfyllt.
- 55) Rétt er, við sérstakar aðstæður, að veita framkvæmdastjórninni umboð til að koma á og útdeila innflutningskvótum á grundvelli alþjóðasamninga sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann eða aðrar gerðir ráðsins.
- 66) Möguleikinn á að veita, við útflutning til þriðju landa, endurgreiðslu sem nemur mismuninum á verði innan Bandalagsins og á heimsmarkaði, og sem fellur undir samning Alþjóðaviðskiptastofnunar um landbúnað⁽¹⁾, á að tryggja þátttöku Bandalagsins í alþjóðlegum viðskiptum með vín. Takmarka skal þessar endurgreiðslur með tilliti til magns og verðmætis.
- 67) Tryggja skal, með eftirliti með greiðslum samkvæmt reglum um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar, að mörkin um verðmæti séu virt við ákvörðun endurgreiðslna. Auðvelda má eftirlitið með því að gera fyrirframákvörðun endurgreiðslna skyldubundna en um leið skal gera ráð fyrir þeim möguleika, þegar um er að ræða mismunandi endurgreiðslur, að breyta megi tilgreindum ákvörðunarstað innan landsvæðis þar sem ein endurgreiðsluupphæð á við. Sé ákvörðunarstað breytt gildir endurgreiðslan sem á við um raunverulega ákvörðunarstaðinn en þó skal fjárhæðin ekki vera hærri en sú sem á við um fyrirfram ákveðna ákvörðunarstaðinn.
- 68) Til að tryggja að mörkin um magn séu virt er þörf á að innleiða áreiðanlegt og skilvirkt eftirlitskerfi. Í því skyni skulu endurgreiðslur vera háðar útflutningsleyfi. Endurgreiðslur skulu veittar, innan fyrirbyggjandi marka, með hliðsjón af sérstökum aðstæðum að því er varðar hverja hlutaðeigandi afurð. Aðeins skal heimila undantekningar frá þeirri reglu þegar um er að ræða aðgerðir á sviði matvælaaðstoðar, sem eru undanþegnar öllum mörkum. Eftirlit með því magni sem flutt er út með endurgreiðslum, á þeim framleiðsluárum sem um getur í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunar um landbúnað, skal fara fram á grundvelli útflutningsleyfa sem gefin eru út fyrir hvert framleiðsluár.
- 69) Til viðbótar við kerfið sem lýst er hér að framan og að því marki sem nauðsynlegt er til að það geti starfað eðlilega skal gera ráð fyrir reglusetningu um eða, þegar markaðsaðstæður krefjast þess, banni við notkun á aðvinnslu innanlands.
- 70) Tollkerfið gerir kleift að falla frá öllum öðrum verndar-ráðstöfunum á ytri landamærum Bandalagsins. Í undantekningartilvikum gæti þó innri markaðurinn og tolla-fyrirkomulagið reynst ófullnægjandi. Til að Bandalagsmarkaðurinn sé ekki, í slíkum tilvikum, varnarlaus gagnvart hverskonar röskun sem af þessu kann að stafa skal Bandalagið tafarlaust geta gert allar nauðsynlegar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir skulu vera í

(¹) Stjtið. EB L 336, 23.12.1994, bls. 22.

- samræmi við skuldbindingar sem leiðir af viðeigandi samningum Alþjóðaviðskiptastofnunar.
- 71) Afurðir sem fluttar eru inn frá þriðju löndum skulu heyrja undir reglur um tiltekna gæðalýsingar sem tryggja vissu jafnvægi við skilgreiningar Bandalagsins á vínnum. Þær skulu einnig vera í samræmi við hverjar þær reglur sem upprunandið mælir fyrir um og þeim skal fylgja rannsóknarskýrsla við vissar aðstæður.
- 72) Gefa skal út fylgiskjal fyrir allar afurðir sem falla undir þessa reglugerð og eru í dreifingu innan Bandalagsins.
- 73) Veiting tiltekinna aðstoðar myndi stofna innri markaðnum í hættu. Þau ákvæði sáttmálans sem heimila mat á aðstoð sem aðildarríkin veita og bann við þeirri aðstoð sem er ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði gilda því um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins. Ákvæðin um þóknun fyrir að leggja vinnrækt endanlega niður skulu ekki sjálfkrafa koma í veg fyrir veitingu landsbundinnar aðstoðar í sama tilgangi.
- 74) Þar eð reglurnar í vingeiranum eru óhjákvæmilega flóknar skulu yfirvöld aðildarríkjanna bera ábyrgð á að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjórnin verður sjálf, með aðstoð eigin skoðunarmanna í samstarfi við yfirvöld aðildarríkjanna, að geta fylgst með og tryggt að reglum sé fylgt.
- 75) Eftir því sem sameiginlegi markaðurinn fyrir vín þróast er brýnt að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin veiti hvert öðru þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar við beitingu þessarar reglugerðar. Framleiðendur þrúgna til vinnframléiðslu, þrúgumusts og víns skulu gera uppskeruskrá, þar eð þessar upplýsingar eru nauðsynlegar. Aðildarríkin skulu geta krafist frekari upplýsinga frá framleiðendum. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að notast við utanaðkomandi aðstoð við mat á gögnum.
- 76) Til að auðvelda framkvæmd fyrirhugaðra ráðstafana skal fastsetja aðferð til að koma á fót nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í stjórnarnefnd.
- 77) Útgjöld aðildarríkjanna vegna skuldbindinga sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, skal Bandalagið fjármagna í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1258/1999 um fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ⁽¹⁾.
- 78) Sameiginleg skipulagning vínmarkaðarins skal á sama tíma taka viðeigandi tillit til markmiðanna sem koma fram í 33. og 131. gr. sáttmálans.
- 79) Sameiginlegri skipulagningu vínmarkaðarins skal einnig beita í ljósi samninganna sem gerðir voru skv. 2. mgr. 300. gr. sáttmálans, einkum þeirra sem eru hluti af samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, nánar tiltekið um tæknilegar viðskiptahindranir ⁽²⁾.
- 80) Breytingin frá fyrirkomulaginu í reglugerð (EB) nr. 822/87 og öðrum reglugerðum í vingeiranum yfir í fyrirkomulag þessarar reglugerðar gæti leitt til erfiðleika sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð. Til að fást við þann möguleika skal sjá til þess að framkvæmdastjórnin geti gert nauðsynlegar aðlögunarráðstafanir. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa heimild til að leysa tiltekin vandamál varðandi framkvæmd.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ

1. gr.

1. Sameiginleg skipulagning vínmarkaðarins skal taka til reglna um vinnframléiðslugetu, markaðsaðferðir, samtök framleiðanda og samtök innan geirans, vinnfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu, lýsingu, heiti, framsetningu og vernd, gæðavin f.t.h. og viðskipti við þriðju lönd.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 103.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 336, 23.12.1994, bls. 86;

2. Hún gildir um eftirfarandi afurðir:

SAT-númer	Lýsing
a) 2009 60	Þrúgusafi (þ.m.t. þrúgumust)
2204 30 92	Annað þrúgumust, þó ekki það sem er í gerjun eða þar sem gerjun er stöðvuð með öðrum hætti en með viðbót alkóhóls
2204 30 94	
2204 30 96	
2204 30 98	
b) úr 2204	Vín úr ferskum þrúgum, þ.m.t. styrkt vín, þrúgumust, annað en það sem um getur í nr. 2009, að undanskildu öðru þrúgumusti í undirliðum 2204 30 92, 2204 30 94, 2204 30 96 og 2204 30 98
c) 0806 10 93	Ferskar þrúgur aðrar en vínber
0806 10 95	
0806 10 97	
2209 00 11	Vinedik
2209 00 19	
d) 2206 00 10	Piquette-vín
2307 00 11	Vindreggjar
2307 00 19	
2308 90 11	Þrúguhrat
2308 90 19	

3. Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru um afurðir í þessari reglugerð eru í I. viðauka, hugtök er varða alkóhólstyrkleika í II. viðauka og vinnræktarsvæði í III. viðauka. Heimilt er að setja ítarlegar reglur um framkvæmd þessara viðauka samkvæmt málsmeðferðinni í 75. gr.

4. Vinframleiðsluár afurða sem falla undir þessa reglugerð (hér á eftir nefnt „vínár“) skal hefjast 1. ágúst ár hvert og ljúka 31. júlí næsta ár.

II. BÁLKUR

FRAMLEIÐSLUGETA

I. KAFLI

PLÖNTUN VÍNVIÐAR

2. gr.

1. Plöntun vínviðar af vínþrúguyrkjum, sem flokkuð eru skv.1. mgr. 19. gr., skal vera bönnuð til 31. júlí 2010 nema plöntunin fari fram í samræmi við:

a) réttindi til nýplöntunar, eins og um getur í 3. gr.,

b) réttindi til endurplöntunar, eins og um getur í 4. gr. eða

c) plöntunarréttindi sem veitt eru úr réttindabanka, eins og um getur í 5. gr. eða í 1. mgr. 6. gr þegar um er að ræða beitingu 8. mgr. 5. gr.

Endurágræðsla vínþrúguyrkja á önnur yrki en vínþrúguyrki skal bönnuð fram að sama degi.

2. Þrúgur af svæðum:

a) þar sem vínviður er plantaður fyrir 1. september 1998 og

b) þar sem aðeins er hægt að ráðstafa framleiðslu, skv. 3. mgr. 6. gr. eða 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87, með eimingu,

má ekki nota til framleiðslu á víni sem á að markaðssetja. Afurðir úr slíkum þrúgum má eingöngu setja í dreifingu til eimingar. Þó má ekki nota þessar afurðir til framleiðslu á áfengi sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika 80% miðað við rúmmál eða minna.

3. Þegar aðildarríki hefur tekið saman skrá yfir vínframleiðslugetu, í samræmi við 16. gr., er því heimilt að víkja frá 2. mgr. þessarar greinar. Veita skal slíka undanþágu fyrir 31. júlí 2002 og skal hún fela í sér að veitt séu leyfi til viðkomandi svæða til framleiðslu á víni sem á að markaðssetja.

Undanþáguna skal veita:

a) ef hlutaðeigandi framleiðandi hefur áður rutt burt öðrum vínviði á jafngildu svæði í hreinrækt, nema í tilvikum þar sem hlutaðeigandi ræktandi hefur fengið þóknun fyrir að ryðja hlutaðeigandi svæði samkvæmt löggjöf Bandalagsins eða landslögum, og/eða

b) með því að heimila nýtingu endurplöntunarréttinda, sem framleiðandi hefur aflað sér, innan tímabils, sem skal ákveða eftir plöntun á viðkomandi svæði. Aðildarríkin geta einnig í þessum tilgangi notað nýstofnuð plöntunarréttindi skv. 1. mgr. 6. gr., og/eða

c) ef aðildarríki getur sannað (svo að framkvæmdastjórninni þyki fullnægjandi) að það eigi endurplöntunarréttindi, sem ekki hefur verið gerð krafa til og sem væru enn í gildi ef um þau hefði verið sótt. Heimilt er að nýta slík réttindi og endurúthluta þeim til framleiðanda fyrir jafngilt svæði í hreinrækt og/eða

d) ef hlutaðeigandi framleiðandi hafði skuldbundið sig til að ryðja jafngilt svæði í hreinrækt, innan þriggja ára, svo fremi að svæðið hafi verið fært í skrá yfir vénekrur í hlutaðeigandi aðildarríki.

4. Þegar a- eða c-lið 3. gr. er beitt skal aðildarríkið láta hlutaðeigandi framleiðendur sæta viðeigandi stjórnsýsluviðurlögum.

5. Einungis er heimilt að beita c-lið 3. mgr. að því er varðar svæði sem ekki er stærra en 1,2% af vínræktarsvæðinu.

6. Þegar b-lið 3. mgr. er beitt:

a) ef ræktandi fær réttindi frá réttindabanka má hann aðeins afla þeirra í samræmi við b-lið 3. mgr. 5. gr. og verður að greiða 150% af því verði sem aðildarríkin krefjast að jafnaði samkvæmt því ákvæði, eða

b) ef ræktandi kaupir endurplöntunarréttindi skulu þau gilda fyrir viðkomandi svæði og 50% að auki, og þessi 50% flytjast í réttindabankann eða –bankana í samræmi við 5. gr. eða bætast við hin nýstofnuðu plöntunarréttindi í 1. mgr. 6. gr. þegar 8. mgr. 5. gr. er beitt.

7. Svæði þar sem plantað hefur verið vínþrúguyrkjum, flokkuð í samræmi við 1. mgr. 19. gr.:

a) plantað eftir 1. september 1998 og þar sem aðeins er hægt að ráðstafa framleiðslu með eimingu, skv. 3. mgr. 6. gr. eða 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87, eða

b) plantað þrátt fyrir bann við plöntun í 1. mgr.

skulu rudd. Hlutaðeigandi framleiðandi skal bera kostnað af slíkri ruðningu. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessari málsgrein verði beitt.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að veita framleiðendum nýplöntunarréttindi að því er varðar svæði:

a) sem ætluð eru til nýplöntunar, í samræmi við aðgerðir sem miða að sameiningu lands eða eignarnámi í þágu almennings, sem samþykktar eru samkvæmt landslögum,

b) sem eru ætluð til tilrauna í vínrækt eða

c) sem eru ætluð undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að veita nýplöntunarréttindi að því er varðar svæði þar sem vín eða vínafurðir eru eingöngu ætlaðar til neyslu fyrir fjölskyldu vínframleiðandans.

2. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að veita nýplöntunarréttindi, eigi síðar en 31. júlí 2003, fyrir svæði ætluð til framleiðslu á gæðavíni f.t.h. eða borðvíni sem lýst er með landfræðilegri merkingu, ef viðurkennt hefur verið að framleiðsla á umræddu víni sé, sakir gæða þess, langtum minni en eftirspurn.

3. Sá framleiðandi sem fékk nýplöntunarréttindi skal nýta þau fyrir þau svæði og í þeim tilgangi sem þau voru veitt til.

4. Nýplöntunarréttindi skal nýta fyrir lok annars vínársins eftir að þau eru veitt. Öðrum nýplöntunarréttindum en þeim, sem um getur í 1. mgr., sem ekki eru notuð á þessu tímabili skal úthluta til réttindabanka í samræmi við a-lið 2. mgr. 5. gr.

5. Önnur nýplöntunarréttindi en þau, sem um getur í 1. mgr., má einungis veita framleiðendum innan þeirra magntakmarkana sem settar eru fram í 1. mgr. 6. gr. Í þessu skyni gildir eftirfarandi:

a) áður en hinum nýstofnuðu plöntunarréttindum, sem um getur í 6. gr., er úthlutað til eins eða fleiri réttindabanka, skulu aðildarríkin tryggja að veiting nýplöntunarréttinda hafi ekki í för með sér að umfang nýstofnuðu plöntunarréttindanna í 1. mgr. 6. gr. fari niður fyrir núll og

b) þegar aðildarríki hefur úthlutað hinum nýstofnuðu plöntunarréttindum, sem um getur í 6. gr., til eins eða fleiri réttindabanka skulu síðari veitingar nýplöntunarréttinda hafa í för með sér að plöntunarréttindi sem samsvara jafngildu svæði í hreinrækt, á umræddu svæði, dregst frá réttindabanka eða -bönkum. Séu ekki til nægileg plöntunarréttindi í hlutaðeigandi réttindabanka eða -bönkum er ekki heimilt að veita nýplöntunarréttindi.

4. gr.

1. Endurplöntunarréttindi skulu vera:

a) endurplöntunarréttindi veitt skv. 2. mgr. eða

b) sambærileg réttindi sem fengust samkvæmt fyrri löggjöf Bandalagsins eða landslögum.

2. Aðildarríkin skulu veita endurplöntunarréttindi þeim framleiðendum sem hafa rutt svæði þar sem vínviður vex. Aðildarríkjunum er heimilt að veita endurplöntunarréttindi þeim framleiðendum sem hafa skuldbundið sig til að ryðja svæði, þar sem vínviður vex, áður en að þrjú ár eru liðin frá plöntun þess. Endurplöntunarréttindin gilda fyrir svæði sem er jafngilt svæði í hreintækt, því svæði sem hefur verið rutt eða á að ryðja.

3. Endurplöntunarréttindi skal nýta á þeirri bújörð sem þeim var úthlutað til. Aðildarríkin geta einnig mælt fyrir um að slík endurplöntunarréttindi skuli aðeins nýtt á því svæði sem var rutt.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt að flytja endurplöntunarréttindi, í heild eða að hluta, til annarrar bújarðar í sama aðildarríki ef:

a) hluti af hlutaðeigandi bújörð færist yfir til hinnar bújarðarinnar. Í því tilviki má ekki nýta réttindin á stærra svæði á síðarnefndu bújörðinni en svæðinu sem færðist yfir til hennar, eða

b) svæði á hinnar bújörðinni eru ætluð til:

i. framleiðslu á gæðavínum f.t.h. eða borðvínnum sem er lýst með landfræðilegri merkingu, eða

ii. ræktunar í gróðrarstöðvum fyrir ágræðslukvisti.

Aðeins má nota réttindin á þeim svæðum og í þeim tilgangi sem þau voru veitt.

Aðildarríkin skulu tryggja það að beiting þessara undanþága leiði ekki til heildaraukningar á framleiðslugetu á yfirráðasvæði þeirra, einkum þegar yfirfærslur verða frá svæðum án áveitu til áveitusvæða.

5. Nýta skal endurplöntunarréttindi, sem fengin eru samkvæmt þessari reglugerð, fyrir lok fimmta vínárs frá lokum þess árs þegar ruðning fór fram. Í undantekningartilfellum mega aðildarríkin framlengja þetta tímabil upp í átta vínár. Endurplöntunarréttindum, sem ekki eru notuð á þessu tímabili, skal úthluta til réttindabanka í samræmi við a-lið 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

1. Til að bæta stýringu á framleiðslugetu, á lands- og/eða svæðisvísu, skulu aðildarríkin stofna landsbundna réttindabanka og/eða, eftir því sem við á, svæðisbundna réttindabanka fyrir plöntunarréttindi.

2. Eftirfarandi skal úthlutað til eins eða fleiri réttindabanka:

a) nýplöntunarréttindum, endurplöntunarréttindum og plöntunarréttindum sem veitt eru úr réttindabanka en ekki nýtt innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um, eftir því sem við á, í 4. mgr. 3. gr., 5. mgr. 4. gr. og 6. mgr. þessarar greinar,

b) endurplöntunarréttindum sem framleiðendur, sem ráða yfir slíkum réttindum, úthluta til réttindabanka, ef þörf krefur í staðinn fyrir greiðslu úr landsbundnum sjóðum, og skulu aðildarríkin þá ákveða fjárhæðina og öll önnur

formsatriði að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna aðilanna,

c) nýstofnuðum plöntunarréttindum, eins og um getur í 6. gr.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita réttindi sem úthlutað hefur verið til réttindabanka:

a) án greiðslu, til framleiðenda sem eru yngri en 40 ára, sem búa yfir fullnægjandi fagkunnáttu og hæfni, eru í fyrsta sinn að koma á fót vínframleiðslubújörð og eru viðurkenndir sem yfirmenn bújarðarinnar, eða

b) gegn greiðslu í landsbundna- og, ef við á, svæðisbundna sjóði, til framleiðenda sem hyggjast nota réttindin til plöntunar á vínekru sem hefur tryggðar söluleiðir. Aðildarríkin skulu skilgreina viðmiðin við að ákvarða fjárhæð greiðslunnar sem getur verið breytileg eftir fyrirhugaðri fullunninni vöru frá viðkomandi vínekru.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að staðurinn þar sem plöntunarréttindi úr réttindabanka eru notuð, yrkin sem eru notuð og ræktunartæknin tryggi að væntanleg framleiðsla sé löguð að eftirspurn á markaði og að afraksturinn sé dæmigerður fyrir meðaltalið á svæðinu þar sem slík réttindi eru notuð, einkum þar sem plöntunarréttindi til nýtingar á svæðum án áveitu eru nýtt á áveitusvæðum.

5. Heimilt er að veita plöntunarréttindi, sem úthlutað er til réttindabanka, eigi síðar en í lok fimmta vínárs eftir úthlutunarárið. Plöntunarréttindi, sem ekki hafa verið veitt fyrir þann tíma, falla niður.

6. Plöntunarréttindi skal nýta fyrir lok annars vínárs eftir að þau eru veitt. Plöntunarréttindum, sem úthlutað er úr réttindabanka en eru ekki nýtt á þessu tímabili, skal endurúthlutað til réttindabanka skv. a-lið 2. mgr.

7. Þegar aðildarríki stofnar svæðisbundna réttindabanka er því heimilt að mæla fyrir um reglur sem heimila flutning á plöntunarréttindum milli svæðisbundinna réttindabanka. Ef svæðisbundinn og landsbundinn réttindabanki fyrirfinnast í sama aðildarríki er flutningur milli slíkra banka jafnframt heimilaður.

Flutningarnir, sem um getur í þessari málsgrein, eru leyfðir með fyrirvara um skerðingarstuðul.

8. Þrátt fyrir ákvæði 1.-7. mgr. getur lögbært yfirvald aðildarríkis kosið að beita ekki réttindabankafyrirkomulaginu, að því tilskildu að aðildarríkið geti fært sönnur á það að skilvirkt fyrirkomulag um stýringu á plöntunarréttindum sé fyrir hendi á öllu yfirráðasvæði þess. Slíkt fyrirkomulag má, ef þörf krefur, víkja frá viðeigandi ákvæðum þessa kafla. Ef slíkt fyrirkomulag er í aðildarríki skal framlengja

endurplöntunarréttindi, eins og um getur í fyrsta málslið 5. mgr. 4. gr., um fimm vínár. Annar málsliður 5. mgr. 4. gr. skal haldast í gildi.

6. gr.

1. Úthluta skal nýstofnuðum plöntunarréttindum, þ.m.t. nýplöntunarréttindum sem aðildarríkin veita skv. 2. mgr. 3. gr., sem hér segir:

a) Þýskaland: 1 534 ha

Grikkland: 1 098 ha

Spánn: 17 355 ha

Frakkland: 13 565 ha

Ítalía: 12 933 ha

Lúxemborg: 18 ha

Austurríki: 737 ha

Portúgal: 3 760 ha

b) Réttindabanki Bandalagsins: 17 000 ha.

2. Aðeins er heimilt að úthluta nýstofnuðum plöntunarréttindum til réttindabanka eða nota þau í samræmi við b-lið 3. mgr. 2. gr. ef aðildarríki hefur tekið saman skrá yfir framleiðslugetu í samræmi við 16. gr.

3. Úthlutun nýstofnaðra plöntunarréttinda, sem um getur í 1. mgr., til réttindabanka eða nýting þessara réttinda samkvæmt b-lið 3. mgr. 2. gr. má aðeins fara fram einu sinni.

7. gr.

1. Í þessum kafla gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) *ruðning*: það þegar allir vínviðarrunnar eru alveg fjarlægðir af reit þar sem vínviður hefur verið plantaður,

b) *plöntun*: það þegar vínviðarplöntum eða hlutum vínviðarplantna, með ágræddum kvistum eða án, er komið endanlega fyrir með það í huga að framleiða þrúgur eða koma á fót gróðrarstöð fyrir ágræðslukvisti,

c) *plöntunarréttindi*: réttindi til að planta vínvið samkvæmt nýplöntunarréttindum, endurplöntunarréttindum,

plöntunarréttindum sem veitt eru úr réttindabanka eða nýstofnuðum plöntunarréttindum til plöntunar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3., 4., 5. og 6. gr., eftir því sem við á,

d) *endurplöntunarréttindi*: réttindi til að planta vínvið á svæði sem er jafngilt svæði í hreinrækt, því svæði þar sem vínviði hefur verið rutt burt, eða sem á að ryðja, í samræmi í skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. gr. og 8. mgr. 5. gr.,

e) *Endurágræðsla (surgreffage)*: ágræðsla á vínvið sem áður hefur verið ágræddur.

2. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur geta einkum náð yfir:

— ákvæði um eimingu afurða af vínviðnum sem um getur í 7. mgr. 2. gr.,

— ákvæði til að forðast of mikinn umsýslukostnað við beitingu ákvæða í þessum kafla,

— viðurkenninguna sem um getur í 2. mgr. 3. gr.

— samtímis ræktun vínviðar skv. 2. mgr. 4. gr.,

— beitingu skerðingarstuðulsins sem um getur í 7. mgr. 5. gr.,

— rekstur á réttindabanka Bandalagsins, sem um getur í 1. mgr. 6. gr. Einkum geta reglurnar, á tímabilinu fram til 31. desember 2003, kveðið á um úthlutun nýstofnaðra plöntunarréttinda úr réttindabanka Bandalagsins til aðildarríkjanna, til notkunar á svæðum þar sem hægt er að sýna fram á aukna þörf sem hægt væri að mæta með úthlutun nýstofnuðu plöntunarréttindanna,

— ákvæði til að tryggja að nýplöntunarréttindi, sem veitt eru í samræmi við 1. mgr. 3. gr., stríði ekki gegn banninu við nýplöntun í 1. mgr. 2. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, eigi síðar en 31. desember 2003, og á þriggja ára fresti þaðan í frá, um framkvæmd þessa kafla. Skýrslunni mega fylgja tillögur um frekari veitingu nýstofnaðra plöntunarréttinda, ef við á.

II. KAFLI

ÞÓKNUN FYRIR AÐ LEGGJA NIÐUR VÍNRAEKT

8. gr.

1. Heimilt er að greiða þóknun fyrir að leggja vinnrækt endanlega niður á tilteknu svæði.

Greiða má þóknunina, með fyrirvara um ákvæði þessa kafla, til framleiðenda á vinnræktarsvæðum í ræktun þar sem framleiddar eru vinnþrúgur. Viðkomandi svæði skal ekki vera minna en 10 ekrur.

2. Aðildarríkin geta ákveðið til hvaða svæða má greiða þóknunina. Jafnframt er þeim heimilt að setja skilyrði fyrir ákvörðuninni, þ.m.t. skilyrði sem ætlað er að tryggja jafnvægi milli framleiðslu og vistfræði á hlutaðeigandi svæðum.

3. Greiðsla þóknunar skal verða til þess að framleiðendur fyrirgeri öllum endurplöntunarréttindum að því er varðar það svæði sem þóknun er greidd fyrir.

4. Aðildarríkin skulu fastsetja upphæð þóknunar á hektara að teknu tilliti til:

a) landbúnaðarafraksturs eða framleiðslugetu bújarðarinnar,

b) framleiðsluáðferðar,

c) hlutaðeigandi svæðis í samanburði við svæði bújarðarinnar,

d) tegundar vinn sem er framleitt,

e) hvort tengd ræktun er fyrir hendi.

5. Upphæð þóknunarinnar skal ekki fara yfir þau mörk sem mælt er fyrir um.

9. gr.

Eftirfarandi svæði eiga ekki rétt á þóknun:

a) vinnræktarsvæði í ræktun þar sem sannreynt er að brotið hefur verið í bága við ákvæði Bandalagsins eða landsbundin ákvæði um plöntun á tímabili, sem nánar verður tilgreint, en má ekki vera lengra en tíu vinnár,

b) vinnræktarsvæði sem eru ekki lengur í ræktun,

- c) vínræktarsvæði sem var plantað í á tímabili, sem nánar verður tilgreint, en skal ekki vera lengra en tíu vínár,
- d) vínræktarsvæði sem hafa fengið fjármögnun til endurskipulagningar og breytinga á tímabili sem nánar verður tilgreint, en skal ekki vera lengra en tíu vínár.

10. gr.

Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Þessar reglur geta einkum náð yfir:

- a) dagsetningarnar þegar umsóknir skulu lagðar fram og ruðning eiga sér stað,
- b) skilyrði fyrir því greiðsla fari fram,
- c) hámark þóknana, sem um getur í 5. mgr. 8. gr.,
- d) umhverfissjónarmið,
- e) ákvörðun um tímabilin sem um getur í 9. gr.

III. KAFLI

ENDURSKIPULAGNING OG BREYTINGAR

11. gr.

1. Hér með er komið á fót fyrirkomulagi fyrir endurskipulagningu og breytingar á vénekrum.
2. Markmiðið með fyrirkomulaginu er að laga framleiðslu að markaðseftirspurn.
3. Fyrirkomulagið skal taka til einnar eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:
- a) að taka upp önnur yrki, þ.m.t. með endurágræðslu,
- b) að flytja vénekrur,
- c) að bæta stjórnunaraðferðir vénekra í tengslum við markmið fyrirkomulagsins.

Fyrirkomulagið skal ekki taka til hefðbundinnar endurnýjunar vénekra sem eru úr sér gengnar.

4. Einungis þau svæði aðildarríkis, sem tekin hefur verið saman skrá yfir framleiðslugetu fyrir, í samræmi við 16. gr., skulu hafa aðgang að fyrirkomulaginu

12. gr.

Aðildarríkin bera ábyrgð á endurskipulagningar- og breytingaáætlunum, þ.m.t. samþykki þeirra, eftir því sem við á. Áætlanir skulu vera í samræmi við reglurnar sem settar eru í þessum kafla og framkvæmdalöggjöf.

13. gr.

1. Einungis skal veita stuðning við endurskipulagningu og breytingar í tengslum við áætlanir sem hafa verið gerðar og, ef nauðsyn krefur, samþykktar af aðildarríkjunum. Stuðningurinn skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) bætur til framleiðenda vegna tekjutaps við framkvæmd áætlunarinnar, og

- b) þátttaka í kostnaði við endurskipulag og breytingar.

2. Bætur til framleiðenda vegna tekjutaps geta verið sem hér segir:

- a) leyfi til að rækta samtímis eldri og nýjan vínvið í ákveðinn tíma, sem skal ekki vera lengri en þrjú ár, þrátt fyrir ákvæðin í I. kafla í þessum bálki, eða

- b) fébætur sem skulu fjármagnaðar af Bandalaginu.

3. Þátttaka Bandalagsins í kostnaði vegna endurskipulagningar og breytinga skal ekki vera umfram 50% af þessum kostnaði. Á svæðum, sem falla undir markmið 1 í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1260/1999 frá 21. júní 1999 um almenn ákvæði um þróunarsjóðina⁽¹⁾, má þó framlag Bandalagsins vera allt að 75%. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að taka þátt í kostnaðinum undir neinum kringumstæðum, með fyrirvara um 4. mgr. 14. gr.

14. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert inna af hendi upphaflegar úthlutanir til aðildarríkjanna, á grundvelli hlutlægra viðmiða, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna og þarfa og þess sem til stendur að gera í ljósi markmiða kerfisins.

⁽¹⁾ Stjtið.EB L 161, 26.6.1999, bls. 1.

2. Upphaflegu úthlutanirnar skulu aðlagðar með tilliti til raunverulegs kostnaðar og á grundvelli endurskoðaðra kostnaðaráætlana, sem aðildarríkin hafa lagt fram, að teknu tilliti til markmiðs kerfisins og tiltækra sjóða.

3. Við úthlutun fjármuna til aðildarríkjanna skal taka tilhlýðilegt tillit til þess hversu hátt hlutfall af vénekrum Bandalagsins er að finna í hlutaðeigandi aðildarríki.

4. Ef aðildarríki hefur fengið fjármunum úthlutað fyrir tiltekinn fjölda hektara er því heimilt að nota þá fjármuni fyrir fleiri hektara en úthlutað var til. Aðildarríkjunum er heimilt, í þessu samhengi, að nota landsbundna sjóði til að hækka hina skertu upphæð á hektara upp í upprunaleg efri mörk úthlutunar Bandalagsins á hektara

15. gr.

Samþykjja ber ítarlegar reglur um framkvæmd þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur geta einkum náð yfir:

- a) lágmarksstærð hlutaðeigandi vénekra,
- b) ákvæði um nýtingu á endurplöntunarréttindum innan ramma framkvæmda áætlana,
- c) ákvæði sem miða að því að koma í veg fyrir aukningu á framleiðslugetu, sem leiðir af þessum kafla,
- d) hámarksupphæð stuðnings á hektara.

IV. KAFLI

UPPLÝSINGAR OG ALMENN ÁKVÆÐI

16. gr.

1. Skráin yfir framleiðslugetu skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a) svæði á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, þar sem ræktaður er vínviður sem flokkast sem yrki til framleiðslu á víni skv. 1. mgr. 19. gr.,
- b) um hvaða yrki er að ræða,
- c) heildarplöntunarréttindi í gildi,
- d) landsbundin eða svæðisbundin ákvæði samþykkt samkvæmt þessum bálki.

2. Aðildarríki geta kveðið á um að tekin sé saman skrá fyrir hvert svæði. Í því tilviki skal þó vera búið að taka saman allar svæðisbundnar skrár fyrir 31. desember 2001. Í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar kemur það, að svæði hefur ekki tekið saman skrána, ekki í veg fyrir að ákvæðum þessa bálks sé beitt á öðrum svæðum í því aðildarríki.

17. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að meta:

- a) framleiðslu á vínafurðum,
- b) notkun þessara afurða í iðnaði,
- c) þróun vínneyslu og neyslu annarra vínafurða sem hægt er að neyta án frekari vinnslu,
- d) hvern þann þátt annan þar sem þekking er nauðsynleg fyrir stjórnun markaðarins eða fyrirkomulags við aðlögun framboðs.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nýta sér utanaðkomandi aðstoð við gerð slíks mats.

3. Framkvæmdastjórnin skal fjármagna óháða rannsókn á notkun tegundablandaðra yrkja (interspecific varieties). Á grundvelli þessarar rannsóknar skal hún, eigi síðar en 31. desember 2003, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum ef við á.

18. gr.

1. Framleiðendur þrúgna til vínframleiðslu og framleiðendur musts og vins skulu ár hvert gefa upp hversu mikið magn var framleitt úr síðustu uppskeru. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að krefjast þess að þeir sem selja þrúgur til vínframleiðslu gefi árlega upp það magn, framleitt úr síðustu uppskeru, sem fór á markað.

2. Framleiðendur musts og vins og söluaðilar, aðrir en smásalar, skulu gefa upp árlega birgðir á musti og víni, hvort sem það er úr uppskeru yfirstandandi árs eða úr uppskeru fyrri ára. Must og vín, sem eru innflutt frá þriðju löndum, eru tilgreind sitt í hvoru lagi.

19. gr.

1. Aðildarríkin skulu ákvarða flokkun vínviðaryrkja til framleiðslu á víni. Öll yrki, sem heyra undir þessa flokkun, skulu tilheyra tegundinni *Vitis vinifera* eða hafa verið fengin

með kynblöndun þessarar tegundar og annarra tegunda af ættkvíslinni *Vitis*.

Eftirfarandi yrki falla ekki undir þessa flokkun:

- Noah
- Othello
- Isabelle
- Jacquez
- Clinton
- Herbemont.

2. Aðildarríkin skulu í flokkun sinni tilgreina hvaða vínviðaryrki henta til framleiðslu hvers gæðavins f.t.h. sem framleitt er á yfirráðasvæði þeirra. Þessi yrki skulu vera af tegundinni *Vitis vinifera*.

3. Aðeins er heimilt að planta, endurplanta eða stunda ágræðslu innan Bandalagsins að því er varðar þau vínviðaryrki sem heyra undir flokkunina í þeim tilgangi að framleiða vín. Þessi takmörkun gildir ekki um vínvið sem notaður er til vísindalegra rannsókna og tilrauna.

4. Ryðja skal svæði með vínviðaryrkjum, sem ætluð eru til vínframleiðslu en heyra ekki undir flokkunina, nema framleiðsla af þessum svæðum sé einungis ætluð til neyslu fyrir fjölskyldu vínframleiðandans. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með þessari undantekningu.

5. Ef yrki eru felld brott úr flokkuninni skal ruðning fara fram innan 15 ára þaðan í frá.

20. gr.

Reglurnar um skrá yfir vénekrur í Bandalaginu skulu vera þær sem settar eru fram í reglugerð (EBE) nr. 2392/86.

III. BÁLKUR

MARKAÐSAÐFERDIR

I. KAFLI

ADSTOÐ VEGNA EINKAGEYMSLU

24. gr.

1. Framleiðendum skal veitt aðstoð vegna einkageymslu á:

21. gr.

Ákvæði I. og II. kafla í þessum bálki gilda ekki í aðildarríkjum þar sem vínframleiðsla fer ekki yfir 25 000 hektólítra á vínári. Reikna skal út framleiðsluna á grundvelli meðalframleiðslu síðustu fimm vínára.

22. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að setja strangari reglur um nýplöntun eða endurplöntun vínviðar eða endurágræðslu. Þau geta krafist þess að umsóknum og upplýsingum, sem kveðið er á um í þessum bálki, skuli fylgja aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að fylgjast með þróun framleiðslugetu.

23. gr.

1. Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þær geta einkum fjallað um:

- a) framsetningu upplýsinganna, sem er krafist fyrir skrána sem um getur í 16. gr., og hversu nákvæmar þær eiga að vera,
- b) stjórnun á flokkun vínviðaryrkja sem um getur í 19. gr.,
- c) ráðstöfun afurða úr þrúgum af yrkjum sem ekki heyra undir þessa flokkun.

2. Heimilt er að samþykking ákvæði um fylgiskjal með fjölgunarefnum vínviðar til kynlausrar fjölgunar og ítarlegar reglur um beitingu þeirra, þ.m.t. er varða eftirlit, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

3. Heimilt er að breyta eða fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 2392/86 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

4. Ákveða skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., hvort aðildarríki hafa tekið saman skrána, sem um getur í 16. gr., og hvort afturkalla eigi þá ákvörðun í vissum tilvikum, t.d. ef aðildarríkjunum hefur láðst að uppfæra skána eins og nauðsynlegt er.

a) borðvíni,

b) þrúgumusti, þrúgumustsþykkni og hreinsuðu þrúgumustsþykkni.

2. Aðstoðin skal veitt með fyrirvara um að á tímabilinu 16. desember til 15. febrúar á komandi ári verði gerður langtímasamningur varðandi geymslu við íhlutunarstofnanir (intervention agencies), með skilyrðum sem nánar verða tilgreind.

3. Langtímasamningar um geymslu skulu gerðir fyrir tímabil sem lýkur:

a) í fyrsta lagi, að því er varðar borðvín, þann 1. september eftir að samningurinn er gerður og, að því er varðar þrúgumust, þrúgumustsþykkni og hreinsað þrúgumustsþykkni, þann 1. ágúst eftir að samningurinn er gerður,

b) í síðasta lagi þann 30. nóvember eftir að samningurinn er gerður.

25. gr.

1. Gerð samninga um geymslu skal háð skilyrðum, einkum tengdum gæðum hlutaðeigandi afurða.

2. Að því er varðar borðvín skulu samningar um geymslu innihalda ákvæði um að fari markaðsverð hlutaðeigandi tegundar borðvíns yfir mörk, sem skal ákveða, megi stöðva aðstoðargreiðslur og að samsvarandi skuldbindingar framleiðanda falli úr gildi að því er varðar birgðir í geymslu, í heild eða að hluta til.

3. Upphæð aðstoðar vegna einkageymslu má aðeins ná yfir tæknilegan kostnað við geymsluna og vaxtakostnað, og skal hvort tveggja vera samkvæmt stöðluðum taxta.

4. Að því er varðar þrúgumustsþykkni má aðlaga þessar upphæðir með reiknistuðli í samræmi við styrkleika þess.

26. gr.

1. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur geta einkum kveðið á um:

— ákvörðun markanna, taxtans og reiknistuðulsins, sem um getur í 25. gr.,

— að einungis megi gera langtímasamninga um geymslu á borðvíni að því er varðar tiltekin borðvín,

— að umbreyta megi þrúgumusti, sem langtímasamningur um geymslu hefur verið gerður um, í heild eða hluta, í þrúgumustsþykkni eða hreinsað þrúgumustsþykkni á samningstímanum,

— reglur um beitingu ákvæðisins um stöðvun aðstoðargreiðslna, sem um getur í 2. mgr. 25. gr.,

— að ekki megi gera langtímasamninga um geymslu á þrúgumusti og þrúgumustsþykkni, sem ætlað er til framleiðslu á þrúgusafa,

— raunverulegan gildistíma samninganna.

2. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. er heimilt að kveða á um:

— að ekki skuli beita fyrirkomulaginu um aðstoð vegna einkageymslu ef markaðsaðstæður leiða í ljós að fyrirkomulagið er ekki réttlætlegt,

— að heimilt sé að fella úr gildi hvenær sem er möguleikann á að gera frekari langtímasamninga um geymslu, ef markaðsaðstæður, og einkum fjöldi þeirra samninga sem þegar hafa verið gerðir, réttlæta það.

II. KAFLI

EIMING

27. gr.

1. Banna skal ofpressun þrúgna, kraminna eða ekki, og pressun á vindreggjum. Banna skal endurgerjun á þrúguhrati í öðrum tilgangi en til eimingar.

2. Siun vindreggja og skiljun þeirra í skilvindu skal ekki teljast til pressunar ef:

a) afurðirnar sem fást eru heilnæmar, óspilltar og söluhæfar.

b) dreggjarnar eru ekki þurrkaðar til fulls.

3. Sérhverjum einstaklingi eða lögaðila eða hópi slíkra aðila, að undanskildum þeim einstaklingum og hópum sem um getur í 7. mgr., sem hafa framleitt vín, er skylt að afhenda allar aukaafurðir þessarar vínframleiðslu til eimingar.

4. Magn alkóhóls í aukaafurðunum verður að vera a.m.k. 10% af alkóhólinnihaldi vinsins sem er framleitt, sé vinið framleitt beint úr þrúgum. Ef vinið er framleitt úr þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti eða nýju víni í gerjun má innihaldið ekki vera minna en 5% nema í tæknilega rökstuddum tilvikum. Náist viðeigandi prósentustig ekki verða þeir, sem krafan nær til, að afhenda vín úr eigin framleiðslu til að tryggja að prósentustigið náist.

Heimilt er að veita hópum framleiðenda, sem nánar verða tilgreindir, tilteknum framleiðsluvæðum og vínnum, sem falla undir eiminguna sem um getur í 28. gr., undanþágur frá ákvæðum 3. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

5. Afhendingarskylduna, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., má uppfylla með því að afhenda vín til edikframleiðanda.

6. Sérhverjum einstaklingi eða lögaðila eða hópi slíkra aðila, að undanskildum þeim einstaklingum og hópum sem um getur í 7. mgr., sem ráða yfir aukaafurðum hvers konar vinnslu á þrúgum annarrar en vínframleiðslu, er skylt að afhenda þær til eimingar.

7. Sérhverjum einstaklingi eða lögaðila eða hópi slíkra aðila, sem vinna úr þrúgum sem tíndar eru á vínræktarsvæði A eða í þýska hluta vínræktarsvæðis B eða á svæðum í Austurríki þar sem vínvíði hefur verið plantað, er skylt að innkalli aukaafurðir slíkrar vinnslu undir eftirliti og með fyrirvara um skilyrði sem nánar verða tilgreind.

8. Þeir, sem krafan í 3. mgr. eða krafan í 6. mgr. nær til, geta leyst sig undan þeirri skyldu með því að innkalla aukaafurðir vínframleiðslu undir eftirliti og með fyrirvara um skilyrði sem nánar verða tilgreind.

9. Innkaupsverð á þrúguhrati, vindreggjum og víni, sem afhent er til eimingar samkvæmt þessari grein, skal vera 0,995 evrur á rúmmálsprósentu á hektólítra.

10. Verðið, sem eimingarstöð greiðir, má ekki vera lægra en innkaupsverðið.

11. Eimingarstöð getur hvort heldur:

- a) þegið aðstoð að því er varðar afurðina sem á að eima, að því tilskildu að afurðin sem fæst með eimingu hafi a.m.k. alkóhólstyrkleikann 52% miðað við rúmmál, eða
- b) afhent íhlutunarstofnun afurðina, sem fæst með eimingu, að því tilskildu að hún hafi a.m.k. alkóhólstyrkleikann 92% miðað við rúmmál.

Hafi víninu verið umbreytt í styrkt vín fyrir eimingu, áður en það var afhent eimingarstöð, greiðist aðstoðin, sem um getur í a-lið, til framleiðanda styrkta vínsins og ekki er heimilt að afhenda íhlutunarstofnun afurð eimingarinnar.

12. Heimilt er að ákveða að í stað þess að afhenda íhlutunarstofnun alkóhól megi afhenda það rekstraraðila, sem hefur gert tilboð, innan ramma skipulagðrar sölu til ráðstöfunar á afurðum eimingar, sem samþykkt hefur verið samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr. 31. gr.

13. Ákvæði 1. til 12. mgr. gilda ekki um þrúgusafa eða þrúgusafabykkni eða þrúgumust eða þrúgumustþykki atlað til framleiðslu á þrúgusafa.

28. gr.

1. Þegar vín er framleitt úr þrúgum af yrki, sem er skráð í flokkuninni hjá sömu stjórnsýslueiningu bæði sem vínþrúguyrki og yrki til annarra nota, skal allt magn, sem er umfram hefðbundið framleiðslumagn og sem ekki er flutt út á viðkomandi vínári, eimað innan tiltekins tíma sem nánar verður tilgreindur. Ekki má flytja það annað en til eimingarstaðar nema til komi undanþága.

2. Ákvarða skal hefðbundið framleiðslumagn úr frá:

- a) því magni sem framleitt er á viðmiðunartímabili sem nánar verður tilgreint,
- b) því magni víns sem fer til hefðbundinnar notkunar.

3. Innkaupsverð á víni, sem afhent er til eimingar samkvæmt þessari grein, skal vera 1,34 evrur á rúmmálsprósentu; það má vera mismunandi á tilteknu vínári, að því tilskildu að meðaltalsverð á vínárinu sé áfram 1,34 evrur á rúmmálsprósentu.

4. Verðið, sem eimingarstöð greiðir, má ekki vera lægra en innkaupsverðið.

5. Eimingarstöð getur hvort heldur:

- a) þegið aðstoð að því er varðar afurðina sem á að eima, að því tilskildu að afurðin, sem fæst með eimingu, hafi a.m.k. alkóhólstyrkleikann 52% miðað við rúmmál, eða
- b) afhent íhlutunarstofnun afurðina, sem fæst með eimingu, að því tilskildu að hún hafi a.m.k. alkóhólstyrkleikann 92% miðað við rúmmál.

Hafi vínið verið unnið í styrkt vín fyrir eimingu, áður en það var afhent eimingarstöð, greiðist aðstoðin, sem um getur í a-lið, til framleiðanda styrkta vínsins og ekki er heimilt að afhenda íhlutunarstofnun afurð eimingarinnar.

6. Heimilt er að ákveða að í stað þess að afhenda íhlutunarstofnun alkóhól megi afhenda það rekstraraðila, sem hefur gert tilboð, innan ramma skipulagðrar sölu til ráðstöfunar á afurðum eimingar sem samþykkt hefur verið skv. málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr. 31. gr.

7. Þessi grein gildir þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr.

29. gr.

1. Bandalaginu er heimilt að veita stuðning vegna eimingar á borðvínnum og vínnum sem henta til framleiðslu borðvíns til að styrkja vinnmarkaðinn og, í kjölfarið, stuðla að áframhaldandi framboði á víneimi til þeirra hluta neysluáfengisgeirans þar sem hefð er fyrir að nota slíkt áfengi.

2. Stuðningurinn skal vera í formi grunnstuðnings og viðbótarstuðningur greiddur til eimingarstöðvar.

3. Grunnstuðninginn skal greiða á grundvelli magns af borðvíni og víni, sem hentar til framleiðslu borðvíns, sem er eimað.

4. Grunnstuðningnum skal beita á grundvelli kerfis samninga sem eimingarstöðvar og vínframleiðendur gera sín á milli. Ákvarða skal lágmarksverð sem eimingarstöðvar greiða vínframleiðendum, það má vera mismunandi á tilteknu vínári, að því tilskildu að meðaltalsverð á því vínári sé a.m.k. 2,488 evrur á rúmmálsprósentu.

5. Umfang grunnstuðnings skal endurspeglar:

a) nauðsyn þess að meðallágmarksverð, sem eimingarstöðvar greiða vínframleiðendum á tilteknu vínári, fari ekki niður fyrir mörkin sem um getur í 4. mgr.,

b) nauðsyn þess að sjá hefðbundnum söluleiðum í neysluáfengisgeiranum fyrir birgðum á samkeppnishæfu verði.

6. Viðbótarstuðningurinn skal vera í formi greiðslu sem nemur eðlilegum geymslukostnaði afurðarinnar sem fæst. Markmið hennar skal vera að auðvelda beitingu grunnstuðningskerfisins.

30. gr.

1. Heimilt er að fyrir hendi sé neyðarráðstöfun vegna eimingar í undantekningartilvikum þar sem röskun verður á markaði vegna alvarlegrar offramleiðslu og/eða gæðavandamála.

2. Markmið ráðstöfunarinnar skal vera:

a) að eyða tilteknu umframmagni,

b) að tryggja samfelldni í framboði frá einni uppskeru til annarrar.

3. Ráðstöfunin skal vera valfrjáls af hálfu framleiðenda.

4. Takmarka má ráðstöfunina við tiltekna flokka víns eða tiltekin framleiðslusvæði. Aðeins er heimilt er að beita

ráðstöfuninni þegar um er að ræða gæðavin f.t.h. að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

5. Ein af viðmiðunum fyrir innleiðingu ráðstöfunarinnar getur verið sýnileg lækkun, yfir lengri tíma, á markaðsverði tiltekins vínflokks eða vína frá tilteknum framleiðslusvæðum.

6. Grípi Bandalagið til þessarar ráðstöfunar þrjú ár í röð fyrir tiltekna vintegund (á tilteknu svæði), skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þessa viðvarandi kreppu ásamt tillögum ef við á.

31. gr.

1. Alkóhóli, sem íhlutunarstofnanir hafa tekið við, skal ráðstafa annað hvort á opinberu uppboði eða með útboðum. Þegar slíku alkóhóli er ráðstafað skulu yfirvöld forðast í fremstu lög að hafa áhrif á hefðbundnar söluleiðir fyrir alkóhól sem er háð slíkum söluleiðum. Ekki má ráðstafa alkóhólinu inn á neysluáfengismarkaðinn.

2. Þó er heimilt að ákveða að ef ekki er hægt, með beitingu 27., 28. og 29. gr., að tryggja framboð til þess hluta geirans þar sem notkun á alkóhóli úr víni er skyldubundin, sé heimilt að ráðstafa slíku alkóhóli inn í þann geira.

32. gr.

1. Innkaupsverðið sem ákveðið er fyrir hverja eimingu, að undanskildum þeim sem um getur í 27. gr., og sem gildir um vín þar sem framleiðendurnir hafa aukið alkóhólstyrkleikann með því að bæta við súkrósa eða musti og hafa notið við það aðstoðarinnar, sem um getur í 34. gr., skal lækkað innan hvers vínræktarsvæðis um svipaða fasta upphæð sem reiknast á grundvelli umfangs aðstoðarinnar, sem um getur í 34. gr., og aukningar á alkóhólstyrkleika sem mælt er fyrir um fyrir hlutaðeigandi vínræktarsvæði.

2. Fari hlutaðeigandi framleiðandi fram á það skal lækkunin aðeins gilda innan marka þess magns sem alkóhólstyrkleiki var aukinn í, eins og um getur í 1. mgr.

33. gr.

1. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur geta einkum náð yfir:

a) undanþágurnar sem um getur í þessum kafla,

b) að því er varðar 27. og 28. gr., skilyrðin fyrir eimingu, matið á áfengismagni í vinnu sem framleitt er, skilyrðin fyrir afhendingu afurða til íhlutunarstofnunar og

innkaupsverð á afurðum eimingar sem íhlutunarstofnanir geta tekið við eða viðmiðanir fyrir ákvörðun þessa verðs,

- c) lágmarkskröfur sem hrat og dreggjar verða að uppfylla,
- d) skilyrðin fyrir innköllun undir eftirliti, eins og um getur í 7. mgr. 27. gr.,
- e) hefðbundið framleiðslumagn sem getið er í 2. mgr. 28. gr.,
- f) ítarlegt fyrirkomulag á beitingu ráðstöfunarinnar, sem um getur í 30. gr., þ.m.t. hvaða afurðirnar falla undir hana og hvert afurðum eimingar er beint, einkum til að forðast röskun á markaði með alkóhól og áfenga drykki,
- g) möguleikann á aðlögun innkaupsverðsins sem um getur í 3. mgr. 28. gr.,
- h) ákvörðun lágmarksverðsins sem um getur í 4. mgr. 29. gr.

2. Upphæð aðstoðarinnar, sem um getur í 27. og 28. gr., sem gerir kleift að ráðstafa framleiddum vörum, upphæð aðstoðarinnar sem um getur í 29. gr. og reglurnar sem skilgreina við hvaða aðstæður gæti verið gripið til ráðstöfunarinnar, sem um getur í 30. gr., sem og umfang og form fjárhagsstuðnings Bandalagsins vegna þeirrar ráðstöfunar, skulu ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 75. gr.

III. KAFLI

AÐSTOÐ VEGNA SÉRSTAKRAR NOTKUNAR

34. gr.

- 1. Aðstoð er hér með komið á fót vegna notkunar á:
 - a) þrúgumustsþykkni,
 - b) hreinsuðu þrúgumustsþykkni,

framleiddu í Bandalaginu, þegar það er notað til að auka alkóhólstyrkleika vínaforða, með heimild fyrir slíkri aukningu í skilningi þessarar reglugerðar.

2. Heimilt er að einskorða veitingu aðstoðar við afurðir sem koma frá vínræktarsvæði C III ef ekki er hægt að tryggja viðskiptaferli fyrir must og vín til blöndunar (coupage wines) án þessarar ráðstöfunar.

3. Upphæð aðstoðarinnar skal ákveðin í evrum á rúmmálsprósentu mögulegs alkóhólstyrkleika og á hektólítra fyrir þrúgumustsþykkni eða hreinsað þrúgumustsþykkni, að teknu tilliti til mismunarins á kostnaði við auðgun með þessum afurðum og með súkrósa.

35. gr.

- 1. Aðstoð er hér með komið á fót vegna notkunar á:
 - a) þrúgumusti og þrúgumustsþykkni sem er framleitt í Bandalaginu til framleiðslu á þrúgusafa eða öðrum afurðum til manneldis úr slíkum þrúgusafa,
 - b) þrúgumusti og þrúgumustsþykkni sem er framleitt á svæði C III til framleiðslu á afurðum, í Breska konungsríkinu og í Írlandi, sem falla undir SAT-númer 2206 00, en þessi aðildarríki geta, í samræmi við 2. lið C-þáttar VII. viðauka, heimilað notkun á samsettu heiti fyrir slíkar afurðir sem felur í sér orðið „vín“,
 - c) þrúgumustsþykkni sem er framleitt í Bandalaginu, og sem er helsta uppistaðan í setti af vörum, sem eru markaðssettar í Breska konungsríkinu og Írlandi með skýrum leiðbeiningum fyrir neytendur um hvernig framleiða megi úr þeim drykk sem er eftirlíking af víni (heimabruggað vín).

2. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. er heimilt, ef landfræðilega takmörkunin varðandi framleiðslu á þrúgumusti og þrúgumustsþykkni, sem um getur í þeim lið, hefur í för með sér röskun á samkeppni, að ákveða að rýmka veitingu aðstoðar, þannig að hún taki einnig til þrúgumusts og þrúgumustsþykknis sem er framleitt á öðrum svæðum Bandalagsins en svæði C III.

3. Aðstoðin, sem um getur í 1. mgr., skal einskorðast við notkun á afurðum vinvíðaryrkja sem eru eingöngu flokkuð sem vínþrúguyrki eða bæði sem vínþrúguyrki og yrki til annarra nota og má veita, á sama hátt, vegna þrúgna af áður nefndum yrkjum sem eru upprunnar í Bandalaginu.

4. Fastsetja verður upphæð aðstoðarinnar þannig að kostnaður við kaup á þrúgumusti og þrúgumustsþykkni, sem er upprunnið í Bandalaginu, verði þannig að unnt sé að viðhalda hefðbundnum söluleiðum þess.

5. Af aðstoðinni, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., skal leggja til hliðar hluta, sem nánar verður tilgreindur, til skipulagningar herferða til að ýta undir neyslu þrúgusafa. Ákveða má hærri fjárhæð til skipulagningar herferða af þessu tagi en beitingu 4. mgr. gefur tilefni til.

36. gr.

Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur skulu einkum ná yfir:

- a) skilyrði fyrir veitingu aðstoðarinnar sem um getur í 1. mgr. 34. gr.,
- b) nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja eftirlit með notkun afurðanna sem um getur í 1. mgr. 35. gr.,
- c) upphæð aðstoðarinnar, sem um getur í 34. og 35. gr., sem skal fastsetja fyrir upphaf hvers vínárs,
- d) ákvörðunina sem um getur í 2. mgr. 35. gr.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

37. gr.

Framleiðendur, sem falla undir kröfurnar í 27. og 28. gr., skulu eiga rétt á að njóta góðs af íhlutunaraðgerðum samkvæmt þessum bálki, að því tilskildu að þeir hafi uppfyllt framangreindar skyldur á viðmiðunartímabili sem nánar verður tilgreint. Samþykking ber tímabilið og ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

38. gr.

1. Ef vart verður við óhóflega hátt verð á tiltekinni vintegund á markaði Bandalagsins, og búast má við því að það ástand vari áfram og trufla þannig markaðinn, er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana.

2. Heimilt er að grípa til íhlutunarráðstafana, að því marki sem nauðsynlegt er til að stöðja markaðinn fyrir borðvín, að því er varðar þær afurðir sem taldar eru upp í b-lið 2. mgr. 1. gr., aðrar en borðvín, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

IV. BÁLKUR

SAMTÖK FRAMLEIÐANDA OG SAMTÖK INNAN GEIRANS

I. KAFLI

SAMTÖK FRAMLEIÐENDA

39. gr.

1. „Samtök framleiðenda“: ef þau eru viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð, er hver sá lögaðili:

- a) sem stofnaður er að eigin frumkvæði framleiðenda afurða sem falla undir þessa reglugerð,
- b) sem hefur það að aðalmarkmiði:
 - i. að tryggja að framleiðslan sé skipulögð og löguð að eftirspurn, einkum að því er varðar gæði og magn,
 - ii. að stuðla að samsöfnun framboðs og markaðssetningu á afurðum aðila að samtökunum,

iii. að draga úr framleiðslukostnaði og gera verð framleiðenda stöðugra,

iv. að stuðla að notkun umhverfisvænna ræktunaraðferða, framleiðslutækni og aðferða við meðhöndlun úrgangs, einkum til að vernda gæði vatns, jarðvegs og landslags og varðveita og/eða hvetja til líffræðilegrar fjölbreytni.

2. Þess skal krafist að samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð, skuli geta látið aðila að samtökunum sæta viðeigandi viðurlögum uppfylli hann ekki skyldur samkvæmt reglum samtakanna

3. Aðildarríkjunum er heimilt að viðurkenna sem samtök framleiðenda, að því er varðar þessa reglugerð, alla hópa framleiðenda sem sækja um slíka viðurkenningu, með því skilyrði:

- a) að þeir uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., og færi sönnur á tilskilin atriði, þ.m.t. að í þeim sé lágmarksfjöldi félaga og að þau standi fyrir lágmarksmagn af markaðshæfri framleiðslu,

- b) að nægar sannanir séu um að þeir geti rekið starfsemi sína svo vel sé, bæði til lengri tíma og hvað varðar skilvirkni,
- c) að þeir geri aðilum samtaka sinna kleift, á skilvirknan hátt, að fá tæknilega aðstoð við umhverfisvænar ræktunaraðferðir.

40. gr.

1. Aðildarríkin skulu:

- a) ákveða hvort þau viðurkenna samtök framleiðenda innan þriggja mánaða frá því að umögn er lögð fram ásamt öllum fylgiskjölum,
- b) láta fara fram eftirlit með reglulegu millibili til að ganga úr skugga um að samtök framleiðenda uppfylli skilmála og skilyrði fyrir viðurkenningunni, setja viðurlög, ef svo er ekki, sem gilda um slík samtök og ákveða hvort ástæða er til að afturkalla viðurkenninguna,
- c) tilkynna framkvæmdastjórninni, innan tveggja mánaða, um allar ákvarðanir um að veita eða afturkalla viðurkenningar.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess með eftirliti að farið sé að 39. gr. og b-lið 1. mgr. þessarar reglugerðar og, með hliðsjón af slíku eftirliti, fara þess á leit við aðildarríkin að þau afturkalli viðurkenningu, ef við á.

II. KAFLI

SAMTÖK INNAN GEIRANS

41. gr.

1. Til að bæta starfsemi markaðarins fyrir gæðavin f.t.h. og borðvín með landfræðilega merkingu geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, einkum við framkvæmd ákvarðana sem samtök innan geirans hafa tekið, mælt fyrir um reglur um markaðssetningu til að stýra framboði við fyrstu markaðssetningu, að því tilskildu að slíkar reglur gangi út á að afurðirnar færist til réttindabanka og/eða sé ráðstafað jafnt og þétt úr réttindabanka og útiloki allar aðrar samstilltar aðgerðir á borð við:

- verðsamráð, jafnvel leiðbeinandi verð eða tilmæli um verð,
- það að gera óþarflega stórt hlutfall vínargangsins, sem að jafnaði væri tiltækt, óaðgengilegt og almennt allar óeðlilegar takmarkanir á framboði,

— að neita að gefa út þau landsbundnu vottorð og/eða Bandalagsvottorð sem eru nauðsynleg til dreifingar og markaðssetningar á vínaferðum, þegar viðkomandi markaðssetning er í samræmi við áðurgreindar reglur.

2. Reglunum, sem um getur í 1. mgr., skal komið á framfæri við rekstraraðila, í heild sinni, með opinberri birtingu í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Þau aðildarríki, sem hafa nýtt möguleika samkvæmt 1. mgr., skulu ár hvert leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um ákvarðanir sem þau hafa tekið þar að lútandi á undanfögnu ári. Framkvæmdastjórnin skal kanna hvort þær eru í samræmi við lög Bandalagsins, einkum hvað varðar reglur um frjálstan flutning (28.–31. gr. sáttmálans), samkeppni (81.–86. gr. sáttmálans) og meginregluna um bann við mismunun (3. mgr. 34. gr. sáttmálans).

4. Þau samtök, sem um getur í 1. mgr., skulu gera ýmsar af eftirfarandi ráðstöfunum á einu eða fleirum svæðum Bandalagsins, að teknu tilliti til hagsmuna neytenda:

- i. bæta þekkingu á og gagnsæi framleiðslu og markaðar,
- ii. stuðla að betri samræmingu við að setja afurðir á markað, einkum með rannsóknum og markaðs-könnunum,
- iii. útbúa stöðluð samningseyðublöð í samræmi við reglur Bandalagsins,
- iv. nýta framleiðslugetuna betur,
- v. afla upplýsinga og láta fara fram nauðsynlegar rannsóknir til að aðlaga framleiðsluna þannig að afurðir falli betur að kröfum markaðarins og smekk og væntingum neytenda, einkum að því er varðar vörugæði og umhverfisvernd,
- vi. leita leiða til að takmarka notkun á plöntuvarnarefnum og öðrum efnum og tryggja vörugæði og verndun jarðvegs og vatns,
- vii. þróa aðferðir og verkfæri til að bæta vörugæði á öllum stigum framleiðslu, vínframleiðslu og markaðs-setningar,
- viii. nýta betur möguleika lífræns landbúnaðar og vernda hann, sem og upprunaheiti gæðamerkingar og landfræðilegar merkingar,
- ix. efla einkum samþætta framleiðslu eða aðrar umhverfisvænar framleiðsluaðferðir.

V. BÁLKUR

VÍNFRÆDILEGAR VINNSLUADFERÐIR OG VINNSLA, LÝSING, HEITI, FRAMSETNING OG VERND

I. KAFLI

VÍNFRÆDILEGAR VINNSLUADFERÐIR OG VINNSLA

42. gr.

1. Komið er á fót leyfilegum vínfræðilegum vinnsluadferðum og vinnslu í Bandalaginu, fyrir framleiðslu á afurðum sem falla undir þessa reglugerð, öðrum en þrúgusafa og þrúgusafabykkni og þrúgumusti og þrúgumustsþykkni ætluðu til framleiðslu á þrúgusafa.

2. Aðeins er heimilt að nota leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnslu í þeim tilgangi að tryggja rétta vínframleiðslu, rétta varðveislu eða rétta þroskun afurðarinnar.

3. Leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnsla skulu útiloka viðbót vatns, nema það sé nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum, einnig viðbót alkóhóls, nema í ferskt þrúgumust, þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls, líkjörvins, freyðivins, vins sem styrkt er fyrir eimingu og, í samræmi við skilyrði sem nánar verða tilgreind, hálfreyðandi vins.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnslu, að setja strangari skilyrði til að tryggja varðveislu mikilvægra einkenna gæðavína f.t.h., borðvína, sem er lýst með landfræðilegum merkingum og eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, freyðivína og líkjörvína. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi skilyrði, sem skal gera hinum aðildarríkjunum grein fyrir þeim.

5. Nema annað sé ákveðið skal aðeins vera heimilt að nota þrúgur af yrkjum sem eru skráð í flokkunina, sem komið er á í samræmi við 19. gr., sem vínþrúguyrki, eða afurðir þeirra til framleiðslu í Bandalaginu á:

- a) þrúgumusti þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls,
- b) þrúgumustsþykkni,
- c) hreinsuðu þrúgumustsþykkni,
- d) víni sem hentar til framleiðslu borðvins,

e) borðvíni,

f) gæðavínum f.t.h.,

g) líkjörvíni,

h) þrúgumusti í gerjun, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum,

i) víni úr ofþroskuðum þrúgum.

6. Ekki má framleiða borðvín með blöndun (coupage) vins, sem hentar til framleiðslu hvíts borðvins, eða hvíts borðvins við vin sem hentar til framleiðslu rauðs borðvins, eða við rautt borðvín. Þetta ákvæði skal þó ekki koma í veg fyrir slíka blöndun, eins og um getur í fyrstu undirgrein, í tilteknum tilvikum sem nánar verða tilgreind, að því tilskildu að varan sem fæst hafi sömu einkenni og rautt borðvín.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal leyfa slíka blöndun til 31. júlí 2005, á svæðum þar sem hefð var fyrir henni, í samræmi við itarlegar reglur sem skal mæla fyrir um.

43. gr.

1. Leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnsla eru sett fram í IV. og V. viðauka.

2. Einkum og sér í lagi:

— leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnsla varðandi auðgun, sýringu, afsýringu og sætun og reglur um innihald brennisteinsdíoxíðs og hámarksinnihald rokgjarnrar sýru eru settar fram í A- til G-þætti V. viðauka,

— leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnsla og reglur um framleiðslu á freyðivíni og gæðafreyðivíni eru settar fram í H- og I-þætti V. viðauka,

— leyfilegar vínfræðilegar vinnsluadferðir og vinnsla og reglur um framleiðslu á líkjörvíni eru settar fram í J-þætti V. viðauka.

44. gr.

1. Af þeim afurðum sem falla undir SAT-númerin 2204 10, 2204 21 og 2204 29 er aðeins heimilt að bjóða eða afhenda til beinnar neyslu í Bandalaginu líkjörvín, freyðivín, loftblönduð freyðivín, hálfreyðandi vín, loftblönduð hálfreyðandi vín,

gæðavín f.t.h., borðvín og eftir því sem við á, þrátt fyrir 45. gr., löglega innflutt vín.

2. Að undanskildu víni á flöskum, sem sannað er að hafi verið átappað fyrir 1. september 1971, má eingöngu nota vín, önnur en gæðavín f.t.h., sem fengin eru úr þrúgum af vínviðaryrkjunum sem um getur í 5. mgr. 42. gr. en eru ekki í samræmi við skilgreiningarnar í 12.–18. lið í I. viðauka, til einkaneyslu fyrir fjölskyldu vínframleiðandans, til framleiðslu á vinediki eða til eimingar.

3. Heimilt er að ákveða að á árum þegar veðurskilyrði hafa verið óhagstæð megi nota afurðir frá vínræktarsvæðum A og B, sem ekki innihalda þann lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál sem mælt er fyrir um fyrir umrætt vínræktarsvæði, til framleiðslu í Bandalaginu á freyðivíni og loftblönduðu freyðivíni, að því tilskildu að raunverulegur alkóhólstyrkleiki slíkra vína sé ekki minni en 8,5% miðað við rúmmál, eða til framleiðslu á loftblönduðu hálfreyðandi víni. Í slíkum tilfellum skulu þau auðguð innan þeirra marka sem um getur í 5. lið D-þáttar V. viðauka.

4. Ferskt þrúgumust, þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls, má einungis nota til framleiðslu á afurðum sem ekki falla undir SAT-númer 2204 10, 2204 21 og 2204 29, sbr. þó strangari ákvæði sem aðildarríki beita að því er varðar framleiðslu á slíkum afurðum á yfirráðasvæðum sínum.

5. Óheimilt er að umbreyta þrúgusafa og þrúgusafaþykknri, sem upprunnin eru í Bandalaginu, í vín eða bæta þeim í vín. Eftirlit skal haft með notkun þessara afurða. Alkóhólgerjun á þessum afurðum er óheimil á yfirráðasvæði Bandalagsins.

6. Ákvæði 4. og 5. mgr. gilda ekki um afurðir, sem í Breska konungsríkinu og Írlandi eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum sem falla undir SAT-númer 2206 00, en aðildarríkin geta, samkvæmt 2. lið C-þáttar VII. viðauka, heimilað notkun á samsettu heiti fyrir slíkar afurðir sem inniheldur orðið „vín“.

7. Vín, sem hentar til framleiðslu borðvíns en nær ekki lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál fyrir borðvín, má ekki setja í dreifingu nema til framleiðslu á freyðivíni, edikframleiðslu, eimingar eða annarra iðnaðarnota. Auðgun á slíku víni og blöndun þess við borðvín, til að auka raunverulegan alkóhólstyrkleika þess miðað við rúmmál upp að því marki sem mælt er fyrir um fyrir borðvín, má aðeins fara fram á athafnasvæði vínframleiðandans eða fyrir hans hönd.

8. Að undanskildu alkóhóli, brenndu víni og piquette-víni er ekki heimilt að framleiða vín eða aðra drykki, ætlaða til beinnar neyslu, úr vándreggjum eða þrúguhrati.

9. Piguette-vín má, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki heimili framleiðslu þess, einungis nota til eimingar eða til neyslu fyrir fjölskyldu vínræktandans.

10. Vín, sem er styrkt fyrir eimingu, má einungis nota til eimingar.

11. Þrúgumust í gerjun, fengið úr létþurrkuðum þrúgum, má einungis setja á markað til framleiðslu á líkjörvínnum, og þá aðeins á þeim vínræktarsvæðum þar sem hefð var fyrir þessari notkun hinn 1. janúar 1985, og á víni úr ofproskuðum þrúgum.

12. Ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, þrúgumustsþykknri, hreinsuðu þrúgumustsþykknri, þrúgumusti þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls, þrúgusafa og hreinsuðum þrúgusafa, upprunnum í þriðju löndum, má ekki umbreyta í vín eða bæta í vín á yfirráðasvæði Bandalagsins.

13. Alkóhólgerjun afurðanna, sem um getur í 12. mgr., er bönnuð á yfirráðasvæði Bandalagsins. Þetta ákvæði gildir ekki um afurðir, sem í Breska konungsríkinu og Írlandi eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum sem falla undir SAT-númer 2206 00, en aðildarríkin geta, skv. 2. lið C-þáttar VII. viðauka, heimilað notkun samsetts heitis á slíkar afurðir sem inniheldur orðið „vín“.

14. Banna skal blöndun víns, sem er upprunið í þriðja landi, við Bandalagsvín sem og blöndun vína, sem eru upprunnin í þriðju löndum, á landfræðilegu yfirráðasvæði Bandalagsins.

15. Ráðið getur gert undantekningar frá 12. mgr., fyrsta málslið 13. mgr. og 14. mgr., í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins.

45. gr.

1. Eftirfarandi afurðir má ekki bjóða eða ráðstafa til beinnar neyslu, nema með undanþágu:

a) afurðir sem falla undir SAT-númerin 2204 30 10, 2204 21, 2204 29 og 2204 10, hvort sem þær eru innfluttar eða ekki, og sem vínfræðilegum vinnsluáðferðum, sem eru óheimilar skv. reglum Bandalagsins, hefur verið beitt á, eða, þar sem þær eru heimilar, skv. landsreglum,

b) afurðir, sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 1. gr., sem eru ekki heilnæmar eða söluhæfar,

c) afurðir, sem um getur í 2. mgr. 1.gr., sem eru ekki í samræmi við skilgreiningarnar í I. viðauka.

2. Samþykkja skal undanþágurnar, sem um getur í 1. mgr. vegna innfluttra afurða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 133. gr. sáttmálans.

46. gr.

1. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla og IV. og V. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur skulu einkum varða:

a) að því er varðar A-þátt V. viðauka, bráðbirgðaráðstafanir vegna vína sem eru framleidd fyrir 1. september 1986 og breytingar á upptalningunum á vínnum í 2. mgr.,

b) að því er varðar IV. og V. viðauka, mörk og tiltekin skilyrði fyrir beitingu þeirra vínfræðilegu vinnsluaðferða og vinnslu, sem um getur í þessum viðaukum, að undanskildum þeim mörkum og skilyrðum sem eru fastsett í þessum viðaukum,

c) ákvarðanir, undantekningar, undanþágur, skilyrði og skrár sem um getur í þessum kafla og í V. viðauka,

d) beitingu C- til G-þátta V. viðauka á afurðir úr uppskeru af svæðum Bandalagsins sem ekki teljast til vínræktar-svæðanna sem eru tilgreind í III. viðauka,

e) að því er varðar J-þátt V. viðauka, upptalningarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. og 6. mgr., undanþágurnar sem um getur í b-lið 4. mgr. og málsmeðferðina um tilkynningu og skráningu sem um getur í 6. mgr.

2. Samþykkja skal eftirfarandi reglur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.:

a) reglur um samanburð á tilteknum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og vinnslu sem er beitt í þriðju löndum og þeim sem um getur í 1. mgr. 43. gr. og IV. viðauka,

b) ákvæði um blöndun (blending and coupage) á musti og víni,

c) forskriftir fyrir hreinleika og auðkenni efna sem notuð eru í tengslum við vínfræðilegar vinnsluaðferðir,

d) stjórnáreglur fyrir framkvæmd leyfilegra vínfræðilegra vinnsluaðferða og vinnslu; í reglunum geta kveðið ákvæði um að tilteknum vínfræðilegum

vinnsluaðferðum megi aðeins beita undir eftirliti aðila, sem aðildarríkið viðurkennir, sem býr yfir fullnægjandi þekkingu til að tryggja gæði, hreinlæti við framleiðslu og heilnæmi afurðarinnar,

e) skilyrði fyrir geymslu og dreifingu, notkun afurða, eins og um getur í 45. gr., eða skráa yfir afurðir sem eru undanþegnar kröfum þeirrar greinar, ákvörðun viðmiða í þeim tilgangi að forðast að of miklum strangleika sé beitt í einstaka tilfellum, skilyrðin fyrir því að aðildarríkin geti heimilað geymslu, dreifingu og notkun afurða sem samræmast hvorki ákvæðum þessarar reglugerðar, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr. 45. gr., né ákvæðum sem eru samþykkt í samræmi við þessa reglugerð,

f) almennar reglur um beitingu vínfræðilegra vinnsluaðferða og vinnslu í tilraunaskyni, sem annars er bönnuð.

3. Samþykkja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 75. gr., greiningaraðferðir til að ákvarða samsetningu afurða, sem falla undir þessa reglugerð. og reglur sem gera kleift að ákvarða hvort vinnslu, sem samræmist ekki leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum, hefur verið beitt á þessar afurðir.

Með sömu málsmeðferð skal einnig samþykkja, ef þörf krefur, hámarksgildi efna, sem gefa til kynna að tiltekin vínfræðileg vinnsluaðferð hafi verið notuð, og samanburðargreiningar-töflur.

Þar sem ekkert er kveðið á um Bandalagsgreiningaraðferðir eða reglurnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, um greiningu og magnmælingu efna, sem leitað er að í umræddri afurð, skal nota eftirfarandi greiningaraðferðir:

a) greiningaraðferðir sem eru viðurkenndar af aðalfundi Alþjóðavínskrifstofunnar (IWO) og birtar á vegum hennar, eða

b) ef viðeigandi greiningaraðferð finnst ekki meðal þeirra sem um getur í a-lið, greiningaraðferð sem er í samræmi við staðlana sem Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) mæla með, eða

c) ef hvorki aðferð sem um getur í a-lið né í b-lið er fyrir hendi, og þá vegna nákvæmni sinnar, endurtekningar-nákvæmni og samanburðarnákvæmni:

i. greiningaraðferð sem er heimiluð af hlutaðeigandi aðildarríki, eða

ii. ef þörf krefur, hvers kyns önnur viðeigandi greiningaraðferð.

Telja skal sjálfvirkar greiningaraðferðir, sem eru notaðar í stað greiningaraðferðar Bandalagsins, jafngildar greiningaraðferðum Bandalagsins, sem um getur í fyrstu undirgrein, að því tilskildu að viðurkennt sé, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., að niðurstöðurnar sem fást séu, að því er varðar nákvæmni, endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni, a.m.k. jafngildar niðurstöðunum sem fást með samsvarandi Bandalagsaðferð.

II. KAFLI

LÝSING, HEITI, FRAMSETNING OG VERND TILTEKINNA AFURÐA

47. gr.

1. Reglur um lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna afurða, sem falla undir þessa reglugerð, og vernd tiltekinna upplýsinga og heita eru sett fram í þessum kafla og í VII. og VIII. viðauka. Reglurnar skulu einkum miðast við eftirfarandi markmið:

- a) verndun lögmætra hagsmuna neytenda,
- b) verndun lögmætra hagsmuna framleiðenda,
- c) snurðulausri starfsemi innri markaðarins,
- d) hvatningu til framleiðslu gæðaaufurða.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu einkum taka til ákvæða sem:

- a) gera notkun tiltekinna heita lögboðna,
- b) heimila notkun tiltekinna heita, að uppfylltum skilyrðum,
- c) heimila notkun annarra heita, þ.m.t. upplýsingar sem geta gagnast neytendum,
- d) varða verndun og fyrirkomulag eftirlits með tilteknum heitum,
- e) varða notkun á landfræðilegum merkingum og hefðbundnum heitum,
- f) varða merkingar afurða sem eru innfluttar eða, þegar slíkt er heimilað samkvæmt þessari reglugerð, gerðar úr slíkum afurðum, til að tryggja að neytendur séu meðvitaðir um

eðli hlutaðeigandi afurðar og að hin síðarnefnda sé ekki merkt sem afurð Bandalagsins eða afurð aðildarríkis.

3. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., gilda um lýsingu á afurðunum:

- a) á merkimiðum,
- b) í skrá og í fylgiskjölum og öðrum skjölum sem tilskilin eru í löggjöf Bandalagsins, hér á eftir kölluð „opinber skjöl“, öðrum en tollskjölum,
- c) í viðskiptaskjölum, einkum vöruheikningum og afhendingarseðlum,
- d) í auglýsingaefni, svo fremi að sérstaklega sé kveðið á um slíkt í þessari reglugerð.

4. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., gilda um framsetningu afurðanna að því er varðar:

- a) ílát, þar á meðal lokunarbúnað,
- b) merkingar,
- c) umbúðir.

5. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., gilda um vörur sem eru geymdar, með sölu í huga, og markaðssettar vörur.

48. gr.

Lýsing og framsetning á afurðunum, sem um getur í þessari reglugerð, og hvers konar auglýsing á slíkum afurðum má ekki innihalda rangar upplýsingar eða upplýsingar sem eru líklegar til að valda ruglingi eða villa um fyrir þeim aðilum sem þeim er beint að, einkum að því er varðar:

— upplýsingarnar sem kveðið er á um í 47. gr. Þetta gildir jafnvel þótt upplýsingarnar séu þýddar eða notaðar með vísun til raunverulegs upprunastaðar eða með viðbótum á borð við „tegund“, „gerð“, „líki“, „eftirlíking“, „merki“ eða þess háttar,

— einkenni varanna, einkum eðli þeirra, samsetningu, alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, lit, uppruna eða upprunastað, gæði, vínviðaryrki, vínargang eða nafnrúmmál íláta,

— auðkenni og stöðu einstaklings eða lögaðila eða hóps slíkra aðila sem hafa tekið eða taka þátt í framleiðslu eða dreifingu á umræddri afurð, einkum átappari.

49. gr.

1. Ekki er heimilt að geyma, með sölu í huga, eða setja á markað í Bandalaginu eða flytja út afurðir, ef lýsing þeirra eða framsetning er ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eða framkvæmdarreglur hennar.

Ef um er að ræða vörur, sem ætlaðar eru til útflutnings:

- geta aðildarríkin þó heimilað undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar ef þess er krafist samkvæmt löggjöf þess þriðja lands sem er innflutningsland,
- má þó, í tilvikum sem falla ekki undir fyrsta undirlið, kveða á um undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar í framkvæmdaákvæðum hennar.

2. Aðildarríki þar sem vara, sem er ekki í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. mgr. að því er varðar lýsingu eða framsetningu, fyrirfinnst skal gera viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja viðurlögum vegna brota, í samræmi við það hversu alvarleg þau eru.

Aðildarríkið getur þó heimilað að afurðin sé geymd, með sölu í huga, sett á markað í Bandalaginu eða flutt út, ef lýsingu hennar og framsetningu er breytt í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. mgr.

50. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með þeim skilmálum sem settir eru fram í 23. og 24. gr. samningsins um hugverkarétt í viðskiptum, að gera hagsmunaaðilum kleift að koma í veg fyrir notkun í Bandalaginu á landfræðilegri merkingu á afurðunum, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., séu afurðir ekki upprunnar á þeim stað sem viðkomandi landfræðileg merking gefur til kynna, jafnvel þótt raunverulegur uppruni vörunnar sé tilgreindur eða landfræðilega merkingin notuð í þýðingu eða henni látið fylgja orðalag á borð við „tegund“, „gerð“, „líki“, „eftirlíking“, eða þess háttar.

2. Að því er varðar þessa grein eru „landfræðilegar merkingar“ merkingar sem sýna að vara er upprunnin á yfirráðasvæði þriðja lands, sem á aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, eða á héraði eða stað innan þess yfirráðasvæðis, ef rekja má tiltekin gæði, orðspor eða önnur tiltekin einkenni afurðarinnar í meginatriðum til þessa landfræðilega uppruna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þrátt fyrir önnur tiltekin ákvæði í löggjöf Bandalagsins sem mæla fyrir um reglur um heiti og framsetningu afurða sem falla undir þessa reglugerð.

51. gr.

1. Við beitingu þessa bálks merkir „landfræðileg eining sem er minni en aðildarríki“ heiti:

- lítils staðar eða einingar sem nær yfir nokkra slíka staði,
- staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess,
- undirhéraðs vinnræktarsvæðis eða hluta þess,
- annars héraðs en tilgreinds héraðs.

2. Leyfa skal notkun landfræðilegra merkinga til að merkja borðvín sem fäst með blöndun vína úr þrúgum, sem eru tindar á mismunandi vinnræktarsvæðum, ef a.m.k. 85% borðvinsins, sem fæst með blönduninni, er upprunnið á því vinnræktarsvæði sem það dregur nafn sitt af.

Þó skal aðeins leyfa notkun landfræðilegra merkinga sem tengist vinnræktarsvæði, sem er innan vinnræktarsvæðis A eða vinnræktarsvæðis B, við lýsingu á hvítu borðvíni ef afurðirnar, sem blandað er saman, eru frá umræddum vinnræktarsvæðum eða ef umrætt vín er blanda borðvína frá vinnræktarsvæði A og vinnræktarsvæði B.

3. Aðildarríki geta sett sem skilyrði fyrir notkun landfræðilegrar merkingar á borðvíni að vínið hafi verið að öllu leyti framleitt úr þrúgum af tilteknum, skýrt tilgreindum vinnviðaryrkjum og komi eingöngu frá því nákvæmlega afmarkaða yfirráðasvæði sem það dregur nafn sitt af.

52. gr.

1. Noti aðildarríki heiti tiltekens héraðs til að merkja gæðavín f.t.h. eða, eftir því sem við á, vín sem ætlað er til framleiðslu á slíku gæðavíni f.t.h., má ekki nota heitið á vínaafurðir sem ekki eru framleiddar í því héraði og/eða afurðir sem ekki eru merktar heitinu í samræmi við ákvæði viðkomandi Bandalagsreglna og landsreglna. Þetta gildir einnig hafi aðildarríki notað heiti staðbundinnar stjórnsýslueiningar eða hluta hennar eða lítils staðar eingöngu til að merkja gæðavín f.t.h. eða, þar sem við á, vín ætlað til framleiðslu á slíku gæðavíni f.t.h.

Með fyrirvara um ákvæði Bandalagsins um tilteknar tegundir gæðavína f.t.h. er aðildarríkjum heimilt, þegar um er að

ræða sérstök framleiðsluskilyrði sem þau skulu ákveða, að leyfa að heiti tilgreinds héraðs skuli fylgja upplýsingar um framleiðsluaðferð eða tegund eða heiti vínviðaryrkis eða samheitis þess.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur ráðið, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveðið, til 31. ágúst 2001, að tiltekin landfræðileg heiti, sem hefð er fyrir að nota til að merkja borðvín og hafa unnið sér sess sem heiti tiltekinna héraða, megi einnig nota áfram til að merkja borðvín, að hámarki í þrjú vínár.

2. Eftirfarandi heiti og hugtök:

— heiti vínviðaryrkis,

— hefðbundið sérheiti, sem um getur í öðrum undirlið fjórða undirliðar í c-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka, eða í öðrum undirlið í c-lið 2. liðar D-þáttar VIII. viðauka, eða

— frekara hefðbundið heiti, sem um getur í fimmta undirlið b-liðar 1. mgr. í B-þætti VII. viðauka, að því tilskildu að aðildarríki mæli fyrir um það til lýsingar á víni samkvæmt ákvæðum Bandalagsins,

má ekki nota við lýsingu, framsetningu og auglýsingar annarra drykkja en víns eða þrúgumusts nema engin hættu sé á ruglingi varðandi eðli, uppruna, eða upptök og samsetningu slíks drykkjar.

3. Notkun heitis eða hugtaks, eins og um getur í 2-lið, eða orðanna „Hock“, „Claret“, „Liebfrauenmilch“ og „Liebfraumilch“, jafnvel þótt með þeim standi orð á borð við „gerð“, „tegund“, „líki“, „eftirlíking“ eða önnur ámóta orð, er óheimil þegar um er að ræða lýsingu og framsetningu á:

— vöru sem fellur undir SAT-númerið 2206, nema umrædd vara komi í raun frá viðkomandi stað,

— vöru sem er markaðssett með skýrum leiðbeiningum fyrir neytendur um hvernig framleiða megi úr henni drykk sem er eftirlíking af víni (heimabruggað vín); þó má nota heiti vínviðaryrkisins ef umrædd vara er í raun fengin af slíku yrki nema hætt sé við að heitinu verði ruglað saman við heiti tilgreinds héraðs eða landfræðilegrar einingar, sem notað er til að lýsa gæðavíni f.t.h.

4. Heiti:

— tilgreinds héraðs,

— landfræðilegrar einingar, sem er minni en tilgreint hérað, að því tilskildu að aðildarríki hafi mælt fyrir um heitið til merkingar á víni með skírskotun til ákvæða Bandalagsins,

má einungis nota við lýsingu, framsetningu eða auglýsingar annarra drykkja en víns og þrúgumusts, með þeim skilyrðum:

a) að því er varðar afurðir sem falla undir SAT-númerin 2009, 2202, 2205, 2206, 2207, 2208 og 2209 og, að því er varðar afurðir framleiddar úr hráefnum til vínframleiðslu, að heitin og hugtökin hér að framan séu viðurkennd í því aðildarríki sem afurðin er upprunnin í og að viðurkenningin sé í samræmi við lög Bandalagsins,

b) að því er varðar drykki aðra en þá sem um getur í a-lið, að engin hættu sé á ruglingi varðandi eðli, uppruna, upptök eða samsetningu slíks drykkjar.

Jafnvel þó að viðurkenningin, sem um getur í a-lið, hafi ekki átt sér stað er áfram heimilt að nota þessi heiti til 31. desember 2000, að því tilskildu að ákvæði b-liðar sé uppfyllt.

53. gr.

1. Samþykking ber ítarlegu reglurnar um beitingu þessa kafla og VII. og VIII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Reglurnar varða einkum undanþágur, skilyrði og heimildir sem kveðið er á um í þeim viðaukum.

2. Samþykking skal eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.:

a) upplýsingar, tákn og önnur merki sem um getur í inngangshluta VII. viðauka eða 2. lið A-þáttar VIII. viðauka,

b) skrá yfir hefðbundin sérheiti, sem um getur í fjórða undirlið í öðrum undirlið c-liðar í 2. lið A-þáttar VII. viðauka, eða í öðrum undirlið c-liðar í 2. lið B-þáttar VIII. viðauka,

c) skilyrði fyrir notkun landfræðilegu merkinganna sem um getur í 2. lið A-þáttar VII. viðauka,

- d) upplýsingarnar sem um getur í 4. lið A-þáttar VII. viðauka,
- e) skilyrði fyrir notkun upplýsinganna, sem um getur í 1. lið B-þáttar VII. viðauka, og við hvaða aðstæður skuli nota upplýsingarnar, sem um getur í 3. lið B-þáttar VII. viðauka,
- f) upplýsingarnar sem um getur í 2. lið B-þáttar VII. viðauka og skilyrði fyrir notkun þeirra,
- g) að hve miklu leyti og með hvaða skilyrðum skuli beita ákvæðum VII. viðauka gagnvart afurðum sem falla undir þessa reglugerð en ekki er getið í 1. lið A-þáttar VII. viðauka eða í VIII. viðauka, einkum þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, þrúgumustsþykkni, nýju vini sem er enn í gerjun og vini úr ofþroskuðum þrúgum, sem framleidd eru í Bandalaginu,
- h) skilyrði fyrir geymslu og flutningi afurða í ílátum og notkun þeirra og merkingu, þ.m.t. að því er varðar ílát til framleiðslu og geymslu á freyðivíni,
- i) úthlutun, ef við á, á heitum landfræðilegra eininga, eins og um getur í öðrum undirlið í 1. lið E-þáttar VIII. viðauka,
- j) lögboðnar og valkvæðar upplýsingar sem koma skulu fram í skrá og opinberum skjölum og viðskiptaskjölum,
- k) nákvæma fyrirkomulagið sem um getur, eftir því sem við á, í 2. og 5. lið G-þáttar VIII. viðauka,
- l) nákvæma fyrirkomulagið og undanþáguákvæði sem um getur í 6. lið I-þáttar VIII. viðauka.

VI. BÁLKUR

GÆÐAVÍN FRAMLEIDD Í TILGREINDUM HÉRUÐUM

54. gr.

1. Gæðavin framleidd í tilgreindum héruðum („gæðavin f.t.h.“) eru vín sem uppfylla ákvæði þessa bálks, sem og ákvæði Bandalagsins og landsbundin ákvæði samþykkt í þessu skyni.

2. „Gæðavin f.t.h. skulu taka til eftirfarandi flokka:“

a) „gæðalikjörvín framleidd í tilgreindum héruðum“, hér á eftir nefnd „gæðalikjörvín f.t.h.“, sem samræmast skilgreiningunni á líkjörvini,

b) „gæðafreyðivín framleidd í tilgreindum héruðum“, hér á eftir nefnd „gæðafreyðivín f.t.h.“, sem samræmast skilgreiningunni á freyðivíni, þ.m.t. ilmrið gæðafreyðivín f.t.h.,

c) „hálfreyðandi gæðavin framleidd í tilgreindum héruðum“, hér á eftir nefnd „hálfreyðandi gæðavin f.t.h.“, sem samræmast skilgreiningunni á hálfreyðandi vini,

d) gæðavin f.t.h. önnur en þau sem nefnd eru í a-, b- og c-lið.

3. Afurðir sem henta til framleiðslu gæðavins f.t.h. skal skilgreina sem:

a) ferskar þrúgur,

b) þrúgumust,

c) þrúgumust í gerjun,

d) ný vín enn í gerjun,

e) vín.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir gæðavin f.t.h. sem þau hafa viðurkennt og, að því er varðar hvert þessara gæðavina f.t.h., veita upplýsingar um landsbundin ákvæði um framleiðslu og vinnslu þessara gæðavina f.t.h.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

55. gr.

1. Til viðbótar við landsreglur, samþykktar samkvæmt 1. mgr. 57. gr., og að teknu tilliti til hefðbundinna framleiðsluskilyrða, svo fremi þau skaði ekki stefnuna sem miðar að því að stuðla að gæðaframleiðslu og snurðulausri starfsemi markaðarins, skulu ákvæði um framleiðslu á gæðavinum f.t.h. byggjast á eftirfarandi þáttum:

a) afmörkun framleiðsluvæðis,

b) vínviðaryrkjum,

- c) ræktunaraðferðum,
- d) vínframleiðsluáðferðum,
- e) lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál,
- f) afrakstur á hektara,
- g) greiningu og mati á skynmatseinkennum.
3. Tekin skal ákvörðun um færslu niður um flokk, sem um getur í 2. mgr., nánar tiltekið þegar þar til bær stofnun hefur staðfest:
- a) að vínið hafi orðið fyrir breytingum, á meðan á geymslu eða flutningum stóð, sem hafa skaðað eða breytt eiginleikum umrædds gæðavíns f.t.h.,
- b) að vínið hafi hlotið meðferð sem er bönnuð eða sé ekki lýst löglega sem gæðavíni f.t.h.

2. Ákvæðin, sem um getur í 1. mgr., eru sett fram í A- til J-þætti VI. viðauka.

57. gr.

3. Ákvæðin í K-þætti VI. viðauka gilda eingöngu um gæðafreyðivín f.t.h. Ákvæðin í L-þætti VI. viðauka gilda eingöngu um gæðalíkjörvín f.t.h.

56. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur sem heimila á framleiðslustiginu:

- a) framleiðandanum:
- i. að óska ekki eftir því að afurð, sem skráð er í uppskeru- eða framleiðsluskrá hans sem afurð sem hentar til framleiðslu gæðavíns f.t.h., verði flokkuð sem gæðavín f.t.h., eða
- ii. að færa gæðavín f.t.h. niður um flokk, einkum niður í flokk borðvína,
- b) þar til bærrí stofnun, sem aðildarríkin skulu tilnefna, að færa gæðavín f.t.h. niður um flokk.

2. Færsla á gæðavíni f.t.h. niður um flokk á markaðssetningarstigi skal:

- a) vera í höndum þar til bærrí stofnunar í aðildarríkinu þar sem vínið fyrirfinnst:
- i. ef vínið er upprunnið í því aðildarríki, eða
- ii. ef um er að ræða ákvörðun varðandi lítið magn,
- b) vera í höndum þar til bærrí stofnunar í upprunaaðildarríki vínsins, í tilvikum sem ekki er getið í a-lið.

1. Til viðbótar við þættina, sem taldir eru upp í 55. gr., geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, að teknu tilliti til sanngjarnra og hefðbundinna aðferða, ákvarðað önnur framleiðsluskilyrði og einkenni sem skulu vera skyldubundin fyrir gæðavín f.t.h.

2. Til viðbótar við önnur ákvæði, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, að teknu tilliti til sanngjarnra og hefðbundinna aðferða, mælt fyrir um frekari eða strangari kröfur um einkenni á eða skilyrði fyrir framleiðslu, framleiðslu og flutninga að því er varðar gæðavín f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

58. gr.

Samþykktja ber ítarlegar reglur um beitingu þessa kafla og VI. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Þessar reglur geta náð yfir:

- a) ákvarðanir, undantekningar, undanþágur og skrár sem um getur í þessum bálki og VI. viðauka,
- b) afmörkun svæða í næsta nágrenni við tilgreint hérað, einkum að teknu tilliti til landfræðilegrar legu og stjórnskipulags,
- c) notkun gæðavína f.t.h. sem færð hafa verið niður um flokk og skilyrði fyrir slíkri notkun,
- d) viðeigandi ákvæði er varða kerfisbundna og almenna beitingu skynmatsprófana, notkun vína sem ekki standast kröfur prófananna og skilyrði fyrir slíkri notkun.
- e) ákvörðun um lítið magn, eins og um getur í ii. lið a-liðar 2. mgr. 56. gr.

VII. BÁLKUR

VIÐSKIPTI VIÐ ÞRÍÐJU LÖND

59. gr.

1. Framvísa verður innflutningsleyfi við innflutning til Bandalagsins á afurðunum sem skráðar eru í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr. Við innflutning til Bandalagsins á öðrum afurðum sem taldar eru upp í 2. mgr. 1. gr. og við útflutning frá Bandalaginu á afurðum sem um getur í 2. mgr. 1. gr., getur þurft að framvísa innflutnings- eða útflutningsleyfi.

2. Aðildarríkin skulu gefa út leyfin til sérhvers umsækjenda, án tillits til staðfestustaðar hans í Bandalaginu, sbr. þó ráðstafanir vegna beitingar 62. og 63. gr.

Leyfin gilda allstaðar í Bandalaginu.

Slík leyfi skal gefa út gegn framlagningu tryggingar fyrir því að afurðirnar séu innfluttar eða útfluttar innan gildistíma leyfisins; fari innflutningur eða útflutningur ekki fram, eða aðeins að hluta til, innan þess tímabils tapast tryggingin, nema um sé að ræða óviðráðanleg atvik.

3. Samþykking ber eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.:

a) skrá yfir afurðir sem krafist er innflutnings- eða útflutningsleyfis fyrir,

b) gildistíma leyfisins og aðrar ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar.

60. gr.

1. Tolltaxtar sameiginlegu tollskrárinnar gilda um afurðirnar, sem taldar eru upp í 2. mgr. 1. gr., nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

2. Að því er varðar safu og must sem falla undir SAT-númerin 2009 60 og 2204 30, en álagning gjalda samkvæmt Sameiginlegu tollskránni vegna slíkra afurða veltur á innflutningsverði þeirra, skal sannprófa hvort það verð er raunverulega rétt, annaðhvort með athugun á sérhverri sendingu eða með hliðsjón af föstu innflutningsverðmæti sem framkvæmdastjórnin lætur reikna út á grundvelli uppgæfins verðs á sömu afurðum í upprunalöndunum.

Sé uppgæfið innflutningsverð sendingarinnar hærra en fast innflutningsverðmæti, þar sem það á við, að viðbættu álagi sem er ákvarðað í samræmi við 3. mgr. og skal ekki vera meira en 10% yfir föstu innflutningsverðmæti, skal leggja

fram tryggingu sem nemur innflutningsgjöldunum á grundvelli fasta innflutningsverðmætisins.

Sé innflutningsverð ekki tilgreint í tilvikinu, sem um getur í annarri málsgrein, miðast beiting Sameiginlegrar tollskrár við fast innflutningsverðmæti eða við beitingu hlutaðeigandi tollalaga, með skilyrðum sem ber að ákvarða í samræmi við 3. mgr.

3. Ef undanþágunum í 15. mgr. 44. gr. er beitt á innfluttar afurðir skulu innflytjendur leggja fram tryggingu fyrir afurðunum hjá tollyfirvöldum þegar þær eru settar í frjálsa dreifingu. Tryggingin skal nema fjárhæð, sem nánar verður tilgreind. Tryggingin skal felld niður þegar innflytjandi hefur, með fullnægjandi hætti, sannað fyrir tollyfirvöldum í því aðildarríki þar sem afurðin er sett í frjálsa dreifingu að þrúgumustinu hafi verið breytt í þrúgusafa, það notað í aðrar afurðir utan vingeirans eða, hafi því verið breytt í vín, að það hafi verið merkt á viðeigandi hátt.

4. Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Reglurnar skulu einkum fjalla um setningu viðmiðana til að ákvarða hvaða eftirlitsaðferð skuli beitt og hvaða þættir skulu teknir til greina við útreikning á föstu innflutningsverðmæti, upphæð tryggingarinnar sem um getur í 3. mgr. og reglur um niðurfellingu tryggingarinnar.

61. gr.

1. Til að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum á markað Bandalagsins, sem gæti leitt af innflutningi tiltekinna afurða, sem taldar eru upp í 2. mgr. 1. gr., skal innflutningur einnar eða fleiri slíkra afurða, á þeim tolltaxta sem mælt er fyrir um í Sameiginlegu tollskránni, varða greiðslu frekara innflutningsgjalds, ef skilyrðin, sem sett eru fram í 5. gr. landbúnaðarsamningsins, sem gerður var í samræmi við 300. gr. sáttmálans innan ramma Úrúgvælotu marghliða viðskiptaviðræðnanna, hafa verið uppfyllt, nema í þeim tilvikum þegar ekki er hætt á að innflutningurinn valdi röskun á markaði Bandalagsins eða áhrifin á fyrirtæluð markmið yrðu óhófleg.

2. Markverð, sem álagning viðbótarinnflutningsgjalda takmarkast af, er það verð sem Bandalagið sendir Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Markmagn, sem álagning viðbótarinnflutningsgjalda hefst við, skal einkum ákvarða á grundvelli innflutnings Bandalagsins á þremur næstliðnum árum á undan árinu þegar

skaðlegu áhrifin, sem um getur í 1 mgr., áttu sér stað eða þegar búast má við að þau eigi sér stað.

3. Innflutningsverðið, sem tekið er tillit til við beitingu viðbótarinnflutningsgjalds, skal ákvarða á grundvelli cif-innflutningsverðs viðkomandi sendingar.

Cif-innflutningsverðið skal sannprófa í þessum tilgangi á grundvelli dæmigerðs verðs fyrir umrædda afurð á heimsmarkaði, eða á innflutningsmarkaði Bandalagsins fyrir afurðina.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Í reglunum skal m.a. tilgreina:

- a) þær afurðir, sem viðbótarinnflutningsgjöld skulu lögð á, í samræmi við 5. gr. landbúnaðarsamningsins,
- b) aðrar nauðsynlegar viðmiðanir við beitingu 1. mgr., í samræmi við 5. gr. fyrrnefnds samnings.

62. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við ítarlegar reglur, sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., koma á og úthluta innflutningskvótum fyrir afurðirnar, sem falla undir þessa reglugerð, sem leiðir af alþjóðasamningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans eða aðrar gerðir ráðsins.

2. Úthluta skal kvótum með einni af eftirfarandi aðferðum eða samsetningu þeirra:

- a) aðferð sem byggist á þeirri tímaröð sem umsóknir eru lagðar fram (meginreglan um að „fyrstir koma, fyrstir fá“),
- b) aðferð sem miðar að því að dreifa kvótanum í hlutfalli við það magn sem óskað er eftir þegar umsóknirnar eru lagðar fram (með „samhliða umfjöllun“),
- c) aðferð sem byggist á því að taka tillit til hefðbundinna viðskiptaferla (með aðferðinni „hefðbundnir /nýir innflytjendur“).

Heimilt er að samþykkja aðrar viðeigandi aðferðir. Þær mega ekki stuðla að mismunun hlutaðeigandi framleiðenda.

3. Stjórnsýsluaðferðin sem notuð er skal, eftir því sem við á, gefa kröfunum um framboð á markaði Bandalagsins og

þörfinni á að varðveita jafnvægi á markaðnum tilhlýðilegt vægi og á sama tíma hugsanlega taka mið af aðferðum sem áður hefur verið beitt á samsvarandi kvóta og þá sem um getur í 1. mgr., sbr. þó réttindin sem leiðir af samningum sem gerðir eru sem hluti af Úrúgvæ-lotu marghliða viðskipta-viðræðanna.

4. Í ítarlegu reglunum, sem um getur í 1. mgr., skal kveðið á um árlega kvóta sem, ef nauðsyn krefur, er deilt niður á árið á viðeigandi hátt og ákvörðuð sú stjórnsýsluaðferð sem skal nota og, eftir því sem við á, skulu þær fela í sér:

- a) tryggingar sem ná yfir eðli, upprunastað og uppruna afurðar,
- b) viðurkenningu á skjalinu sem notað er til sannprófunar á tryggingum sem um getur í a-lið,
- c) skilyrðin fyrir útgáfu innflutningsleyfa og gildistíma þeirra.

63. gr.

1. Að því marki sem nauðsynlegt er til þess að geta flutt út:

- a) afurðir sem eru taldar upp í a-, b- og c-lið 2. mgr. 1. gr.,
- b) sykur, sem fellur undir SAT-númer 1701, glúkósa og glúkósa-síróp, sem fellur undir SAT-númer 1702 30 91, 1702 30 99, 1702 40 90 og 1702 90 50, þ.m.t í formi afurða sem falla undir SAT-númer 1702 30 51 og 1702 30 59, sem hluta af afurðum sem falla undir SAT-númer 2009 60 11, 2009 60 71, 2009 60 79 og 2204 30 99,

á grundvelli þess verðs, sem fæst fyrir þessar afurðir í alþjóðaviðskiptum, og innan þeirra marka sem leiðir af samningunum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans, er heimilt að láta endurgreiðslur vegna útflutnings jafna mismuninn milli þessa verðs og verðs í Bandalaginu.

2. Aðferðin, sem notuð er við úthlutun á því magni sem heimilt er að flytja út með endurgreiðslu, skal vera:

- a) sú aðferð sem hentar best sakir eðlis afurðarinnar og markaðsaðstæðna á viðkomandi markaði, þannig að tiltækt fjármagn sé notað á eins skilvirknan hátt og unnt er, að teknu tilliti til skilvirkni og skipulagningar á útflutningi Bandalagsins en án þess þó að þetta skapi mismunun milli stærri og minni rekstraraðila,
- b) sú aðferð sem er minnst íþyngjandi fyrir stjórnsýslu rekstraraðila, að teknu tilliti til stjórnunarlegra þarfa,

c) sú aðferð sem kemur í veg fyrir mismunun milli hlutaðeigandi rekstraraðila.

3. Endurgreiðslur skulu vera þær sömu alls staðar í Bandalaginu. Þær geta verið mismunandi eftir ákvörðunarstað ef aðstæður á alþjóðamarkaði eða sérstaka kröfur tiltekinna markaða gera það nauðsynlegt.

Endurgreiðslurnar, sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. Þær skulu ákveðnar með reglubundnu millibili.

Framkvæmdastjórnin getur breytt endurgreiðslum, sem eru ákveðnar með reglubundnu millibili, ef þörf krefur á ihlutunartímabilinu, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði.

Ákvæði 64. gr. varðandi afurðirnar sem getið er þar gilda sem viðbót við þessi ákvæði.

4. Endurgreiðslur skulu aðeins inntar af hendi gegn umsókn og framvísun viðeigandi útflutningsleyfis.

5. Endurgreiðsla vegna útflutnings afurðanna, sem taldar eru upp í 1. gr., skal vera sú upphæð sem er í gildi á þeim degi þegar sótt er um leyfi og, ef um mismunandi endurgreiðslur er að ræða, sú upphæð sem gildir sama dag:

- a) fyrir ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur á leyfinu eða, ef við á,
- b) fyrir raunverulegan ákvörðunarstað, sé hann annar en sá sem er tilgreindur á leyfinu. Í því tilviki má upphæðin sem er í gildi ekki vera hærri en sú upphæð sem er í gildi fyrir ákvörðunarstaðinn sem er tilgreindur í leyfinu.

Gera má viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun vegna sveigjanleikans sem gert er ráð fyrir í þessari málsgrein.

6. Falla má frá 4. og 5. mgr. þegar um er að ræða afurðir, sem taldar eru upp í 1. gr., sem endurgreiðsla er veitt fyrir í tengslum við matvælaaðstoð, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

7. Tryggja skal að mörkin varðandi magn, sem leiðir af samningum sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans, séu virt, á grundvelli útflutningsleyfa, sem eru gefin út fyrir þau viðmiðunartímabil sem gert er ráð fyrir í þeim, og sem gilda fyrir hlutaðeigandi afurðir.

Með tilliti til þess að uppfylla þær skuldbindingar, sem leiðir af samningunum, sem gerðir eru innan ramma Úrúgvæ-lotu marghliða viðskiptaviðræðanna, skulu lok viðmiðunartímabils ekki hafa áhrif á gildistíma útflutningsleyfa.

8. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar, þ.m.t. ákvæði um endurúthlutun óúthlutaðs eða ónotaðs útflutningskvóta, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

64. gr.

1. Þessi grein gildir um endurgreiðslurnar sem um getur í 1. mgr. 63. gr.

2. Upphæð endurgreiðslu fyrir afurðir, sem um getur í b-lið 1. mgr. 63. gr., skal vera:

- a) fyrir hrásykur og hvítan sykur, sú upphæð endurgreiðslu vegna útflutnings á þessum afurðum, óunnum, sem er ákveðin í samræmi við 17. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1785/81 frá 30. júní 1981 um sameiginlega skipulagningu sykurmarkaðarins ⁽¹⁾ og framkvæmdarákvæði hennar,
- b) fyrir glúkósa og glúkósasíróp, sú upphæð endurgreiðslu vegna útflutnings á þessum afurðum, óunnum, sem er ákveðin fyrir hvora þessara afurða í samræmi við 13. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1766/92 frá 30. júní 1992 um sameiginlega skipulagningu kornvörumarkaðarins ⁽²⁾ og framkvæmdarákvæði hennar.

Til að eiga rétt á endurgreiðslu verður yfirlýsing frá umsækjanda að fylgja unnum afurðum við útflutning, þar sem tilgreint er það magn hrásykurs, hvíts sykurs, glúkósa og glúkósasíróps sem notað er við framleiðslu þeirra.

Nákvæmni þessarar yfirlýsingar skal varða eftirlit lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Þegar endurgreiðslur eru ákveðnar skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) núverandi aðstæðna og líklegar þróunar með tilliti til:
 - i. verðs og framboðs afurðanna, sem taldar eru upp í 1. mgr. 63. gr., á markaði Bandalagsins,
 - ii. heimsmarkaðsverðs þessara afurða,
- b) hagstæðasta markaðs- og flutningskostnaðar frá mörkuðum Bandalagsins til hafna eða annarra

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 177, 1.7.1981, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1148/98 (Stjtið. EB L 159, 3.6.1998, bls. 38.)

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 1.7.1992, bls. 21. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1253/1999 (Stjtið. EB L 160, 26.6.1999, bls. 18.)

útflutningsstaða Bandalagsins, sem og sendingarkostnaðar til viðtökulands,

- c) markmiða sameiginlegrar skipulagningar vínmarkaðarins, sem eiga að tryggja jafnvægi á markaðnum og eðlilega þróun verðs og viðskipta,
- d) marka sem leiðir af samningunum, sem gerðir eru í samræmi við 300. gr. sáttmálans,
- e) þarfarinnar á að komast hjá röskun á markaði Bandalagsins,
- f) efnahagslegu hliðarinnar á fyrirhuguðum útflutningi.

4. Verð á markaði Bandalagsins, sem um getur í 1. mgr. 63. gr., skal ákvarðað á grundvelli hagstæðasta útflutningsverðs.

Þegar verð í alþjóðaviðskiptum, sem um getur í 1. mgr. 63. gr., er ákvarðað skal taka tillit til eftirfarandi:

- a) skráðs verðs á mörkuðum þriðju landa,
- b) hagstæðasta verðs í þriðju löndum sem eru viðtökustaðir innflutnings frá þriðju löndum,
- c) skráðs verðs framleiðanda í þriðju löndum, sem eru útflutningslönd, að teknu tilliti til niðurgreiðslna sem þessi lönd veita, ef við á,
- d) tilboðsverðs við landamæri Bandalagsins (free-at-Community-frontier offer prices).

5. Með fyrirvara um þriðju undirgrein 3. mgr. 63. gr. skal ákveða hversu oft skal setja fram skrá yfir afurðir, sem endurgreiðsla er í reynd veitt fyrir, og skal upphæð endurgreiðslunnar ákvörðuð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

6. Endurgreiðsla skal innt af hendi gegn sönnun á því að afurðirnar:

- a) séu upprunnar í Bandalaginu,
- b) hafi verið fluttar út frá Bandalaginu, og
- c) ef um er að ræða mismunandi endurgreiðslur, hafi náð þeim viðtökustað, sem er tilgreindur á leyfinu eða öðrum viðtökustað, sem endurgreiðslan er ákvörðuð fyrir, sbr. þó b-lið 5. mgr. 63. gr. Þó er heimilt að gera undantekningar

frá þessari reglu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., að því tilskildu að mælt sé fyrir um skilyrði sem veita jafngilda tryggingu.

Samþykking má frekari ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

7. Með fyrirvara um a-lið 6. mgr., hafi ekki verið veitt undanþága í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., skal ekki veita neinar endurgreiðslur vegna útflutnings afurða sem eru innfluttar frá þriðju löndum og fluttar út aftur til þriðju landa.

65. gr.

1. Að því marki sem nauðsynlegt er fyrir eðlilega starfsemi sameiginlegrar skipulagningar vínmarkaðarins er ráðinu heimilt, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að banna í einstaka tilvikum aðvinnslu innanlands, í heild eða að hluta, á þeim afurðum sem skráðar eru í 1. gr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., ef aðstæðurnar sem um getur í þeirri málsgrein eru sérstaklega brýnar og ef röskun hefur orðið, eða búast má við röskun, á markaði Bandalagsins af völdum aðvinnslu innanlands eða erlendis, skal framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir; tilkynna skal ráðinu og aðildarríkjunum um slíkar ráðstafanir og má gildistími þeirra ekki vera lengri en sex mánuðir og skulu þær öðlast gildi þegar í stað. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan viku frá viðtöku beiðninnar.

3. Sérhvert aðildarríkjanna getur vísað ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins innan viku frá tilkynningardegi. Ráðinu er heimilt, með auknum meirihluta, að staðfesta, breyta eða ógilda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Hafi ráðið ekki komist að niðurstöðu innan þriggja mánaða skal litið svo á að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar hafi verið felld úr gildi.

66. gr.

1. Almennu reglurnar um túlkun sameinuðu tollnafnaskrárinnar og sérstöku reglurnar um beitingu hennar skulu gilda um flokkun á afurðum sem falla undir þessa reglugerð; tollskrárflokkunarkerfið, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, skal tekið upp í sameiginlegu tollskrána.

2. Eftirfarandi er bannað nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð eða ákvæðum sem samþykkt eru í samræmi við hana:

- a) að leggja á gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og tollar,

b) að beita magntakmörkunum eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif.

67. gr.

1. Innflutningur á afurðum, sem falla undir þessa reglugerð og sem alkóhóli hefur verið bætt við, að undanskildum þeim afurðum sem eru jafngildar vörum sem eru upprunnar í Bandalaginu og hafa leyfi fyrir slíkri blöndun, skal vera bannaður.

2. Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar, einkum að því er varðar skilyrði fyrir jafngildi afurðanna og undanþágur frá 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

68. gr.

1. Aðeins má flytja inn afurðirnar, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., hafi eftirfarandi skilyrði verið uppfyllt:

a) að því er varðar allar afurðirnar:

- i. þær skulu uppfylla ákvæði um framleiðslu, markaðssetningu og, ef við á, afhendingu til beinnar neyslu í þriðju löndunum, sem þær eru upprunnar í, og sönnun þessa skal látin í té í formi vottorðs, sem gefið er út á vegum þar til bærrar stofnunar í þriðja landinu þar sem afurðin er upprunnin, á skrá sem nánar verður ákveðin,
- ii. ef þær eru ætlaðar til beinnar neyslu skal þeim fylgja greiningarskýrsla, samin á vegum stofnunar eða yfirvalds, tilnefndu af þriðja landi þar sem vörurnar eru upprunnar,

b) að því er varðar vín sem ætluð eru til beinnar neyslu, önnur en líkjörvín og freyðivín:

- i. raunverulegur alkóhólstyrkleiki þeirra er ekki minni en 9% miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleiki er ekki meiri en 15% miðað við rúmmál,
- ii. heildarinnihald þeirra af síru, tilgreint sem vinsýra, er ekki undir 3,5 grómmum á lítra eða 46,6 millijafngildum á lítra.

2. Samþykking má reglur um eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

a) skilgreiningu einkenna sem líkjörvín og freyðivín skulu búa yfir og undanþágu frá b-lið 1. mgr.,

b) það að falla frá kröfunni um vottorðið og greiningarskýrsluna, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., þegar um er

að ræða tiltekna afurðir, sem um getur í 1. mgr., sem eru fluttar í takmörkuðu magni og settar í lítillát,

c) niðurfellingu, í heild eða að hluta til, kröfunnar um upplýsingar sem eiga að koma fram í leyfinu eða greiningarskýrslunni, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., þegar um er að ræða tiltekin vín sem vottorð um upprunaheiti eða vottun á uppruna fylgir.

3. Samþykking ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

69. gr.

1. Verði markaður Bandalagsins fyrir eina eða fleiri af afurðunum, sem taldar eru upp í 2. mgr. 1. gr., fyrir alvarlegri röskun vegna innflutnings eða útflutnings eða sé hætta á alvarlegri röskun, sem búast má við að stofni markmiðunum, sem eru sett fram í 33. gr. sáttmálans í hattu, er heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana í viðskiptum við þriðju lönd þar til röskunin er ekki lengur fyrir hendi.

Til að meta hvort aðstæður réttlæti beitingu slíkra ráðstafana verður einkum að taka tillit til eftirfarandi:

a) þess magns sem innflutningsleyfi hafa verið gefin út fyrir eða sótt hefur verið um fyrir og markaðsaðstæðna í vingeira Bandalagsins,

b) eftir því sem við á, umfangs ihlutana.

Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykka almennar reglur um beitingu þessarar málsgreinar og skilgreina í hvaða tilfellum og innan hvaða marka aðildarríkin geta gert tímabundnar verndarráðstafanir.

2. Ef aðstæðurnar, sem um getur í 1. mgr., koma upp skal framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, taka ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir; tilkynna skal aðildarríkjunum um slíkar ráðstafanir, sem öðlast gildi þegar í stað. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan þriggja virkra daga frá móttöku beiðinnar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að vísa ráðstöfunum, sem framkvæmdastjórnin hefur ákveðið, til ráðsins innan þriggja virkra daga frá tilkynningardegi. Ráðið skal koma saman án tafar. Því er heimilt, með auknum meirihluta, að breyta eða ógilda umræddar aðgerðir.

4. Beita skal ákvæðum þessarar greinar með hliðsjón af skuldbindingunum, sem leiðir af alþjóðasamningum, sem gerðir eru í samræmi við 2. mgr. 300. gr. sáttmálans.

VIII. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI, BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

70. gr.

1. Aðeins er heimilt að setja afurðirnar, sem falla undir þessa reglugerð, í dreifingu innan Bandalagsins ef þeim fylgir skjal sem þar til bær yfirvöld hafa farið yfir.

2. Einstaklingum eða lögaðilum eða hópi aðila, sem ráða yfir slíkum afurðum í viðskiptum sínum, einkum framleiðendur, átapparar og vinnsluaðilar, auk söluaðila, sem nánar verða tilgreindir, skal gert skylt að halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir.

3. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar, einkum um eðli og form skjalsins, sem um getur í 1. mgr., og undanþágur frá þessari grein, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

71. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð gilda 87., 88. og 89. gr. sáttmálans um framleiðslu á og viðskipti með afurðir sem falla undir þessa reglugerð.

2. Ákvæði II. kafla í II. bálki skulu ekki koma í veg fyrir veitingu innlendrar aðstoðar sem miðar að því að ná sambærilegum markmiðum og þeim sem stefnt er að í þeim kafla. Ákvæði 1. mgr. gilda engu að síður um slíka aðstoð.

72. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eitt eða fleiri yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að reglum Bandalagsins innan víngeirans. Þau skulu einnig tilnefna rannsóknarstofurnar þar sem opinberar greiningar innan víngeirans mega fara frams.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng þessara yfirvalda og rannsóknarstofa. Framkvæmdastjórnin skal senda þessar upplýsingar áfram til hinna aðildarríkjanna.

3. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót hópi sérstakra opinberra starfsmanna til að hafa samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna um vettvangseftirlit til að tryggja samræmda beitingu á reglum innan víngeirans.

4. Samþykkja ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr.

Þessar reglur geta einkum falið í sér ákvæði:

- a) til að tryggja samræmda beitingu ákvæða Bandalagsins innan víngeirans, einkum hvað varðar eftirlit,
- b) um tengsl milli tilnefndra yfirvalda,
- c) um sérstakar fjárhagsaðgerðir til þess að bæta eftirlit,
- d) um stjórnsluviðurlög, og
- e) um valdheimildir og skyldur tilnefndra skoðunarmanna.

73. gr.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu veita hvort öðru upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar. Samþykkja skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., ítarlegar reglur um slík samskipti, þ.m.t. eðli og snið upplýsinganna sem skal senda og frestir til sendingar, sem og miðlun þeirra upplýsinga sem teknar eru saman.

74. gr.

Hér með er sett á stofn stjórnarnefnd um vín (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna og er undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

75. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í þessari grein ber formanni að vísa málinu til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkisins.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum innan tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal skilað með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 205. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veга eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber framkvæmdastjórninni að senda þær tafarlaust til ráðsins. Ef svo ber undir getur framkvæmdastjórnin frestað því að ráðstafanirnar, sem hún hefur ákveðið, komi til framkvæmda um mest einn mánuð frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í annarri undirgrein.

76. gr.

Nefndin hefur heimild til að rannsaka öll mál sem formaður hennar ber upp, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

77. gr.

1. Við beitingu þessarar reglugerðar skal samhliða taka viðeigandi tillit til markmiðanna sem sett eru fram í 33. og 131. gr. sáttmálans.

2. Beita skal ákvæðum þessarar reglugerðar með hliðsjón af skuldbindingunum, sem leiðir af alþjóðasamningum, sem gerðir eru í samræmi við 2. mgr. 300. gr. sáttmálans.

78. gr.

1. Reglugerð (EB) nr. 1258/1999 og framkvæmdarákvæði hennar gilda um afurðir sem falla undir þessa reglugerð.

2. Líta skal á þóknunina, sem um getur í II. kafla II. bóls, stuðninginn, sem um getur í III. kafla þess bóls, aðstoðina, sem um getur í I. kafla III. bóls, innkaupin og stuðninginn, sem um getur í II. kafla þess bóls, og aðstoðina, sem um getur í III. kafla þess bóls og endurgreiðslurnar, sem um getur í VII. bóli, sem íhlutun sem miðar að því að ná stöðugleika á mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir í skilningi 2. mgr. 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 1258/1999.

3. Þrátt fyrir strangari ákvæði, er aðeins heimilt að veita stuðning Bandalagsins, sem veita má skv. III. bóli og

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 1999.

endurgreiðslurnar, sem veita má skv. VII. bóli að því er varðar afurðir, sem eru framleiddar í Bandalaginu úr þrúgum sem eru tíndar í Bandalaginu.

79. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt, með það í huga að koma í veg fyrir offramleiðslu á borðvini og vínnum sem henta til framleiðslu borðvins, að setja mörk um afrakstur ræktunar, gefið upp í hektólitrum á hektara, en sé farið yfir þessi mörk skal það verða til þess að framleiðandinn eigi ekki rétt á styrkjum samkvæmt þessari reglugerð.

80. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. skal gera ráðstafanir:

- til þess að auðvelda breytinguna frá því fyrirkomulagi sem kveðið er á um í reglugerðunum, sem um getur í 81. gr., yfir í fyrirkomulag sem komið er á fót með þessari reglugerð,
- til þess að leysa tiltekin vandamál við framkvæmd, sé þess óskað. Heimilt er að slíkar ráðstafanir viki frá tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar ef þær eru tilhlýðilega rökstuddar.

81. gr.

Reglugerðir (EBE) nr. 346/79, (EBE) nr. 351/79, (EBE) nr. 460/79, (EBE) nr. 456/80, (EBE) nr. 457/80, (EBE) nr. 458/80, (EBE) nr. 1873/84, (EBE) nr. 895/85, (EBE) nr. 822/87, (EBE) nr. 823/87, (EBE) nr. 1442/88, (EBE) nr. 3877/88, (EBE) nr. 4252/88, (EBE) nr. 2046/89, (EBE) nr. 2048/89, (EBE) nr. 2389/89, (EBE) nr. 2390/89, (EBE) nr. 2391/89, (EBE) nr. 2392/89, (EBE) nr. 3677/89, (EBE) nr. 3895/91, (EBE) nr. 2332/92 og (EBE) nr. 2333/92 eru hér með felldar úr gildi.

82. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. ágúst 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

K.-H. FUNKE

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á AFURÐUM

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda um:

- afurðir, fengnar í Bandalaginu úr þrúgum tíndum í Bandalaginu, þ.m.t. vín, sem um getur í sjötta undirlið 15. liðar, og
- afurðir, aðrar en þær sem um getur í 3., 4., 5., 6., 7., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18. og 24. lið, ef þær eru
 - upprunnar í þriðju löndum eða
 - framleiddar í Bandalaginu úr þrúgum, tíndum utan Bandalagsins, svo fremi framleiðsla þeirra sé leyfð samkvæmt þessari reglugerð.

Skilgreiningar á vínafurðum, sem þessi viðauki gildir ekki um, skulu samþykktar eftir þörfum í samræmi við þessa reglugerð, með málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 75. gr.

1. *Ferskar þrúgur*: aldin vínviðarins, sem notuð eru til vínframleiðslu þroskuð eða jafnvel léttþurrkuð (raisined), sem kremja má eða pressa með hefðbundnum vingerðaraðferðum og alkóhólgerjun getur hafist sjálfkrafa í.
2. *Þrúgumust*: fljótandi afurð, fengin úr ferskum þrúgum með náttúrulegum eða eðlisrænum aðferðum. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumusts miðað við rúmmál má ekki vera yfir 1%.
3. *Þrúgumust í gerjun*: afurð, fengin með gerjun þrúgumusts, sem hefur meira en 1% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, en þó minna en þrjú fimmtu af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál; þó teljast tiltekin gæðavin f.t.h., með minni raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en þrjú fimmtu af heildaralkóhólstyrkleika sínum en þó ekki minni en 4,5% miðað við rúmmál, ekki til þrúgumusts í gerjun.
4. *Þrúgumust í gerjun sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum*, afurð, fengin með hlutgerjun þrúgumusts úr léttþurrkuðum þrúgum, með heildarsykurinnihald fyrir gerjun sem nemur a.m.k. 272 grómmum á lítra og náttúrulegan og raunverulegan alkóhólstyrkleiki sem er ekki minni en 8% miðað við rúmmál. Þó teljast tiltekin vín, sem uppfylla þessi skilyrði, ekki til þrúgumusts í gerjun sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum.
5. *Ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls*: afurð sem:
 - hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál ekki minni en 12% en þó minni en 15% og
 - er fengin með því að bæta út í ógerjað þrúgumust, sem hefur náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál ekki minni en 8,5% og er eingöngu unnið úr vínviðaryrkjunum sem um getur í 5. mgr. 42. gr.:
 - annaðhvort hreinum vínanda, fengnum úr vínafurðum, þ.m.t. alkóhól fengið með eimingu á þurrkuðum þrúgum með raunverulegan alkóhólstyrkleika ekki minni en 95% miðað við rúmmál,
 - eða óhreinsaðri afurð sem fæst við eimingu víns og hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál ekki minni en 52% og ekki meiri en 80%.
6. *Þrúgumustsþykkni*: óbrennt (uncaramelised) þrúgumust sem er:
 - fengið með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem verður tilgreind nánar, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 50,9%.
 - fengið eingöngu úr vínviðaryrkjum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr.,
 - fengið úr þrúgumusti með a.m.k. þann lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls, miðað við rúmmál, sem mælt er fyrir um fyrir vínræktarsvæðið þar sem þrúgurnar voru tíndar.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumustsþykknis er 1% miðað við rúmmál.

7. *Hreinsað þrúgumustsþykkni*: fljótandi, óbrennd afurð sem:

- er fengin með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem nánar verður tilgreind, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 61,7%,
- hefur gengist undir leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,
- hefur eftirfarandi eiginleika:
 - pH-gildi ekki yfir 5 við 25 Brix,
 - ljóspéttni ekki yfir 0,100 í þrúgumusti sem er þykkt við 25 °C Brix við 425 nm og 1 cm þykkt,
 - súkrósainnihald sem er ógreinanlegt með greiningaraðferð sem verður skilgreind nánar,
 - Folin-Ciocalteu-tölu sem er ekki hærri en 6,00 við 25 ° Brix,
 - titranlegt sýruinnihald ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - innihald brennisteinsdíoxíðs ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - heildarinnihald plúsjóna ekki yfir 8 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - eðlisleiðni við 25 ° Brix og 20 °C ekki hærri en 120 µS/cm,
 - hýdroxýmetýlfúrúralinnihald ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - tilvist mesínósítóls,
- er eingöngu fengin úr vínviðaryrkjum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr.,
- er fengin úr þrúgumusti með a.m.k. þann lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem mælt er fyrir um fyrir vínæktarsvæðið þar sem þrúgurnar voru tíndar.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki hreinsaðs þrúgumustsþykknis er 1% miðað við rúmmál.

8. *Þrúgusafi*: ógerjuð, fljótandi en gerjanleg afurð, fengin með viðeigandi meðhöndlun sem gerir hana hæfa til neyslu eins og hún er; hana má fá:

- a) úr ferskum þrúgum eða úr þrúgumusti eða
- b) með endurupplausn:

- þrúgumustsþykkni eða
- þrúgusafabykkni.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgusafa er 1% miðað við rúmmál.

9. *Þrúgusafabykkni*: óbrenndur þrúgusafi, fenginn með því að vatnssneyða þrúgusafa að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem verður tilgreind nánar, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 50,9%.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgusafabykknis er 1% miðað við rúmmál.

10. *Vín*: afurð, fengin eingöngu með alkóhólgerjun, heildar- eða hlutgerjun, ferskra þrúgna, hvort sem þær eru kramdar eða ekki, eða þrúgumusts.11. *Nýtt vín enn í gerjun*: vín þar sem alkóhólgerjun er ekki enn lokið og dreggjarnar hafa ekki verið skildar frá.

12. *Vín sem hentar til framleiðslu borðvins*: vín sem:

- fæst eingöngu úr vínviðaryrkjum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr.,
- er framleitt í Bandalaginu og
- hefur a.m.k. þann lágmarksstyrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem mælt er fyrir um fyrir vínræktarsvæðið þar sem vínið var framleitt.

13. *Borðvín*: vín annað en gæðavín f.t.h. sem:

- fæst eingöngu úr vínviðaryrkjum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr.,
- er framleitt í Bandalaginu,
- hefur, hvort sem vinnslan, sem er tilgreind í D-þætti V. viðauka, hefur farið fram eða ekki, ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en 8,5%, að því tilskildu að vínið hafi eingöngu verið framleitt úr þrúgum tíndum á vínræktarsvæðum A og B, og ekki minni en 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum, og ekki meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál,
- hefur heildarsýruinnihald, gefið upp sem vínsýra, ekki undir 3,5 grömmum á lítra eða 46,6 millijafngildi á lítra, sbr. þó undanþágur sem kunna að verða samþykktar.

Þó er heimilt að hækka efri mörk heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í 20% þegar um er að ræða vín frá tilteknum vínræktarsvæðum, sem nánar verða tilgreind, sem hafa verið framleidd án nokkurrar auðgunar.

„Retsina“-borðvín er borðvín sem er eingöngu framleitt á yfirráðasvæði Grikklands úr þrúgumusti, meðhöndluðu með resíni úr aleppófurum. Notkun resíns úr aleppófurum er einungis leyfð við gerð „retsina“-borðvins í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðeigandi, grískum ákvæðum.

14. *Líkjörvín*: afurð:

A. með:

- ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál og ekki meiri en 22% miðað við rúmmál,
- ekki minni heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en 17,5%, að undanskildum tilteknum gæðalíkjörvínnum, framleiddum í tilgreindum héruðum (gæðalíkjörvín f.t.h.), sem koma fram í skrá sem tekin verður saman,

B. fengin:

a) úr:

- þrúgumusti í gerjun eða
- víni eða
- blöndu framangreindra afurða eða
- þrúgumusti eða blöndu þrúgumusts og vins, þegar um er að ræða tiltekin gæðalíkjörvín f.t.h., sem verða tilgreind nánar,

þegar um er að ræða líkjörvín og gæðalíkjörvín f.t.h. er þess krafist að allar þessar afurðir:

- séu fengnar úr vínviðaryrkjum, sem valin skulu úr þeim sem um getur í 5. mgr. 42. gr., og
- hafi, að undanskildum tilteknum gæðalíkjörvínnum f.t.h., sem koma fram í skrá sem tekin verður saman, ekki minni upphaflegan, náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en 12%,

b) og með því að bæta við eftirfarandi:

i. einu sér eða í samsetningu:

- hreinum vínanda úr víni, þ.m.t. alkóhól framleitt með eimingu á þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 96% miðað við rúmmál,

- véneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál,
 - ii. ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:
 - þrúgumustsþykkni,
 - samsetningu einnar af afurðunum, sem um getur í i. lið, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið a-liðar,
 - iii. að því er varðar tiltekin gæðalíkjörvín f.t.h., sem koma fram í skrá sem tekin verður saman:
 - annarri hvorri afurðinni, sem talin er upp í i. lið, einni sér eða í samsetningu,
 - eða einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum:
 - alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 95% og ekki meiri en 96% miðað við rúmmál,
 - brenndu víni eimuðu úr víni eða þrúguhrati, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál,
 - brenndu víni eimuðu úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 94,5% miðað við rúmmál,
 - ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:
 - hlutgerjuðu þrúgumusti fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum,
 - þrúgumustsþykkni, fengnu með beinni hitun, sem er, að undanskilinni þessari aðgerð, í samræmi við skilgreininguna á þrúgumustsþykkni,
 - þrúgumustsþykkni,
 - samsetningu einnar af afurðunum, sem um getur í öðrum undirlið, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið a-liðar.
15. *Freyðivín*: afurð sem fæst, að undanskilinni undanþágunni, sem kveðið er á um í 3. mgr. 44. gr., við fyrstu eða aðra alkóhólgerjun:
- ferskra þrúgna,
 - þrúgumusts,
 - víns,
- sem henta til framleiðslu borðvíns,
- borðvíns,
 - gæðavíns f.t.h.,
 - innfluttra vína, í skrá, sem tekin verður saman, sem fást úr vínviðaryrkjum og af vínræktarsvæðum með þeim einkennum sem aðgreina þau frá vínnum Bandalagsins,
- sem koltvísýringur, sem stafar eingöngu af gerjun, losnar úr þegar ílátið er opnað en í því er, vegna koltvísýrings í lausn, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum.
16. *Loftblandað freyðivín*: afurð sem:
- er fengin úr borðvíni,
 - sem koltvísýringur losnar úr þegar ílátið er opnað, sem stafar, í heild eða að hluta til, af því að gasi hefur verið bætt í vínið og
 - í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum.

17. *Hálffreyðandi vín*: afurð sem:

- er fengin úr borðvíni, gæðavíni f.t.h. eða úr afurðum, sem henta til framleiðslu borðvins eða gæðavins f.t.h., að því tilskildu að heildaralkóhólstyrkleiki slíkra vína eða afurða sé ekki minni en 9% miðað við rúmmál,
- hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál,
- hefur umframþrýsting, vegna eigin koltvísýrings í lausninni, sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum,
- er sett í 60 lítra ílát eða minni.

18. *Loftblandað freyðivín*: afurð sem:

- er fengin úr borðvíni, gæðavíni f.t.h. eða úr afurðum sem henta til framleiðslu borðvins eða gæðavins f.t.h.,
- hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál og ekki minni heildaralkóhólstyrkleika en 9% miðað við rúmmál,
- hefur umframþrýsting sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum, vegna koltvísýrings í lausninni sem hefur verið bætt við í heild eða að hluta,
- er sett í ílát sem rúma ekki meira en 60 lítra.

19. *Vínedik*: edik sem:

- er fengið eingöngu með ediksýrugerjun vins og
- hefur heildarinnihald síru sem er ekki undir 60 grömmum á lítra, gefið upp sem ediksýra.

20. *Vínreggjar*: leifar sem safnast upp í ílátum, sem innihalda vín, eftir gerjun, við geymslu eða að lokinni leyfilegri meðferð og leifar sem fást við síun þessarar afurðar eða skiljun hennar í skilvindu.

Einnig er litið á eftirfarandi sem vínreggjar:

- leifar sem safnast upp í ílátum sem innihalda þrúgumust meðan á geymslu stendur eða að lokinni leyfilegri meðferð,
- leifar, sem fást við síun þessarar afurðar eða skiljun hennar í skilvindu.

21. *Þrúguhrat*: leifar sem fást við pressun á ferskum þrúgum, hvort sem þær eru gerjaðar eða ekki.22. *Piquette-vín*: afurð sem fæst:

- með gerjun ómeðhöndlaðs þrúguhrats, sem er bleytt upp með vatni, eða
- með útskolun á gerjuðu þrúguhrati með vatni:

23. *Vín, styrkt fyrir eimingu*: afurð sem:

- hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika ekki minni en 18% og ekki meiri en 24% miðað við rúmmál,
- er fengin eingöngu með því að bæta út í vín, sem inniheldur engar sykurlleifar, óhreinsaðri afurð sem fæst við eimingu á víni og er með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur að hámarki 86% miðað við rúmmál og
- hámarksinnihald rokgjarnrar síru er 1,5 grömm á lítra, gefið upp sem ediksýra.

24. *Vin úr ofþroskuðum þrúgum*: afurð:

- framleidd í Bandalaginu, án auðgunar, úr þrúgum tíndum í Bandalaginu, af vinviðaryrkjunum, sem sett eru fram í 5. mgr. 42. gr., og eru sett í skrá sem tekin verður saman,
- með náttúrulegan alkóhólstyrkleika sem er yfir 15% miðað við rúmmál,
- með heildaralkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 16% miðað við rúmmál og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um þroskunartíma fyrir þessa afurð.

II. VIÐAUKI

ALKÓHÓLSTYRKLEIKI

1. *Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:* fjöldi lítra af hreinu alkóhóli við 20°C í 100 lítrum af afurðinni við sama hitastig.
 2. *Mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:* fjöldi lítra af hreinu alkóhóli við 20°C, sem unnt er að framleiða með heildargerjun sykranna sem eru í 100 lítrum af afurðinni við sama hitastig.
 3. *Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:* samanlagður, raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki.
 4. *Náttúrulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál:* heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í afurð fyrir auðgun.
 5. *Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa:* fjöldi kílógramma af hreinu alkóhóli í 100 kílógrömmum af afurðinni.
 6. *Mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa:* fjöldi kílógramma af hreinu alkóhóli, sem unnt er að framleiða með heildargerjun sykranna sem eru í 100 kílógrömmum af afurðinni.
 7. *Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við massa:* samanlagður, raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa.
-

III. VIÐAUKI

VÍNRAKTARSVÆÐI

1. Vínraktarsvæði A nær yfir:
 - a) í Þýskalandi: öll vínraktarsvæði, önnur en þau sem eru hluti af vínraktarsvæði B,
 - b) í Lúxemborg: lúxemborgska vínraktarsvæðið,
 - c) í Belgíu, Hollandi, Danmörku, á Írlandi, í Svíþjóð og Breska konungsríkinu: vínraktarsvæði þessara landa.
2. Vínraktarsvæði B nær yfir:
 - a) í Þýskalandi: vínraktarsvæði í tilgreinda héraðinu Baden,
 - b) í Frakklandi: vínraktarsvæði í þeim sýslum, sem ekki er getið í þessum viðauka, og í eftirfarandi sýslum:
 - í Alsace: Bas-Rhin, Haut-Rhin,
 - í Lorraine: Meurthe-et-Moselle, Meuse, Moselle, Vosges,
 - í Champagne: Aisne, Aube, Marne, Haute-Marne, Seine-et-Marne,
 - í Jura: Ain, Doubs, Jura, Haute-Saône,
 - í Savoie: Savoie, Haute-Savoie, Isère (sveitarfélagið Chapareillan),
 - í Val de Loire: Cher, Deux-Sèvres, Indre, Indre-et-Loire, Loir-et-Cher, Loire-Atlantique, Loiret, Maine-et-Loire, Sarthe, Vendée, Viene, og vínraktarsvæði í sýsluverfinu Cosne-sur-Loire í sýslunni Nièvre:
 - c) í Austurríki: austurríska vínraktarsvæðið.
3. Vínraktarsvæði C I a) nær yfir:
 - a) í Frakklandi: vínraktarsvæði
 - í eftirfarandi sýslum: Allier, Alpes-de-Haute-Provence, Hautes-Alpes, Alpes-Maritimes, Ariège, Aveyron, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Corrèze, Côte-d'Or, Dordogne, Haute-Garonne, Gers, Gironde, Isère (að undanskildu sýsluverfinu Chapareillan), Landes, Loire, Haute-Loire, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Nièvre (að undanskildu sýsluverfinu Cosne-sur-Loire), Puy-de-Dôme, Pyrénées-Atlantiques, Hautes-Pyrénées, Rhône, Saône-et-Loire, Tarn, Tarn-et-Garonne, Haute-Vienne, Yonne,
 - í sýsluverfunum Valence og Die í sýslunni Drôme (að undanskildum kantónunum Dieulefit, Loriol, Marsanne og Montélimar),
 - í sýslunni Ardèche, í sýsluverfinu Tournon og í kantónunum Antraigues, Buzet, Coucouron, Montpezat-sous-Bauzon, Privas, Saint-Etienne de Lugdarès, Saint-Pierre-ville, Valgorge og la Voulte-sur-Rhône;
 - b) á Spáni, í héruðunum Asturias, Cantabria, Guipúzcoa, La Coruña og Vizcaya,
 - c) í Portúgal, í þeim hluta héraðsins Norte sem svarar til hins tiltekna vínsvæðis „Vinho Verde“, einnig í „Concelhos de Bombarral, Laurinh, Mafra e Torres Vedras“ (að undanskildu „Freguesias da Carvoeira e Dois Portos“), sem tilheyrir „Região vitícola da Extremadura“.
4. Á Ítalíu, nær vínraktarsvæði C I b) yfir svæði þar sem víniður er ræktaður í héraðinu Valle d'Aosta og í fylkjunum Sondrio, Bolzano, Trento og Belluno.
5. Vínraktarsvæði C II nær yfir:
 - a) í Frakklandi: vínraktarsvæði:
 - í eftirfarandi sýslum: Aude, Bouches-du-Rhône, Gard, Hérault, Pyrénées-Orientales (að undanskildum kantónunum Olette og Arles-sur-Tech) og Vaucluse,

- í þeim hluta sýslunnar Var sem í suðri afmarkast af norðurmörkum sveitarfélaganna Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,
 - í sýsluverfinu Nyons og kantónunum Dieulefit, Loiról, Marsanne og Montélimar í sýslunni Drôme,
 - í þeim hlutum Ardèche-sýslunnar sem ekki eru taldir upp í a-lið 3. liðar,
- b) á Ítalíu, vínræktarsvæði í eftirfarandi héruðum: Abruzzi, Campagnia, Emilia-Romagna, Friuli-Venezia Giulia, Lazio, Liguria, Lombardía (að undanskildu fylkinu Sondrio), Marche, Molise, Piedmont, Toscana, Úmbria, Veneto (að undanskildu fylkinu Belluno), þar á meðal eyjarnar sem tilheyra þessum héruðum, svo sem eyjan Elba og aðrar eyjar Toscana-eyjaklasans, Ponziane-eyjar, Capri og Ischia,
- c) á Spáni: vínræktarsvæði:
- í eftirfarandi héruðum:
 - Lugo, Orense, Pontevedra,
 - Ávila (að undanskildum sveitarfélögum sem tilheyra hinu tiltekna vínræktarsvæði Cebreros), Burgos, León, Palencia, Salamanca, Segovia, Soria, Valladolid, Zamora,
 - La Rioja,
 - Álava,
 - Navarra,
 - Huesca,
 - Barcelona, Gerona, Lérida,
 - í þeim hluta héraðsins Zaragoza sem liggur norðan árinna Ebro,
 - í þeim sveitarfélögum héraðsins Tarragona þar sem skráða upprunaheitið Penedés á við.
 - í þeim hluta héraðsins Tarragona sem svarar til hins tiltekna vínræktarsvæðis Conca de Barberá.
6. Vínræktarsvæði C III a) nær, í Grikklandi yfir svæði í eftirfarandi sýslum (nomoi): Florina, Imathia, Kilkis, Grevena, Larisa, Ioannina, Levkas, Achaca, Messinia, Arkadia, Korinthia, Iraklio, Khandia, Rethimni, Samos, Lasithi og á eyjunni Thira (Santorini).
7. Vínræktarsvæði C III b) nær yfir:
- a) í Frakklandi: vínræktarsvæði:
- í sýslum Korsíku,
 - í þeim hluta sýslunnar Var sem nær frá hafi og að mörkum sveitarfélaganna (sem sjálf eru meðtalin) Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,
 - í kantónunum Olette og Arles-sur-Tech í sýslunni Pyrénées-Orientales,
- b) á Ítalíu, svæði vínræktarsvæði í eftirfarandi héruðum: Calabria, Basilicata, Puglia, Sardegna og Sicilia, að meðtöldum eyjum sem tilheyra þessum héruðum, svo sem Pantelleria og eyjarnar Eolie, Egadi og Pelagie,
- c) á Grikklandi: vínræktarsvæði sem ekki eru talin upp í 6. lið,
- d) á Spáni: vínræktarsvæði sem ekki eru talin með í b-lið 3. liðar eða c-lið 5. liðar,
- e) í Portúgal: vínræktarsvæði í þeim héruðum sem ekki teljast til vínræktarsvæðis C I a).
8. Afmörkun yfirráðasvæða, sem falla undir stjórnsýslueiningarnar, sem um getur í þessum viðauka, er í samræmi við landsbundin ákvæði, sem eru í gildi 15. desember 1981, og að því er varðar Spán, þarlend ákvæði, sem eru í gildi 1. mars 1986, og að því er varðar Portúgal, þarlend ákvæði sem eru í gildi 1. mars 1998.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LEYFILEGAR VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUADFERÐIR OG VINNSLU

1. Vínfræðilegar vinnsluáferðir og vinnsla sem heimilt er að beita þegar um er að ræða ferskar þrúgur, þrúgumust, þrúgumust í gerjun, þrúgumust í gerjun fengið úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni og nýtt vín enn í gerjun:
 - a) loftun eða viðbót súrefnis,
 - b) hitameðferð,
 - c) skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregs síunarhjálparefnis, með því skilyrði að engar óæskilegar leifar verði eftir í afurðum sem eru þannig meðhöndlaðar,
 - d) notkun á koltvísýringi, argoni eða kófnunarefni, einu sér eða í samsetningum, eingöngu til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla afurðina án þess að hún komist í snertingu við loft,
 - e) notkun vingers til vínframleiðslu,
 - f) notkun einnar eða fleiri af eftirfarandi áferðum til að örva gervöxt,
 - viðbót díammóníumfosfats eða ammóníumsúlfats innan tiltekinnar markar,
 - viðbót ammóníumsúlfats eða ammóníumbísúlfats innan tiltekinnar markar,
 - viðbót þíamínhýdróklóríðs innan tiltekinnar markar,
 - g) notkun á brennisteinsdíoxíði, kalíumbísúlfíti eða kalíummetabísúlfíti, sem er einnig nefnt kalíumdísúlfít eða kalíumpýrósfít,
 - h) fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum áferðum,
 - i) meðhöndlun á hvítu musti og nýju hvítvíni, sem er enn í gerjun, með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar, innan tiltekinnar markar,
 - j) felling (clarification) með einu eða fleirum af eftirfarandi efnum til vínfræðilegrar notkunar:
 - ætu gelatíni
 - fiskilími,
 - kasíni og kalíumkasínati,
 - eggjahvítu og/eða mjólkurhvítu,
 - bentóníti,
 - kísildíoxíði í gelformi eða sem kvoðulausn,
 - kaólíni,
 - tanníni,
 - pektínkljúfandi ensím,
 - ensímblanda með betaglúkanasa, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
 - k) notkun sorbínsýru eða kalíumsorbats,
 - l) notkun vinsýru til sýringar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í E- og G-þáttum V. viðauka,
 - m) notkun eins eða fleiri eftirfarandi efna til afsýringar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í E- og G-þáttum V. viðauka:
 - hlutlauss kalíumtartrats,
 - kalíumbíkarbónats,

- kalsíumkarbónats, sem getur innihaldið tvíkalsíumsalt úr L-(+)-vínsýru og L-(-)-eplasýru í litlu magni,
 - kalsíumtartrats,
 - vínsýru, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
 - einsleitrar blöndu vínsýru og kalsíumkarbónats í jöfnum hlutföllum og finmulðið,
- n) notkun á resíni úr aleppófur, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
- o) notkun á efnablöndum úr frumuvegg gersveppa, innan tiltekinna marka,
- p) notkun á pólývínýlpólýpýrrólídoni innan tiltekinna marka og að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
- q) notkun á mjólkursýrugerlum í vínlausn, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
- r) viðbót lýsósíms innan tiltekinna marka og að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar
2. Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla sem heimilt er að beita á þrúgumust, sem ætlað er til framleiðslu á hreinsuðu þrúgumustsþykkni:
- a) loftun,
 - b) hitameðferð,
 - c) skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregra síunarhjálparefna, með því skilyrði að engar óæskilegar leifar verði eftir í afurðinni sem er meðhöndluð á þennan hátt,
 - d) notkun á brennisteinsdíoxíði, kalíumbísúlfíti eða kalíummetabísúlfíti, sem einnig er nefnt kalíumdísúlfít eða kalíumpýrósólfít,
 - e) fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum,
 - f) meðhöndlun með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar,
 - g) notkun á kalsíumkarbónati, sem getur innihaldið tvíkalsíumsalt úr L-(+)-vínsýru og L-(-)-eplasýru í litlu magni,
 - h) notkun á jónaskiptaresínum, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar.
3. Vinnsla og vínfræðileg vinnsluaðferðir sem heimilt er að beita á þrúgumust í gerjun sem ætlað er beint til neyslu sem slíkt, vín sem hentar til framleiðslu borðvín, borðvín, freyðivín, loftblönduð freyðivín, hálfreyðandi vín, loftblönduð hálfreyðandi vín, líkjörvín og gæðavin f.t.h.:
- a) notkun, í þurrum vínnum og í magni sem ekki er umfram 5%, á ferskum dreggjum sem eru heilnæmar og óþynntar og innihalda ger úr nýlegri vínframleiðslu á þurru víni,
 - b) loftun eða loftbólun með argoni eða köfnunarefni,
 - c) hitameðferð,
 - d) skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregs síunarhjálparefnis, með því skilyrði að engar óæskilegar leifar verði eftir í afurðunum sem eru meðhöndlaðar á þennan hátt,
 - e) notkun á koltvísýringi, argoni eða köfnunarefni, einu sér eða í samsetningum, eingöngu til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla afurðina án þess að hún verði fyrir áhrifum frá lofti,
 - f) viðbót koltvísýrings, innan tiltekinna marka,
 - g) notkun, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á brennisteinsdíoxíði, kalíumbísúlfíti eða kalíummetabísúlfíti, sem einnig er nefnt kalíumdísúlfít eða kalíumpýrósólfít,

- h) viðbót sorbínsýru eða kalíumsorbats, að því tilskildu að endanlegt sorbínsýruinnihald meðhöndlaðrar afurðar, þegar hún er sett á markað til beinnar neyslu, sé ekki meira en 200 mg/l,
- i) viðbót L-askorbínsýru að tilteknum mörkum,
- j) viðbót sítrónusýru til að stöðga vín, innan tiltekinna marka,
- k) notkun vínsýru til sýringar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í E- og G-þáttum V. viðauka,
- l) notkun eins eða fleiri eftirfarandi efna til afsýringar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í E- og G-þáttum V. viðauka:
- hlutlauss kalíumtartrats,
 - kalíumbíkarbónats,
 - kalsíumkarbónats, sem getur innihaldið tvíkalsíumsalt úr L-(+)-vínsýru og L-(-)-eplásýru í litlu magni,
 - kalsíumtartrats,
 - vínsýru, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
 - einsleitrar blöndu vínsýru og kalsíumkarbónats í jöfnum hlutföllum og finmulið,
- m) felling með einu eða fleirum af eftirfarandi efnum til vínfræðilegrar notkunar:
- ætu gelatíni
 - fiskilími,
 - kasíni og kalíumkasínati,
 - eggjahvítu og/eða mjólkurhvítu,
 - bentóníti,
 - kísildíoxíði í hlaupformi eða sem kvoðulausn,
 - kaólíni,
 - ensímblanda með betaglúkanasa, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
- n) viðbót tanníns,
- o) meðhöndlun hvítvíns með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar, innan tiltekinna marka,
- p) meðhöndlun, að uppfylltum skilyrðum sem verður mælt nánar fyrir um:
- á þrúgumusti í gerjun sem ætlað er beint til neyslu, hvítvíni og rósavíni með kalíumferrósýaníði,
 - á rauðvíni með kalíumferrósýaníði eða kalsíumfýtati,
- q) viðbót metavínsýru, innan tiltekinna marka,
- r) notkun á akasíu,
- s) notkun á DL-vínsýru, eða á hlutlausu kalíumsalti hennar, að uppfylltum skilyrðum sem nánar verður mælt fyrir um, til að fella út umframkalsíum,
- t) notkun einhvers eftirfarandi efna til framleiðslu á freyðivíni, sem fæst með gerjun í flösku og dreggjarnar eru skildar frá með því að opna flöskuna (disgorging):
- kalsíumalgínats,
 - eða
 - kalíumalgínats.

- ta) notkun á vingeri, þurru eða í vínlausn, til framleiðslu freyðivíns,
 - tb) viðbót þíamíns og ammóníumsalta í grunnvínin til að örva vöxt gersveppa, við freyðivínsframleiðslu, með eftirtöldum skilyrðum:
 - að því er varðar næringarsölt: díammóníumfosfat eða ammóníumsúlfat innan tiltekinna marka,
 - að því er varðar vaxtarþætti: þíamín í formi þíamínhýdróklóríðs, innan tiltekinna marka,
 - u) notkun á paraffínskífum, gegnvættum af allýlísóþíósýanati, til að skapa dauðhreinsaðar aðstæður, eingöngu í aðildarríkjum þar sem hefð er fyrir slíku og svo fremi það sé ekki bannað í landslögum, að því tilskildu að þær séu eingöngu notaðar í flátum sem rúma meira en 20 lítra og að ekki finnist neinar leifar af allýlísóþíósýanati í víninu,
 - v) viðbót eftirfarandi efna til að örva útfellingu vínsteins,
 - kalíumbítartrats
 - kalsíumtartrats, innan marka og að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
 - w) notkun á koparsúlfati til að eyða röngu bragði eða lykt af víninu, innan tiltekinna marka,
 - x) notkun á efnablöndum með frumuvegg gersveppa, innan tiltekinna marka,
 - y) notkun á pólývínýlpólýpýrrólídoni innan tiltekinna marka og samkvæmt skilyrðum sem verða tilgreind nánar
 - z) notkun mjólkursýrugerla í vínlausn, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar,
 - za) viðbót karamellu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ⁽¹⁾ til að styrkja lit líkjörvina og gæðalíkjörvina f.t.h.,
 - zb) viðbót lýsósíms, innan marka og að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar.
4. Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnsla sem einungis má beita á afurðirnar, sem um getur í inngangsetningu 3. liðar, að uppfylltum skilyrðum sem verða tilgreind nánar:
- a) viðbót súrefnis,
 - b) meðferð með rafskiljun til að tryggja stöðgun vínsins með tilliti til vínsýrumagns,
 - c) notkun á úreasa til að draga úr styrk þvagefnis í víni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

V. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK OG SKILYRÐI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TILTEKNAR VÍNFRÆÐILEGAR AÐFERÐIR

A. Innihald brennisteinsdíoxíðs

1. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í vínunum, öðrum en freyðvínunum og líkjörvínunum má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:
 - a) 160 milligrömm á lítra í rauðvínunum og
 - b) 210 milligrömm á lítra í hvítvínunum og rósavínunum.
2. Þrátt fyrir a- og b-lið 1. liðar skal auka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, að því er varðar vín sem inniheldur a.m.k. fimm grömm af sykurleifum á lítra, gefið upp sem andsykur, í:
 - a) 210 milligrömm á lítra í rauðvínunum og 260 milligrömm á lítra í hvítvínunum og rósavínunum,
 - b) 300 milligrömm á lítra í:
 - vínunum sem mega bera lýsinguna „Spätlese“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins,
 - gæðahvítvínunum f.t.h. sem mega bera skráðu upprunaheitin Bordeaux supérieur, Graves de Vayres, Côtes de Bordeaux, St Macaire, Première Côtes de Bordeaux, Ste-Foy Bordeaux, Côtes de Bergerac (hvort sem lýsingin „Côtes de Saussignac“ fylgir á eftir eða ekki). Haut Montravel, Côtes de Montravel og Rosette,
 - gæðahvítvínunum f.t.h. sem mega bera upprunaheitin Allela, La Mancha, Navarra, Penedés, Rioja, Rueda, Tarragona og Valencia,
 - hvítum gæðavínunum f.t.h. sem upprunnin eru í Breska konungsríkinu, sem lýst er með og þau sett fram, í samræmi við breska löggjöf, undir heitinu „botrytis“ eða öðrum samsvarandi heitum, svo sem „noble harvest“, „noble late harvested“ eða „special late harvested“,
 - c) 350 milligrömm á lítra í vínunum sem mega bera lýsinguna „Auslese“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins og í hvítvínunum sem er lýst sem „afburðavin með upprunaheiti“, í samræmi við löggjöf Rúmeníu og mega bera eitt af eftirfarandi heitum: Murfatlar, Cotnari, Timave, Pietroasele, Valea Calugareasca,
 - d) 400 milligrömm á lítra í vínunum sem mega bera lýsinguna „Beerenauslese“, „Ausbruch“, „Ausbruchwein“ og „Trockenbeerenauslese“ og „Eiswein“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins og í gæðahvítvínunum f.t.h. sem mega bera skráðu upprunaheitin Sauternes, Barsac, Cadillac, Cérons, Loupiac, Sainte-Croix-du-Mont, Monbazillac, Bonnezeaux, Quarts de Chaume, Coteaux du Layon, Coteaux de l'Aubance, Graves Supérieures og Jurançon.
3. Ef veðurskilyrði gera það nauðsynlegt er heimilt að ákveða að hlutaðeigandi aðildarríki geti, á tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins og að því er varðar vín sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra, heimilað að hækka megi hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem er undir 300 milligrömmum á lítra og um getur í þessum lið, um 40 milligrömm á lítra.
4. Aðildarríkjunum er heimilt að beita strangari ákvæðum um vín sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra.

B. Innihald rokgjarnrar sýru

1. Hámarksinnihald rokgjarnrar sýru má ekki vera umfram:
 - a) 18 millijafngildi á lítra í þrúgumusti í gerjun,
 - b) 18 millijafngildi á lítra í hvítvíni og rósavíni og, til 31. desember 1989 í síðasta lagi, í afurðum blöndunar (coupage) hvítvíns og rauðvíns á yfirráðasvæði Spánar eða
 - c) 20 millijafngildi á lítra í rauðvínunum.

2. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. lið, gilda:
 - um afurðir úr þrúgum sem eru tíndar innan Bandalagsins, á framleiðslustigi og á öllum stigum markaðssetningar og sölu,
 - um þrúgumust í gerjun og vín, sem eru upprunnin í þriðju löndum, á öllum stigum eftir að þau koma inn á yfirráðasvæði Bandalagsins.
3. Setja má ákvæði um undantekningar frá 1. lið, að því er varðar:
 - a) tiltekin gæðavín f.t.h. og tiltekin borðvín sem merkt eru með landfræðilegri merkingu ef þau:
 - hafa þroskast í a.m.k. tvö ár eða
 - hafa verið framleidd með sérstökum aðferðum,
 - b) vín með a.m.k. 13% heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

C. Mörk auðgunar

1. Ef veðurskilyrði gera það nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins er hlutaðeigandi aðildarríkjum heimilt að leyfa aukningu á náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun og nýju víni, sem er enn í gerjun, fengin úr vínviðaryrkjunum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr., og einnig í vínunum, sem henta til framleiðslu borðvins, og í borðvínunum.
2. Ekki er heimilt að leyfa aukningu á náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál að því er varðar afurðirnar sem um getur í 1. lið, nema lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls í þeim sé eftirfarandi
 - a) á vínræktarsvæði A: 5% miðað við rúmmál,
 - b) á vínræktarsvæði B: 6% miðað við rúmmál,
 - c) á vínræktarsvæði C I a): 7,5% miðað við rúmmál,
 - d) á vínræktarsvæði C I b): 8% miðað við rúmmál,
 - e) á vínræktarsvæði C II: 8,5% miðað við rúmmál,
 - f) á vínræktarsvæðum C III: 9% miðað við rúmmál.
3. Til að auka náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál skal beita vínfræðilegu aðferðunum, sem um getur í D-þætti, og má styrkleikinn ekki fara yfir eftirfarandi mörk:
 - a) á vínræktarsvæði A: 3,5% miðað við rúmmál,
 - b) á vínræktarsvæði B: 2,5% miðað við rúmmál,
 - c) á vínræktarsvæðum C: 2% miðað við rúmmál.
4. Þau ár, þegar veðurskilyrði hafa verið einstaklega óhagstæð, er heimilt að hækka viðmiðunarmörkin fyrir aukningu alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem um getur í 3. lið, að eftirfarandi mörkum:
 - a) á vínræktarsvæði A: 4,5% miðað við rúmmál,
 - b) á vínræktarsvæði B: 3,5% miðað við rúmmál.

D. Auðgun

1. Aðeins má auka náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem kveðið er á um í C-lið:
 - a) að því er varðar ferskar þrúgur, þrúgumust í gerjun eða nýtt vín enn í gerjun: með því að bæta við súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni,
 - b) að því er varðar þrúgumust: með því að bæta við súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni, eða með þykkingu að hluta til, þ.m.t. himnusiun (reverse osmosis) og
 - c) að því er varðar vín sem hentar til framleiðslu borðvins og borðvín, með þykkingu að hluta til með kælingu.

2. Aðeins má nota eina af aðferðunum sem um getur í 1. lið.
3. Viðbót súkrósa, sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. liðar, má eingöngu framkvæma með þurrsýkrun og aðeins á vínræktarsvæðum þar sem hefð er fyrir slíku eða slíkt hefur verið gert í undantekningatilvikum í samræmi við löggjöf sem var í gildi 8. maí 1970.
4. Viðbót þrúgumustsþykkis eða hreinsaðs þrúgumustsþykkis má ekki hafa þau áhrif að upprunalegt rúmmál í ferskum, krömdum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun eða nýju víni enn í gerjun aukist um meira en 11% á vínræktarsvæði A, 8% á vínræktarsvæði B og 6,5% á vínræktarsvæðum C.
5. Ef 4. lið C-þáttar er beitt skal hækka mörkin fyrir rúmmál í 15% á vínræktarsvæði A og í 11% á vínræktarsvæði B.
6. Þykking þrúgumusts, fyrir vín, sem hentar til framleiðslu á borðvíni, eða borðvín, sem látið er gangast undir þessa vinnslu, má ekki hafa þau áhrif að minnka upprunalegt rúmmál þessara afurða um meira en 20% og má aldrei auka náttúrulegan alkóhólstyrkleika þeirra um meira en 2% miðað við rúmmál.
7. Framangreind vinnsla skal aldrei hafa þau áhrif að auka heildaralkóhólstyrkleika í ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni enn í gerjun, víni sem hentar til framleiðslu borðvins eða borðvíni í meira en 11,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A, 12% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B, 12,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C I (a) og C I (b), 13% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C II og 13,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C III.
8. Að því er varðar rauðvín má þó auka heildaralkóhólstyrkleika afurðanna, sem um getur í 7. lið, í 12% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A og 12,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B.
9. Ekki er heimilt að þykkja vín, sem henta til framleiðslu borðvins, og borðvín ef afurðirnar, sem þau eru framleidd úr, hafa sjálfar verið látnar gangast undir einhverja þá aðferð sem um getur í a- og b-lið 1. liðar.

E. Sýring og afsýring

1. Ferskar þrúgur, þrúgumust, þrúgumust í gerjun, nýtt vín, sem er enn í gerjun, og vín mega gangast undir:
 - a) afsýringu, að hluta til, á vínræktarsvæðum A, B, C I (a) og C I (b),
 - b) sýringu og afsýringu á vínræktarsvæðum C II og C III (a), sbr. þó 3. lið,
eða
 - c) sýringu á vínræktarsvæði C III b).
2. Sýring afurðanna, annarra en vins, sem um getur í 1. mgr., má aðeins nema 1,50 g/l að hámarki, gefið upp sem vinsýra, eða 20 millijafngildum á lítra.
3. Sýring vína má aðeins nema 2,50 g/l að hámarki, gefið upp sem vinsýra, eða 33,3, millijafngildum á lítra.
4. Afsýring vína má aðeins nema 1 g/l að hámarki, gefið upp sem vinsýra, eða 13,3, millijafngildum á lítra.
5. Þá má afsýra að hluta þrúgumust sem er ætlað til þykkingar.
6. Þau ár, þegar veðurskilyrði hafa verið óvenjuleg, mega aðildarríkin leyfa sýringu afurðanna, sem um getur í 1. lið, á vínræktarsvæðum C I a) og C I b), samkvæmt skilyrðunum sem um getur í 1. lið, að því er varðar svæði C II, C III a) og C III b).
7. Ekki er heimilt að sýra og auðga eina og sömu afurð, nema með undanþágu, sem veitt er í hverju tilviki fyrir sig, og ekki má heldur sýra og afsýra eina og sömu afurð.

F. Sætun

1. Aðeins skal heimila sætun á borðvíni:
 - a) með þrúgumusti sem hefur að hámarki sama heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og viðkomandi borðvín, ef fersku þrúgurnar, þrúgumustið, þrúgumustið í gerjun, nýja vínið, sem er enn í gerjun, vínið, sem hentar til framleiðslu borðvins, eða borðvínið sjálft hafa gengist undir einhverja þá vinnslu sem um getur í 1. lið D-þáttar,
 - b) með þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða þrúgumusti, að því tilskildu að heildaralkóhólstyrkleiki í umræddu borðvíni sé ekki aukinn um meira en 2% miðað við rúmmál, ef afurðirnar, sem um getur í a-lið, hafa ekki gengist undir einhverja þá vinnslu sem um getur í 1. lið D-þáttar
2. Sætun innfluttra vína, sem bera landfræðilegar merkingar og ætluð eru til beinnar neyslu, er bönnuð á yfirráðasvæði Bandalagsins.
3. Sætun innfluttra vína, annarra en þeirra sem um getur í 2. lið, skal falla undir reglur sem nánar verða tilgreindar.

G. Vinnsla

1. Ekki skal leyfa neins konar vinnslu, sem um getur í D- og E-þáttum, að undanskilinni sýringu og afsýringu vína, nema hún fari fram, að uppfylltum skilyrðum sem nánar verða tilgreind, á meðan verið er að breyta fersku þrúgunum, þrúgumustinu, þrúgumustinu í gerjun eða nýja víninu, sem er enn í gerjun, í vín, sem hentar til framleiðslu borðvins, borðvín eða aðra drykki, ætlaða til beinnar neyslu, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., aðra en freyðivín eða loftblandað freyðivín, á vínræktarsvæðinu þar sem fersku þrúgurnar, sem notaðar eru, voru tíndar.
2. Hið sama gildir um þykkingu, sýringu og afsýringu vins sem hentar til framleiðslu borðvína.
3. Þykking borðvína verður að fara fram á því vínræktarsvæði þar sem fersku þrúgurnar, sem notaðar eru, voru tíndar.
4. Sýring og afsýring vína má aðeins fara fram í vínframleiðslufyrirtækinu og á vínræktarsvæðinu þar sem þrúgurnar, sem notaðar eru til framleiðslu á viðkomandi víni, voru tíndar.
5. Tilkynna verður lögbærum yfirvöldum um hvers kyns meðhöndlun sem um getur í 1. til 4. lið. Hið sama gildir um magn súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsaðs þrúgumustþykkni sem einstaklingar, lögaðilar eða hópar slíkra aðila, einkum framleiðendur, átapparar, vinnsluaðilar og heildsalar, sem nánar verða tilgreindir, geyma í tengslum í starf sitt, á sama tíma og sama stað og ferskar þrúgur, þrúgumust, þrúgumust í gerjun eða vín í lausu máli. Færsla í innfærsluskra og skrá yfir nýtingu birgða getur þó komið í stað tilkynningar um slíkt magn.
6. Skrá verður hverja þá vinnslu, sem um getur í E-þætti í fylgiskjalið sem fylgir afurðum, sem hafa gengist undir slíka vinnslu, þegar þær eru settar í dreifingu.
7. Slík vinnsla má, með fyrirvara um undanþágur sem rökstuddar eru á grundvelli óvenjulegra veðurskilyrða, aðeins fara fram:
 - a) fyrir 1. janúar á vínræktarsvæði C,
 - b) fyrir 16. mars, á vínræktarsvæðum A og B,og eingöngu að því er varðar afurðir úr næstu þrúguuppskeru á undan þessum dagsetningum.
8. Hins vegar er heimilt að þykkja vín með kælingu og sýra og afsýra vín allt árið um kring.

H. Freyðivín

1. Í þessum þætti og I-þætti þessa viðauka og K-þætti VI. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) *vínlöggun* („*cuvée*“):

- þrúgumust,
 - vín,
 - blanda þrúgumusts og/eða vína með mismunandi einkenni,
- sem ætlað er til framleiðslu á tiltekinni tegund freyðivína,

b) „*Tirage-líkjör*“,

afurð sem bætt er í vínlöggun til að koma seinni gerjun af stað,

c) „*expedition-líkjör*“,

afurð sem bætt er í freyðivín til að gefa þeim tiltekin bragðeinkenni.

2. Expedition-líkjör má aðeins innihalda:

- súkrósa,
- þrúgumust,
- þrúgumust í gerjun,
- þrúgumustsþykkni,
- hreinsað þrúgumustsþykkni,
- vín eða
- blöndu þessara afurða,

ásamt mögulegri viðbót véneimis.

3. Með fyrirvara um auðgun innihaldsefna vínlögunar, sem heimiluð er samkvæmt þessari reglugerð, er öll auðgun vínlögunar bönnuð.

4. Hvert aðildarríki getur þó, að því er varðar svæði og yrki þar sem tæknilegur rökstuðningur liggur fyrir, leyft auðgun vínlögunar á tilreiðslustað freyðivínanna, að uppfylltum skilyrðum sem nánar verður mælt fyrir um. Slíka auðgun má framkvæma með því að bæta við súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni. Hana má framkvæma með því að bæta við súkrósa eða þrúgumustsþykkni, þar sem hefð er fyrir þessari aðferð eða henni hefur verið beitt í undantekningartilvikum í hlutaðeigandi aðildarríki, samkvæmt reglum sem voru í gildi þann 24. nóvember 1974. Aðildarríkin geta engu að síður útilokað notkun á þrúgumustsþykkni.

5. Viðbót tirage-líkjörs og expedition-líkjörs skal hvorki teljast auðgun né sætun. Viðbót tirage-líkjörs má ekki verða til þess að heildaralkóhólstyrkleiki vínlögunarinnar aukist um meira en 1,5% miðað við rúmmál. Aukninguna skal mæla þannig að reiknaður er út munurinn á heildaralkóhólstyrkleika vínlögunarinnar miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleika freyðivínsins miðað við rúmmál, áður en nokkrum expedition-líkjör er bætt út í.

6. Viðbót expedition-líkjörs skal framkvæma þannig að raunverulegur alkóhólstyrkleiki freyðivínsins miðað við rúmmál aukist ekki um meira en 0,5% miðað við rúmmál.

7. Sætun vínlögunar og innihaldsefna hennar er bönnuð.

8. Auk þess að sýra eða afsýra innihaldsefni vínlögunarinnar er heimilt, í samræmi við önnur ákvæði þessa viðauka, að sýra eða afsýra vínlögunina. Ef vínlöggun er sýrð má ekki afsýra hana. Sýring má aðeins nema 1,5 grömmum á lítra að hámarki, gefið upp sem vinsýra, þ.e. 20 millijafngildum á lítra.

9. Þau ár þegar veðurskilyrði eru óvenjuleg má hækka hámarksgildið úr 1,5 grömmum á lítra eða 20 millijafngildum á lítra í 2,5 grömm á lítra eða 34 millijafngildi á lítra, að því tilskildu að náttúrulegt sýruinnihald afurðanna sé ekki minna en 3 g/l, gefið upp sem vínsýra, eða 40 millijafngildi á lítra.

10. Koltvísýringur í freyðivínunum má aðeins stafa af alkóhólgerjun vínlögunarinnar sem vínið er framleitt úr.

Slík gerjun má einungis stafa af viðbót tirage-líkjörs, nema um sé að ræða gerjun til að vinna freyðivín beint úr þrúgum, þrúgumusti eða þrúgumusti í gerjun. Hún má aðeins fara fram á flöskum eða í lokuðum tönkum.

Heimilt er að nota koltvísýring í tengslum við átöppun með mótþrýstingi undir eftirliti og með því skilyrði að þrýstingur koltvísýrings í freyðivíninu aukist ekki.

11. Að því er varðar freyðivín, önnur en gæðafreyðivín og gæðafreyðivín f.t.h.:

a) skal heildaralkóhólstyrkleiki vínlagana miðað við rúmmál sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál,

b) má tirage-líkjörinn, sem ætlaður er til framleiðslu þeirra, aðeins innihalda:

- þrúgumust,
- þrúgumust í gerjun,
- þrúgumustsþykkni,
- hreinsað þrúgumustsþykkni eða
- súkrósa og vín,

c) skal raunverulegur alkóhólstyrkleiki þeirra miðað við rúmmál, þ.m.t. alkóhól sem viðbættur expedition-líkjör inniheldur, ekki vera minni en 9,5% miðað við rúmmál, sbr. þó 3. mgr. 44. gr.,

d) má heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í þeim ekki vera meira en 235 milligrömm á lítra, sbr. þó strangari ákvæði sem aðildarríkjunum er heimilt að setja um freyðivín sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra,

e) geta hlutaðeigandi aðildarríki leyft, ef veðurskilyrði gera það nauðsynlegt á tilteknum vínrektarsvæðum Bandalagsins, að auka megi hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs upp í 40 milligrömm á lítra fyrir þau vín á yfirráðasvæði þeirra sem um getur í 1. lið, að því tilskildu að vínið, sem fellur undir þessa heimild, sé ekki flutt út frá viðkomandi aðildarríki.

I. Gæðafreyðivín

1. Heildaralkóhólstyrkleiki vínlagana miðað við rúmmál, sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, skal ekki vera minni en 9% miðað við rúmmál,

2. Tirage-líkjörinn, sem er ætlaður til framleiðslu á gæðafreyðivíni, má aðeins innihalda:

- a) súkrósa,
- b) þrúgumustsþykkni,
- c) hreinsað þrúgumustsþykkni,
- d) þrúgumust eða þrúgumust í gerjun sem hægt er að gera úr vín sem hentar til framleiðslu borðvíns,
- e) vín sem hentar til framleiðslu borðvíns,
- f) borðvín,
eða
- g) gæðavín f.t.h.

3. Eftirfarandi gildir um ilmrið freyðivín:
- þau má einungis framleiða, nema með undanþágu, úr vínögun sem eingöngu er mynduð úr þrúgumusti eða þrúgumusti í gerjun sem fengið er úr þrúguyrkjum í skrá sem skal taka saman.

Þó má framleiða ilmrið gæðafreyðivín með því að bæta við vínögunina vínnum sem eru framleidd úr þrúgum af vínviðaryrkinu „Prosecco“ sem eru tíndar í héruðunum Trentino-Alto Adige, Veneto og Friuli-Venezia Giulia,
 - gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlisrænum aðferðum,
 - viðbót expedition-likjörs er bönnuð,
 - þrátt fyrir 4. lið K-þáttar VI. viðauka, má raunverulegur alkóhólstyrkleiki ilmriðra gæðafreyðivína ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál,
 - heildaralkóhólstyrkleiki ilmriðra gæðafreyðivína má ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál,
 - þrátt fyrir fyrsta máslíð 6. liðar K-þáttar í VI. viðauka verða ilmrið gæðafreyðivín að hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum,
 - þrátt fyrir 8. lið K-þáttar í VI. viðauka má lengd framleiðsluferlis ilmriðra gæðafreyðivína ekki vera skemmri en einn mánuður.
4. Aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að setja önnur eða strangari ákvæði um einkenni eða framleiðslu- og dreifingarskilyrði fyrir gæðafreyðivín sem falla undir þennan bálk og eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.
5. Framleiðsla gæðafreyðivíns fellur einnig undir reglurnar sem um getur í
- 1. til 10. liðar H-þáttar,
 - 4. lið og 6. til 9. liðar K-þáttar í VI. viðauka, sbr. þó d-, f- og g-lið þessa I-þáttar.

J. Líkjörvín

1. Nota skal eftirfarandi afurðir til framleiðslu á líkjörvíni,:
- þrúgumust í gerjun eða
 - vín eða
 - blöndu afurðanna sem um getur í undirlíðunum hér að framan eða
 - þrúgumust eða blöndu þrúgumusts og víns, fyrir tiltekin gæðalíkjörvín f.t.h. sem koma fram í skrá sem tekin verður saman.
2. Auk þess skal eftirfarandi bætt við:
- þegar um er að ræða líkjörvín og gæðalíkjörvín f.t.h. önnur en þau sem um getur í b-lið:
 - afurðunum hér á eftir, annað hvort einum sér eða í samsetningu:
 - hreinum vínanda, fengnum með eimingu á afurðum úr vingeiranum, þ.m.t. þurrkuðum þrúgum, með ekki minni alkóhólstyrkleika en 96% miðað við rúmmál og sem hefur til að bera einkenni sem eru tilgreind í ákvæðum Bandalagsins,
 - véneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum með ekki minni alkóhólstyrkleika en 52% miðað við rúmmál, og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál, og sem hefur til að bera einkenni, sem nánar verða tilgreind,
 - ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:
 - þrúgumustsþykkni,
 - afurðinni, sem fæst með því að blanda saman einni af afurðunum, sem taldar eru upp í i. lið, og þrúgumusti, sem um getur í fyrsta eða fjórða undirlíð 1. liðar,

- b) þegar um er að ræða gæðalíkjörvín f.t.h., sem koma fram á skrá sem skal taka saman:
- i. annaðhvort afurðunum sem taldar eru upp í i. lið a-liðar, einum sér eða í samsetningu,
 - ii. eða einni eða fleirum af eftirfarandi afurðum:
 - alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum með ekki minni alkóhólstyrkleika en 95% miðað við rúmmál og ekki meiri en 96% miðað við rúmmál og sem hefur til að bera einkenni sem eru tilgreind í ákvæðum Bandalagsins eða, sé hið síðarnefnda ekki fyrir hendi, í viðeigandi ákvæðum landslaga,
 - brenndu víni, eimuðu úr víni eða þrúguhrati með ekki minni alkóhólstyrkleika en 52% miðað við rúmmál og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál, og sem hefur til að bera einkenni sem eru tilgreind í ákvæðum Bandalagsins eða, sé hið síðarnefnda ekki fyrir hendi, í viðeigandi ákvæðum landslaga,
 - brenndu víni, eimuðu úr þurrkuðum þrúgum með ekki minni alkóhólstyrkleika en 52% miðað við rúmmál og ekki meiri en 94,5% miðað við rúmmál og sem hefur til að bera einkenni sem eru tilgreind í ákvæðum Bandalagsins eða, séu þau ekki fyrir hendi, í viðeigandi ákvæðum landslaga,
 - iii. ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:
 - hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum,
 - þrúgumustsþykkni, fengnu með beinni hitun, og sem er, að undanskilinni þessari aðgerð, í samræmi við skilgreininguna á þrúgumustsþykkni,
 - þrúgumustsþykkni,
 - afurðinni sem fæst með því að blanda saman einni af afurðunum, sem taldar eru upp í ii. lið, og þrúgumusti sem um getur í fyrsta eða fjórða undirlið 1. liðar.
3. Afurðirnar, sem um getur í 1. lið og eru notaðar við framleiðslu á líkjörvínunum og gæðalíkjörvínunum f.t.h., mega aðeins hafa gengist undir, eftir því sem við á, þær vínfræðilegu vinnsluáðferðir og vinnslu sem um getur í þessari reglugerð.
4. Þó:
- a) má aukningin á náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál aðeins stafa af notkun á afurðunum, sem um getur í 2. lið, og
 - b) heimilt er að veita undanþágur fyrir tiltekna afurðir, þar sem hefð er fyrir slíku, og viðkomandi aðildarríki geta leyft notkun á kalsíumsúlfati, að því tilskildu að súlfatinnihald afurðarinnar, sem meðhöndluð hefur verið á þennan hátt, sé ekki meira en 2,5 g/l, gefið upp sem kalíumsúlfat. Enn fremur er heimilt að sýra þessar afurðir frekar með vínsýru sem nemur að hámarki 1,5 g/l.
5. Með fyrirvara um strangari ákvæði, sem aðildarríkin kunna að samþykkja fyrir líkjörvín og gæðalíkjörvín f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, skal heimilt að láta slíkar afurðir gangast undir þær vínfræðilegar vinnsluáðferðir og vinnslu sem um getur í þessari reglugerð.
6. Eftirfarandi er einnig leyfilegt:
- a) sætun, háð kröfu um tilkynningu og skráningu, hafi afurðirnar, sem eru notaðar, ekki verið auðgaðar með þrúgumustþykkni, með:
 - þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni, að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika umrædds sé ekki meiri en 3% víns miðað við rúmmál,
 - þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum, fyrir afurðir sem verða tilgreindar og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika umrædds víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,
 - þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni fyrir vín sem verða tilgreind og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,
 - b) viðbót alkóhóls, eimis eða brennds víns, eins og um getur í 1. og 2. lið, til að bæta fyrir tap vegna uppgufunar við þroskun,
 - c) þroskun í kerjum við hitastig, sem ekki er hærra en 50 °C, fyrir afurðir sem verða tilgreindar.

7. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í slíkum vínnum má, með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykkja fyrir líkjörvín og gæðalíkjörvín f.t.h. sem eru framleidd innan yferráðasvæðis þeirra, þegar þau er sett á markað til beinnar neyslu, ekki vera meira en:
 - a) 150 mg/l þegar innihald sykurleifa er minna en 5 g/l,
 - b) 200 mg/l þegar innihald sykurleifa er meira en 5 g/l,
 8. Vínviðaryrkin, sem afurðirnar, sem um getur í 1. lið, eru framleiddar úr og sem eru notaðar til framleiðslu á líkjörvínnum og gæðalíkjörvínnum f.t.h., skulu valin úr vínviðaryrkjunum, sem um getur í 5. mgr. 42. gr.
 9. Náttúrulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í afurðunum, sem um getur í 1. lið og eru notaðar til framleiðslu á líkjörvíni, öðru en gæðalíkjörvíni f.t.h., má ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál.
-

VI. VIÐAUKI

GÆÐAVÍN F.T.H.

A. Tilgreind héruð

1. „Tilgreint hérað“: eitt eða fleiri vínræktarsvæði, sem framleiða vín með sérstök gæðaeinkenni þar sem heiti héraðsins er notað til að merkja gæðavín f.t.h.
2. Sérhvert tilgreint hérað skal vera nákvæmlega afmarkað, eins og kostur er á grundvelli stakra vénekra eða vínræktarreita. Slík afmörkun skal vera í höndum hvers hlutaðeigandi aðildarríkis fyrir sig og skal, við hana, tekið tillit til þátta sem stuðla að gæðum vína sem framleidd eru í þessum héruðum, svo sem eðlis jarðvegs og jarðvegsgrunns, loftslags og staðsetningar vénekra eða vínræktarreita.
3. Tilgreind héruð eru merkt með landfræðilegu heiti sínu. Þó eru auknefnin:

— „Muscadet“,

— „Blanquette“,

— „Vinho Verde“,

— „Cava“, sem notað er um tiltekin gæðafreyðivín f.t.h.,

— „Manzanilla“

viðurkennd sem heiti á viðkomandi tilgreindum héruðum, sem hlutaðeigandi aðildarríki afmörkuðu og settu reglur um fyrir 1. mars 1986.

Að því er varðar vín sem freyða ekki er heimilt að nota orðið „Κάβα“ og/eða „Cava“ til að merkja grísk borðvín, til upplýsingar um þroskun slíkra vína.

4. Landfræðilegt heiti, sem auðkennir tilgreint hérað, skal vera svo nákvæmt og þekkt sem framleiðslusvæði að komist verði hjá ruglingi ef núverandi staða mála er höfð í huga.

B. Vínviðaryrki

1. Hvert aðildarríki skal taka saman skrá yfir vínviðaryrkin, sem um getur í 19. gr., sem henta til framleiðslu þeirra gæðavína f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þess. Þessi yrki verða að tilheyra tegundinni *Vitis vinifera*.
2. Fjarlægja skal þau vínviðaryrki, sem koma ekki fram í skránni, sem um getur í 1. lið, af vénekrum eða vínræktarreitum sem ætluð eru til framleiðslu á gæðavíni f.t.h.
3. Þrátt fyrir liðinn hér á undan er aðildarríkjunum þó heimilt að leyfa tilvist vínviðaryrkis, sem ekki kemur fram í skránni, í þrjú ár frá þeim degi þegar afmörkun tiltekins héraðs tekur gildi, ef afmörkunin fór fram eftir 31. desember 1979, að því tilskildu að vínviðaryrkið tilheyri tegundinni *Vitis vinifera* og að það sé ekki meira en 20% af vínviðaryrkjunum á hlutaðeigandi vénekrum eða vínræktarreit.
4. Í síðasta lagi við lok tímabilsins, sem mælt er fyrir um í 3. lið, mega einungis vínviðaryrki, sem koma fram í skránni sem um getur í 1. lið, vera á vénekrum eða vínræktarreitum sem eru ætluð til framleiðslu gæðavíns f.t.h. Sé þetta ákvæði ekki virt má ekkert þeirra vína, sem fengin eru úr þrúgum, tíndum á vénekrunni eða vínræktarreitnum, bera heitið „gæðavín f.t.h.“.

C. Vínræktaraðferðir

1. Hvert aðildarríki skal setja ákvæði um þær vínræktaraðferðir sem eru nauðsynlegar til að tryggja bestu mögulegu gæði gæðavína f.t.h.
2. Vökvun með áveitu innan vínræktarsvæðis má aðeins eiga sér stað að því marki sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur heimilað. Aðeins má heimila slíkt ef vistfræðilegar aðstæður réttlæta það.

D. Vinnslusvæði

1. Gæðavin f.t.h. má eingöngu framleiða:
 - a) úr þrúgum vinvíðaryrkja sem koma fram í skránni, sem kveðið er á um í 1. lið B-þáttar, og eru tíndar innan hins tilgreinda héraðs,
 - b) með því að vinna þrúgumust úr þrúgum, eins og um getur í a-lið, og vín úr mustinu, sem þannig er fengið, sem og með því að vinna vín og freyðivín úr þessum afurðum, innan tilgreinda héraðsins þar sem þrúgurnar eru tíndar
2. Þrátt fyrir a-lið 1. liðar er aðildarríkinu, sem er framleiðsluríki, ef um er að ræða hefðbundnar vinnsluaðferðir, sem heyra undir sérstök ákvæði þess, heimilt, til 31. ágúst 2003 í síðasta lagi, að fengnum gagngerum leyfum og að tilskildu viðeigandi eftirliti, að leyfa að gæðafreyðivín f.t.h. sé framleitt með því að breyta grunnafurðinni, sem vínið er framleitt úr, með því að bæta í hana einni eða fleiri vínafurðum sem eru ekki upprunnar í tilgreinda héraðinu sem vínið dregur nafn sitt af, að því tilskildu að:
 - í því tilgreinda héraði sé ekki framleidd sú tegund vínafurðar, sem bætt er í, er hafi til að bera sömu einkenni og afurðir sem ekki eru upprunnar þar,
 - breytingin sé í samræmi við vinnfræðilegar vinnsluaðferðir og skilgreiningar sem um getur í viðeigandi ákvæðum Bandalagsins,
 - heildarmagn viðbættra vínafurða, sem ekki eru upprunnar í tilgreinda héraðinu, fari ekki yfir 10% af heildarmagni afurða sem notaðar eru og eru upprunnar í tilgreinda héraðinu. Framkvæmdastjórnin getur þó, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr., heimilað aðildarríkinu að leyfa í undantekningartilvikum að prósentu viðbættra afurða sé hærri en 10% en þó ekki hærri en 15%. Undantekningunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, má beita, að því tilskildu að gert hafi verið ráð fyrir slíku fyrirkomulagi fyrir 31. desember 1995 í ákvæðum hlutaðeigandi aðildarríkis, sem er framleiðsluríki. Aðildarríkin skulu taka saman skrá yfir heiti gæðafreyðivína f.t.h., sem um getur í þessum lið, og senda hana framkvæmdastjórninni sem birtir hana í C-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna.
3. Þrátt fyrir b-lið 1. liðar er heimilt að framleiða gæðavin f.t.h., önnur en gæðafreyðivín f.t.h., á svæði í næsta nágrenni við hlutaðeigandi tilgreint hérað, ef slíkt er sérstaklega heimilað af hlutaðeigandi aðildarríki með tilteknum skilyrðum. Enn fremur geta aðildarríkin, með veitingu stakra heimilda og með fyrirvara um viðeigandi eftirlit, heimilað að gæðavin f.t.h. sé framleitt með því að vinna must úr þrúgum og vín úr mustinu, sem og með framleiðslu á slíku víni, jafnvel utan svæðisins í næsta nágrenni við hlutaðeigandi tilgreint hérað, ef um er að ræða hefðbundna vinnsluaðferð, að því tilskildu að vinnsluaðferðin:
 - hafi verið í notkun fyrir 1. september 1970 eða, ef um er að ræða aðildarríki sem gerðust aðilar að Bandalaginu eftir þann dag, fyrir gildistökudag aðildar þeirra,
 - hafi síðan þá verið í notkun án hlés og
 - taki til magns sem, að því er varðar umræddan vinnsluaðila, hefur ekki aukist síðan þá um meira en sem svarar til almennrar markaðsþróunar.

4. Þrátt fyrir b-lið 1. liðar er heimilt að framleiða gæðafreyðivín f.t.h., á svæði í næsta nágrenni við hlutaðeigandi tilgreint hérað, ef slíkt hefur verið sérstaklega heimilað af hlutaðeigandi aðildarríki með tilteknum skilyrðum.

Enn fremur geta aðildarríkin, með veitingu stakra heimilda eða með gagngerum leyfum til skemmri tíma en fimm ára og með fyrirvara um viðeigandi eftirlit, heimilað að gæðafreyðivín f.t.h. sé framleitt, jafnvel utan svæðisins í næsta nágrenni við hlutaðeigandi tilgreint hérað, ef um er að ræða hefðbundna vinnsluaðferð, að því tilskildu að vinnsluaðferðin hafi verið í notkun fyrir 24. nóvember 1974, eða, ef um er að ræða aðildarríki sem gerðust aðilar að Bandalaginu eftir þann dag, fyrir gildistökudag aðildar þeirra.

5. Einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, sem hefur með höndum þrúgur eða must, sem uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um, til framleiðslu gæðavíns f.t.h. annars vegar og aðrar afurðir, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hins vegar skulu tryggja að vínframleiðsla úr og geymsla á fyrrnefndum afurðum sé aðskilin, annars telst vínið, sem framleitt er, ekki vera gæðavín f.t.h.
6. Ákvæði þessa D-þáttar, að undanskildum 5. lið, gilda ekki um gæðalíkjörvín f.t.h.

E. Lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál

1. Hvert aðildarríki skal fastsetja lágmarksstyrkleika náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál fyrir hvert af gæðavínunum f.t.h. sem framleidd eru á yfirráðasvæði þess. Þegar þessi náttúrulegi alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál er ákvarðaður skal einkum taka tillit til alkóhólstyrkleika sem hefur verið skráður á undanföllum tíu árum. Aðeins uppskera sem stenst gæðakröfur, úr jarðvegi sem er einkennandi fyrir tilgreinda héraðið, kemur til greina.
2. Heimilt er að fastsetja mismunandi gildi lágmarksstyrks náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem um getur í 1. lið, fyrir sama gæðavín f.t.h. með hliðsjón af:
 - a) undirhéraði, staðbundnu stjórnsýslusvæði eða hluta þess,
 - b) vínviðaryrki eða -yrkjum,sem þrúgurmar, sem notaðar eru, koma af.
3. Nema undanþága sé veitt, og að undanskildum gæðafreyðivínunum f.t.h. og gæðalíkjörvínunum f.t.h., má alkóhólstyrkleikinn, sem um getur í 1. lið, ekki vera minni en:
 - a) 6,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A, að undanskildum tilgreindu héruðunum Mosel-Saar-Ruwer, Ahr, Mittelrhein, Sachsen, Saale-Unstrut, Moselle luxembourgeoise, Englandi og Wales, þar sem umræddur alkóhólstyrkleiki skal vera 6% miðað við rúmmál,
 - b) 7,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B,
 - c) 8,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C I a),
 - d) 9% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C I b),
 - e) 9,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C II,
 - f) 10% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C III.

F. Vínframleiðsla og aðferðir

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um sérstakar vínframleiðsluaðferðir fyrir gæðavín f.t.h., fyrir hvert og eitt þessara vína.
2. Hafi veðurskilyrði gert það nauðsynlegt, á einu af vínræktarsvæðunum sem um getur í E-þætti, er hlutaðeigandi aðildarríkjum heimilt að leyfa aukningu á (raunverulegum eða mögulegum) náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni enn í gerjun og víni sem hentar til framleiðslu gæðavíns f.t.h., að undanskildum afurðum sem eru ætlaðar til framleiðslu á gæðalíkjörvíni f.t.h. Aukningin má ekki fara yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 3. lið C-þáttar V. viðauka.
3. Á árum þegar veðurskilyrði hafa verið einstaklega óhagstæð er leyfilegt að ákveða að aukning alkóhólstyrkleika, sem um getur í 2. lið, megi ná mörkunum sem mælt er fyrir um 4. lið C-þáttar V. viðauka. Slík heimild hefur ekki áhrif á að hægt sé að gefa svipaða heimild vegna borðvína, eins og kveðið er á um í þeim lið.

4. Aukning á náttúrulegum alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál má aðeins fara fram í samræmi við aðferðirnar og skilyrðin, sem um getur í D-þætti V. viðauka, að undanskildum 7. lið viðaukans. Aðildarríkjnum er þó heimilt að undanskilja notkun á þrúgumustsþykkni.
5. Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í gæðavínum f.t.h. skal ekki vera minni en 9% miðað við rúmmál. Þó skal lágmarksstyrkleiki náttúrulegs alkóhóls vera 8,5% miðað við rúmmál fyrir tiltekin gæðahvítvín f.t.h., sem koma fram á skrá sem skal samþykkja og sem hafa ekki verið auðguð. Þessi liður gildir ekki um gæðafreyðivín f.t.h. og gæðalíkjörvín f.t.h.

G. Sýring, afsýring og sætun

1. Skilyrði fyrir og takmarkanirnar á sýringu og afsýringu á ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni enn í gerjun og víni sem hentar til framleiðslu gæðavíns f.t.h., og málsmeðferð við veitingu á leyfum og undanþágum, skulu vera þau sem mælt er fyrir um í E-þætti V. viðauka.
2. Aðildarríki geta því aðeins heimilað sætun á gæðavíni f.t.h. ef hún fer fram:
 - a) í samræmi við skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í F-þætti V. viðauka,
 - b) innan tilgreinda héraðsins þar sem gæðavínið f.t.h. var framleitt, eða innan svæðis í næsta nágrennis, að undanskildum tilteknum tilvikum sem nánar verða tilgreind,
 - c) með einni eða fleirum eftirfarandi afurða:
 - þrúgumusti,
 - þrúgumustsþykkni,
 - hreinsuðu þrúgumustsþykkni.
3. Þrúgumustið og þrúgumustsþykknið, sem um getur í c-lið 2. liðar, verður að vera upprunnið í sama tilgreinda héraði og vínið sem það er notað til að sæta.
4. Þessi G-þáttur gildir ekki að því er varðar gæðafreyðivín f.t.h. og gæðalíkjörvín f.t.h.

H. Vinnsla til auðgunar, sýringar og afsýringar

1. Auðgun, sýring og afsýring, sem um getur í F-þætti og 1. lið G-þáttar, má aðeins fara fram í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í G-þætti V. viðauka.
2. Með fyrirvara um ákvæði 4. liðar D-þáttar má áðurnefnd vinnsla aðeins fara fram á tilgreinda svæðinu þar sem fersku þrúgurnar, sem eru notaðar, voru tíndar.

I. Afrakstur á hektara

1. Hlutaðeigandi aðildarríki fastsetur fyrir hvert gæðavín f.t.h., afrakstur á hektara, gefið upp sem magn þrúgna, þrúgumusts eða vins.
2. Þegar þessi afrakstur er ákveðinn skal einkum taka tillit til afraksturs undanfarinna tíu ára. Aðeins uppskera sem stenst gæðakröfur, úr jarðvegi sem er einkennandi fyrir tilgreinda héraðið, kemur til greina.
3. Heimilt er að fastsetja mismunandi gildi afraksturs á hektara fyrir sama gæðavín f.t.h. með hliðsjón af:
 - a) undirhéraði, staðbundnu stjórnsýslusvæði eða hluta þess og
 - b) vinnviðaryrki eða -yrkjum,sem þrúgurnar, sem notaðar eru, koma af.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að breyta fastsettum afrakstri.
5. Sé farið yfir afrakstursmörkin, sem um getur í 1. lið, hefur það í för með sér að notkun heitis, sem gert er tilkall til, verður bönnuð fyrir uppskeruna í heild sinni, nema aðildarríkin hafi kveðið á um almennar undanþágur eða undanþágur í einstökum tilvikum, samkvæmt skilyrðum sem þau mæla fyrir um, ef við á, með tilliti til ólíkra vinnræktarsvæða; þessi skilyrði skulu einkum tengjast notkun umræddra vína eða afurða.

J. Greiningar- og skynmatsprófanir

1. Framleiðendum er skylt að afhenda vín, sem þeir fara fram á að fái heitið „gæðavín f.t.h.“, til greiningar- og skynmatsprófana:
 - a) greiningin skal a.m.k. mæla þá þætti sem eru einkennandi fyrir umrætt gæðavín f.t.h., þar á meðal þá sem taldir eru upp í 3. lið, Aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, skal mæla fyrir um efri og neðri mörk slíkra þátta, að því er varðar hvert gæðavín f.t.h., og
 - b) skynmatsprófunin skal taka til litar, tærleika, lyktar og bragðs.
2. Þar til viðeigandi ákvæði um kerfisbundna og almenna beitingu prófananna, sem um getur í 1. lið, hafa verið samþykkt er heimilt að láta lögbæra stofnun, tilnefnda af hverju aðildarríki, annast prófanirnar á sýnum.
3. Þættirnir, sem um getur í a-lið 1. liðar, eru eftirfarandi:
 - A. Prófanir á hegðun víns:
 1. hegðun í lofti
 2. hegðun í kulda,
 - B. örverufræðileg prófun:
 3. hegðun í hitakassa
 4. útlit vínsins og botnfallsins,
 - C. eðlis- og efnafræðilegar prófanir:
 5. eðlismassi
 6. alkóhólstyrkleiki
 7. heildarmagn þurrefnis (fengið með mælingu á eðlismassa)
 8. afoxandi sykrur
 9. súkrósi
 10. aska
 11. basastig ösku
 12. heildarsýruinnihald
 13. innihald rokgjarnra sýrna
 14. fast sýruinnihald
 15. sýrustig
 16. frjálst brennisteinsdíoxíð
 17. heildarmagn brennisteinsdíoxíðs,
 - D. frekari greining
 18. koltvísýringur (hálfreyðandi vín og freyðivín, umframþrýstingur í börum við 20 °C).

K. Gæðafreyðivín f.t.h.

1. Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í vínlögunum, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum f.t.h., skal ekki vera minni en:
 - 9,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C III,
 - 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum.
2. Þó mega vínlaganir, sem eru ætlaðar til framleiðslu á tilteknum gæðafreyðivínum f.t.h., sem koma fram á skrá sem skal samþykkja og eru framleiddar af einu þrúguyrki, ekki hafa minni heildaralkóhólstyrkleika en 8,5% miðað við rúmmál.
3. Taka skal saman skrá yfir gæðafreyðivíni f.t.h. sem um getur í 2. lið.
4. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað rúmmál í gæðafreyðivínum f.t.h., þ.m.t. alkóhól í viðbættum expedition-líkjör, skal ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál.
5. Í tirage-líkjörum, sem eru notaðir í gæðafreyðivín f.t.h., má einungis vera eftirfarandi:
 - a) súkrósi,
 - b) þrúgumustsþykkni,

- c) hreinsað þrúgumustsþykkni,
- d) þrúgumust,
- e) þrúgumust í gerjun,
- f) vín,
- g) gæðavín f.t.h.,

sem henta til framleiðslu sama gæðafreyðivíns f.t.h. og tirage-likjörunum er bætt í.

6. Þrátt fyrir 15. lið I. viðauka skulu gæðafreyðivín f.t.h., þegar þau eru geymd í lokuðum ílátum við 20 °C, ekki hafa minni umframþrýsting en 3,5 bör.

Þó skal lágmarksumframþrýstingur vera 3 bör fyrir gæðafreyðivín f.t.h. sem geymd eru í ílátum sem rúma minna en 25 sentilítra..

7. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að beita um gæðafreyðivín f.t.h., sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, má heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í þessum freyðivínum ekki vera meira en 185 milligrömm á lítra. Þegar veðurskilyrði hafa gert það nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum í Bandalaginu er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að leyfa að heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í gæðafreyðivínum f.t.h., sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, sé aukið um mest 40 milligrömm á lítra, að því tilskildu að afurðirnar, sem falla undir þessa heimild, séu ekki sendar út fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.
8. Framleiðslutími gæðafreyðivíns f.t.h., að meðtalinni þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunarferlisins sem er ætlað að gera vínin freyðandi, má ekki vera styttri en:

- a) sex mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í lokuðum tönkum,
- b) níu mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í flöskunum.

9. Tími gerjunar, sem á að gera vínögun freyðandi og sá tími sem hún liggur með dreggjunum, skal ekki vera skemmri en sem hér segir:

- 90 dagar,
- 30 dagar ef gerjunin fer fram í ílátum með hræripinum.

10. Ilmrík gæðafreyðivín f.t.h.:

- a) þessi vín má einungis framleiða, nema með undanþágu, úr vínögun sem eingöngu er samsett úr þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr þrúguyrkjum í skrá, sem skal taka saman, að því tilskildu að viðurkennt sé að þessi yrki henti til framleiðslu á gæðafreyðivíni f.t.h. í tilgreinda héraðinu sem gæðafreyðivínið f.t.h. dregur nafn sitt af,
- b) gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlislænum aðferðum,
- c) viðbót expedition-likjörs er bönnuð,
- d) þrátt fyrir 4. lið má raunverulegur alkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína f.t.h. ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál,
- e) heildaralkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína f.t.h. má ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál,
- f) þrátt fyrir fyrsta málslið 6. liðar skulu ilmrík gæðafreyðivín f.t.h. hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum,
- g) þrátt fyrir 8. lið má lengd framleiðsluferlis ilmríkra gæðafreyðivína f.t.h. ekki vera skemmri en einn mánuður.

11. Reglurnar sem settar eru fram í 1. - 10. lið H-þáttar V. viðauka gilda einnig um gæðafreyðivín f.t.h.

L. **Gæðalíkjörvín f.t.h. (önnur ákvæði en þau sem eru í H-þætti V. viðauka og sem varða sérstaklega gæðalíkjörvín f.t.h.)**

1. Með fyrirvara um undanþágur, sem kunna að vera gerðar, skulu afurðirnar, sem um getur í 1. lið J-þáttar V. viðauka, og þrúgumustsþykkið eða hlutgerjaða þrúgumustið, fengið úr léttþurrkuðum þrúgum, sem um getur í 2. lið þess þáttar, sem notuð eru til framleiðslu á gæðalíkjörvín f.t.h., fengin í tiltekna héraðinu sem umrætt gæðalíkjörvín f.t.h. dregur nafn sitt af. Að því er varðar gæðalíkjörvín f.t.h. „Málaga“ og „Jerez-Xérès-Sherry“ má þó þrúgumustsþykkið eða, skv. 11. mgr. 44. gr., hlutgerjaða þrúgumustið úr léttþurrkuðum þrúgum, sem um getur í 2. lið J-þáttar V. viðauka, sem eru fengin af þrúguyrkinu Pedro Ximénez, koma frá tilgreinda héraðinu Montilla-Moriles.
2. Með fyrirvara um undanþágur, sem kunna að vera gerðar, má aðeins framkvæma aðgerðirnar, sem um getur í 3.-6. lið J-þáttar V. viðauka, til framleiðslu á gæðalíkjörvín f.t.h., innan tilgreinda héraðsins sem um getur í 1. lið

Að því er varðar gæðalíkjörvín f.t.h., þar sem heitið „Porto“ er frátekið fyrir afurð sem er framleidd úr þrúgum sem fengnar eru í afmarkaða héraðinu „Douro“, mega frekari vinnsla og þroskunarferli þó fara fram annað hvort í hinu áður nefnda afmarkaða héraði eða í Vila Nova de Gaia — Porto.

3. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykka varðandi gæðalíkjörvín f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra:
 - a) má náttúrulegur alkóhólstyrkleiki afurðanna, sem um getur í 1. lið J-þáttar V. viðauka, sem eru notaðar til framleiðslu á gæðalíkjörvín f.t.h., ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál. Sum gæðalíkjörvín f.t.h., sem eru á skrá sem skal taka saman, má þó framleiða úr:
 - i. þrúgumusti með náttúrulegan alkóhólstyrkleika ekki minni en 10% miðað við rúmmál, þegar um er að ræða gæðalíkjörvín f.t.h. fengin með viðbót brennds víns, sem fengið er úr víni eða þrúguhrati með skráð upprunaheiti, hugsanlega frá sömu bújörð, eða
 - ii. þrúgumusti í gerjun eða, þegar um er að ræða annan undirlið hér á eftir, úr víni með ekki minni upprunalegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en:
 - 11% miðað við rúmmál þegar um er að ræða gæðalíkjörvín f.t.h., fengin með viðbót hreins vínanda eða véimeis með raunverulegan alkóhólstyrkleika ekki lægri en 70% miðað við rúmmál, eða brennds víns, sem fengið er úr vínaforðum,
 - 10,5% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín, sem eru á skrá sem skal taka saman, framleidd úr musti úr grænum þrúgum,
 - 9% miðað við rúmmál þegar um er að ræða gæðalíkjörvín f.t.h. og framleiðsla þeirra er hefðbundin og venjubundin í samræmi við landslög sem hafa skýr ákvæði um slík vín,
 - b) raunverulegur alkóhólstyrkleiki gæðalíkjörvíns f.t.h. miðað við rúmmál má ekki vera minni en 15% eða meiri en 22% miðað við rúmmál,
 - c) heildaralkóhólstyrkleiki gæðalíkjörvíns f.t.h. má ekki vera minni en 17,5% miðað við rúmmál.
4. Þó má heildaralkóhólstyrkleiki tiltekinna gæðalíkjörvína f.t.h., sem eru á skrá sem skal taka saman, vera minni en 17,5% miðað við rúmmál, en ekki minni en 15% miðað við rúmmál, ef landslög, sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985, kveða skýrt á um það.
5. Hefðbundnu sérheiti „οίνοσ γλυύς φυσικός“, „vine dulce natural“, „vino dolce naturale“ og „vinho dulce natural“ skal aðeins nota fyrir gæðalíkjörvín f.t.h.:
 - fengin úr uppskeru þar sem a.m.k. 85% uppskerunnar kemur af þrúguyrkjum sem koma fram á skrá sem skal taka saman,
 - fengin úr musti með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 212 grömmum á lítra,
 - fengin með viðbót alkóhóls, eimis eða brennds víns, eins og um getur í 2. lið J-þáttar V. viðauka, en með útilokun allrar annarrar auðgunar.

6. Að því marki sem er nauðsynlegt við hefðbundnar framleiðsluaðferðir er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um, að því er varðar gæðalíkjörvín f.t.h., sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra, að hefðbundna sérheitið „vin doux naturel“ megi aðeins nota um gæðalíkjörvín f.t.h. sem eru:
- framleidd beint af framleiðendum sem láta tína þrúgurnar og eingöngu úr uppskeru þeirra á muscat-, grenache-, maccabeo- eða malvasia-þrúgum; þó er heimilt að nota uppskeru frá vénekrum þar sem einnig vaxa aðrar vínviðartegundir en þessar fjórar framangreindu, að því tilskildu að þær nemi ekki meira en 10% alls vínviðarins,
 - framleidd innan marka afraksturs á hektara sem nema 40 hl af þrúgumusti, eins og um getur í fyrsta og fjórða undirlíð 1. liðar J-þáttar V. viðauka, en allur afrakstur umfram það hefur í för með sér að uppskeran í heild uppfyllir ekki lengur skilyrðin til að bera lýsinguna „vin doux naturel“,
 - fengin úr þrúgumusti með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 252 grómmum á lítra,
 - fengin, með útilokun allrar annarrar auðgunar, með viðbót alkóhóls, sem fengið er úr vínaferðum, sem í hreinu alkóhóli nemur að lágmarki 5% af rúmmáli þrúgumustsins í gerjun, sem er notað, og að hámarki lægra hlutfallinu af þeim tveimur sem hér fara á eftir:
 - annaðhvort 10% af rúmmáli framangreinda þrúgumustsins, sem er notað, eða
 - 40% af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í fullunnu vörunni, táknað með summu raunverulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og jafngildi mögulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, reiknað á grundvelli 1 rúmmálsprósentu hreins alkóhóls á 17,5 grómm sykurleifa á lítra.
7. Ekki má þýða heitin sem um getur í 5. og 6. lið; þó:
- getur þeim fylgt skýring á tungumáli sem neytandi skilur,
 - þegar um er að ræða vörur sem eru framleiddar í Grikklandi í samræmi við 6. lið og eru í dreifingu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, getur heitið „οίνος γλυκύς φυσικός“ fylgt heitinu „vin doux naturel“.
8. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vino generoso“ fyrir þurr gæðalíkjörvín f.t.h., sem eru framleidd undir gerskán (flor) og
- eru eingöngu fengin úr grænum þrúgum sem fást af vínviðaryrkjunum Palomino de Jerez, Palomino fino, Pedro Ximénez, Verdejo, Zalema og Garrido Fino,
 - eru sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.
- Framleiðsla undir gerskán (flor), sem um getur í fyrsta undirlíð, er líffræðilegt ferli sem á sér stað þegar dæmigerð gerskán myndast sjálfkrafa á óheftu yfirborði vinsins eftir heildaralkóhólgerjun mustsins og gefur afurðinni sérstök greiningar- og skynmatseinkenni.
9. Ekki má þýða heitið sem um getur í 8. lið. Þó getur því fylgt skýring á tungumáli sem neytandi skilur.
10. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vinho generoso“ fyrir gæðalíkjörvínin f.t.h. „Porto“, „Madeira“, „Moscatel de Setúbal“ og „Carcavelos“ í tengslum við viðkomandi skráð upprunaheiti.
11. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vino generoso de licor“ fyrir gæðalíkjörvín f.t.h.:
- sem fengið er úr „vino generoso“, eins og um getur í 8. lið, eða úr víni, framleiddu undir gerskán (flor), sem getur framleitt slíkt „vino generoso“, sem í hefur verið bætt annað hvort hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum, eða þrúgumustsþykkni hefur verið bætt við,
 - sem hefur verið sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.
12. Ekki má þýða heitið sem um getur í 11. lið. Þó getur því fylgt skýring á tungumáli sem neytandi skilur.

VII. VIÐAUKI

LÝSING, HEITI, FRAMSETNING OG VERND TILTEKINNA VARA ANNARRA EN FREYÐIVÍNA

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „merking“: allar lýsingar og aðrar tilvísanir, tákn, skýringarmyndir og merki sem auðkenna vöruna og eru á sama íláti, þ.m.t. á lokunarbrúnaði, eða á merkimiðum sem festir eru við ílátið. Tiltæknar tilvísanir, tákn og merki, sem nánar verða tilgreind, eru ekki hluti af merkingunni,
- „umbúðir“: allar umbúðir til hlífðar, s.s. pappír, allar gerðir stráulustra, öskjur og kassar, sem eru notuð við flutninga eins eða fleiri íláta og/eða til framsetningar með sölu til neytenda í huga.

A. Lögboðnar upplýsingar

1. Merking:

- a) borðvína, borðvína með landfræðilegar merkingar og gæðavína f.t.h.,
- b) vína, sem eru upprunnin í þriðju löndum, annarra en þeirra sem um getur í c-lið,
- c) líkjörvína, hálfreyðandi vína og loftblandaðra hálfreyðandi vína, sem falla undir I. viðauka, og slíkra vína sem eru upprunnin í þriðju löndum,

skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- vöumerkingu,
- nafnrúmmál,
- raunverulegan alkóhólsstyrkleika miðað við rúmmál,
- númer framleiðslulotu í samræmi við tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ⁽¹⁾.

2. Vörulýsing skal innihalda:

- a) þegar um er að ræða borðvín, orðið „borðvín“, og
 - þegar um er að ræða sendingu til annars aðildarríkis eða útflutning, heiti aðildarríkisins ef þrúgurnar eru framleiddar og vín framleitt úr þeim í því ríki,
 - þegar um er að ræða vín sem fást með blöndun á afurðum sem eru upprunnar í nokkrum aðildarríkjum, orðin „blanda úr vínnum frá mismunandi löndum Evrópubandalagsins“,
 - að því er varðar vín sem framleidd eru í aðildarríki úr þrúgum sem eru tíndar í öðru aðildarríki, orðin „vín fengið í ... úr þrúgum tíndum í ...“ og tilgreina heiti viðkomandi aðildarríkja,
 - þegar um er að ræða tiltekin borðvín, orðin „retsina“ og „vino tinto de mezcla“,
- b) þegar um er að ræða borðvín með landfræðilega merkingu:
 - orðið „borðvín“,
 - heiti landfræðilegu einingarinnar,
 - eitt af eftirfarandi heitum, að uppfylltum skilyrðum sem nánar verða tilgreind: „Landwein“, „vin de pays“, „indicazione geografica tipica“, „ονομασία κατά παράδοξη“, „οίνος τοπικός“, „vino de la tierra“, „vinho regional“ eða „regional wine“, þegar slík orð eru notuð er orðið „borðvín“ ekki nauðsynlegt,

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EBL 186, 30.6.1989, bls. 21.

- c) þegar um er að ræða gæðavín f.t.h.:
- heiti framleiðslusvæðis,
 - með fyrirvara um undanþágur sem nánar verða tilgreindar
 - orðin „gæðavín, framleitt í tilgreindu héraði“ eða „gæðavín f.t.h.“,
 - orðin „gæðalíkjörvín, framleitt í tilgreindu héraði“ eða „gæðalíkjörvín f.t.h.“,
 - orðin „hálfreyðandi gæðavín, framleitt í tilgreindu héraði“ eða „hálfreyðandi gæðavín f.t.h.“, eða
 - sérstakar hefðbundnar upplýsingar, í skrá sem skal taka saman, eða fleiri slíkar upplýsingar, ef kveðið er á um slíkt í ákvæðum hlutaðeigandi aðildarríkis,
- d) þegar um er að ræða innflutt vín, orðið „vín“ sem heiti upprunals verður að fylgja og, þegar þau bera landfræðilegar merkingar, heiti umrædds landsvæðis,
- e) fyrir líkjörvín, orðið „líkjörvín“,
- f) fyrir hálfreyðandi vín, orðin „hálfreyðandi vín“,
- g) fyrir loftblönduð hálfreyðandi vín, orðin „loftblönduð hálfreyðandi vín“,
- h) fyrir vínin, sem um getur í e-, f- og g-lið, upprunnin í þriðju löndum, upplýsingar sem nánar verða tilgreindar.

3. Merking:

- a) borðvína, borðvína með landfræðilegar merkingar og gæðavína f.t.h.,
- b) vína, sem eru upprunnin í þriðju löndum,
verður, til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. og 2. lið, að innihalda eftirfarandi:
- nafn eða firmaheiti átappara, staðbundið stjórnsýslusvæði og aðildarríki eða, að því er varðar ílát með meira en 60 lítra nafnrúmmál, sendanda,
 - þegar um er að ræða innflutt vín, innflytjanda eða, ef átöppun fer fram í Bandalaginu, átappara.

4. Við merkingar á líkjörvínunum, hálfreyðandi vínunum, loftblönduðum hálfreyðandi vínunum og slíkum vínunum, upprunnunum í þriðju löndum, bætast upplýsingar, sem nánar verða tilgreindar, samsvarandi við þær sem um getur í 2. og 3. lið.

B. Valkvæðar upplýsingar

1. Við merkingar á vörum, sem framleiddar eru í Bandalaginu, má bæta eftirfarandi upplýsingum, að uppfylltum skilyrðum sem nánar verða tilgreind:
- a) þegar um er að ræða borðvín, borðvín með landfræðilegar merkingar og gæðavín f.t.h.:
- nafni, titli og heimilisfangi þess eða þeirra sem tóku þátt í markaðssetningu og sölu.
 - vörutegund,
 - tilteknum lit, í samræmi við reglur sem aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, mælir fyrir um,
- b) þegar um er að ræða borðvín með landfræðilegar merkingar og gæðavín f.t.h.:
- vínargangi,
 - heiti eins eða fleiri vínviðaryrkja,
 - verðlaunum, viðurkenningu og keppni,
 - upplýsingum um hvernig varan er fengin eða aðferð við framleiðslu hennar,
 - öðrum hefðbundnum heitum, í samræmi við ákvæðin sem aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, mælir fyrir um,
 - heiti vínekru,

- upplýsingar sem gefa til kynna að víninu hafi verið átappað:
 - á landareigninni eða
 - af sameinuðum hópi vínframleiðenda eða
 - á vínokru sem er í framleiðsluhéraði, eða, að því er varðar gæðavin f.t.h., í næsta nágrenni við héraðið,
- c) Þegar um er að ræða gæðavin f.t.h.:
- tilvísun til smærra landsvæðis en tilgreinds héraðs, í samræmi við ákvæði sem aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, mælir fyrir um,
 - tilvísun til stærra landsvæðis en héraðsins sem skilgreint er til að tilgreina uppruna gæðavína f.t.h.
 - upplýsingum um að átöppun hafi farið fram í tilgreinda héraðinu, að því tilskildu að hefð sé fyrir slíkum upplýsingum og þær viðgangist í hlutaðeigandi tilgreindu héraði.
2. Valkvæðar upplýsingar, sem svara til þeirra sem um getur í 1. lið, skulu ákvarðaðar fyrir líkjörvín, hálfreyðandi vín, loftblönduð hálfreyðandi vín og vín upprunnin í þriðju löndum.
- Þessi liður hefur ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að setja reglur um heiti þessara vara þar til samsvarandi reglur Bandalagsins koma til framkvæmda.
3. Þegar um er að ræða vörurnar, sem um getur í 1. lið A-þáttar, má bæta öðrum upplýsingum við merkinguna.
4. Aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að gera tiltekna upplýsingar í 1. og 2. lið skyldubundnar, banna þær eða takmarka notkun þeirra að því er varðar vín sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

C. Notkun tiltekinna sérheita

1. Heitið
- a) „vín“ er frátekið fyrir vörur sem samrýmast skilgreiningunni í 10. lið I. viðauka,
 - b) „borðvín“ er frátekið fyrir vörur sem samrýmast skilgreiningunni í 13. lið I. viðauka.
2. Með fyrirvara um ákvæði um samhæfingu laga hefur a-liður 1. liðar þó ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að heimila:
- notkun orðsins „vín“ í samsettu heiti þar sem á eftir fylgir heiti ávaxtar, til að lýsa vörum, fengnum með gerjun annarra ávaxta en þrúgna,
 - önnur samsett heiti sem innihalda orðið „vín“.
3. Heitið:
- a) „líkjörvín“ er frátekið fyrir vörur sem samræmast skilgreiningunni í 14. lið I. viðauka eða, eftir því sem við á, skilgreiningu sem samþykkt verður í samræmi við inngang þessa viðauka,
 - b) „gæðalíkjörvín framleitt í tilgreindu héraði“ eða „gæðalíkjörvín f.t.h.“ er frátekið fyrir vörur sem samræmast skilgreiningunni í 14. lið I. viðauka og sérákvæðum þessarar reglugerðar,
 - c) „hálfreyðandi vín“ er frátekið fyrir vörur sem samræmast skilgreiningunni í 17. lið I. viðauka eða, eftir því sem við á, skilgreiningu sem samþykkt verður í samræmi við inngang þessa viðauka,
 - d) „hálfreyðandi gæðavin framleitt í tilgreindu héraði“ eða „hálfreyðandi gæðavin f.t.h.“ er frátekið fyrir vörur sem samræmast skilgreiningunni í 17. lið I. viðauka og sérákvæðum þessarar reglugerðar,
 - e) „loftblönduð hálfreyðandi vín“ er frátekið fyrir vörur sem samræmast skilgreiningunni í 18. lið I. viðauka eða, eftir því sem við á, skilgreiningu sem samþykkt verður í samræmi við inngang þessa viðauka,

4. Ef notuð eru samsett heiti, eins og um getur í 2. lið, verður að forðast allan rugling við vörurnar, sem um getur í 1. lið.

D. Tungumál sem nota má á merkingum

1. Merkingar verða að vera á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins, þannig að neytandi geti auðveldlega skilið alla upplýsingaliði. Þrátt fyrir fyrsta undirlið skulu eftirfarandi upplýsingar:

- heiti tilgreinda héraðsins,
- heiti annarrar landfræðilegrar einingar,
- hefðbundin sérheiti og frekari hefðbundnar upplýsingar,
- heiti vénekranna eða samtaka þeirra og upplýsingar um átöppun,

eingöngu vera á einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem varan er framleidd.

Heimilt er að endurtaka upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein, á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins ef um er að ræða vörur, upprunnar í Grikklandi.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið annarrar undirgreinar, má eingöngu veita á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins ef það tungumál er lagt að jöfnu við opinbera tungumálið á þeim hluta yfirlýðingavæðis upprunaaðildarríkisins, þar sem viðkomandi tilgreint hérað er, ef notkun þess er hefðbundin og venjubundin í hlutaðeigandi aðildarríki.

Aðildarríkjunum er heimilt, þegar um er að ræða vörur, fengnar og markaðssettar á yfirlýðingavæði þeirra, að leyfa að upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein, séu einnig veittar á öðru tungumáli en opinberu tungumáli Bandalagsins, ef notkun þess er hefðbundin og venjubundin í hlutaðeigandi aðildarríki eða á hluta af yfirlýðingavæði þess.

Aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að leyfa, að því er varðar eigin vörur, að upplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein, séu einnig veittar á öðru tungumáli ef notkun þess er hefðbundin fyrir slíkar upplýsingar.

2. Heimilt er að ákveða frekari undanþágur frá 1. lið.

E. Kóðar

Í samræmi við nákvæmar reglur, sem settar verða, skal nota kóða:

- við merkingu vara sem falla undir 1. lið A-þáttar, annarra en þeirra sem um getur í eftirfarandi undirlið, til að veita upplýsingar sem að öllu eða nokkru leyti varða heiti annars tilgreinds héraðs en þess sem heimilt er að umrædd afurð beri. Aðildarríkin geta þó mælt fyrir um aðrar viðeigandi ráðstafanir fyrir eigin yfirlýðingavæði til að forðast rugling við tilgreinda héraðið sem um er að ræða,
- við merkingu borðvins, í samræmi við annan og þriðja undirlið í a-lið 2. liðar A-þáttar, til að tilgreina aðalskrifstofu átappara eða sendanda og, eftir því sem við á, átöppunar- eða sendingarstað.

Í samræmi við nákvæmar reglur, sem settar verða, er heimilt að nota kóða við merkingu varanna, sem um getur í þessum viðauka, að því er varðar upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 3. lið A-þáttar, að því tilskildu að aðildarríkið, þar sem átöppun þessara vara hefur farið fram, hafi heimilað það. Þessi notkun er bundin þeim fyrirvara að á merkimiðanum sé ritað fullum stöfum nafn eða firmaheiti aðila eða höps aðila, annars en átappara, sem kemur að dreifingu vörunnar, og staðbundins stjórnsýsluvæðis, eða hluta þess, þar sem aðalskrifstofa slíks aðila eða höps aðila hefur aðsetur.

F. Vöruheiti

1. Ef í lýsingu, framsetningu og auglýsingum vara, sem um getur í þessari reglugerð, bætast við vöruheiti skulu þau ekki fela í sér orð, atkvæði, tákn eða skýringarmyndir sem:

- a) eru líklegar til að valda ruglingi eða villa um fyrir þeim aðilum sem þeim er beint að, í skilningi 48. gr., eða

- b) — gæti verið ruglað saman, af þeim aðilum sem þeim er beint að, í heild eða að hluta til, við lýsingu borðvins, líkjörvins, hálfreyðandi vins, loftblandaðs hálfreyðandi vins, gæðavins f.t.h. eða innflutts vins, ef lýsing þess fellur undir ákvæði Bandalagsins, eða við lýsingu annarrar afurðar, sem um getur í þessum viðauka, eða
- er eins og lýsing einhverrar slíkrar vöru, nema heimilt sé að nota slíka lýsingu eða framsetningu fyrir afurðirnar, sem eru notaðar til framleiðslu á endanlegu vörunum, sem getið er hér að framan,

Enn fremur mega merkingar, sem notaðar eru við lýsingu á borðvíni, líkjörvíni, hálfreyðandi víni, loftblönduðu hálfreyðandi víni, gæðavíni f.t.h. eða innfluttu víni, ekki bera vöruheiti sem innihalda orð, atkvæði, tákn eða skýringarmyndir sem:

- a) þegar um er að ræða:
- borðvín, líkjörvín, hálfreyðandi vín og loftblönduð hálfreyðandi vín, innihalda heiti gæðavins f.t.h.,
 - gæðavín f.t.h., innihalda heiti borðvins,
 - innflutt vín, innihalda heiti borðvins eða gæðavins f.t.h.,
- b) þegar um er að ræða borðvín með landfræðilega merkingu, gæðavín f.t.h. eða innflutt vín, innihalda rangar upplýsingar, einkum að því er varðar landfræðilegan uppruna, vínviðaryrki, vínargang eða tilvísun til afburðagæða,
- c) þegar um er að ræða borðvín, önnur en þau sem um getur í b-lið, líkjörvín, hálfreyðandi vín og loftblönduð hálfreyðandi vín, innihalda upplýsingar um landfræðilegan uppruna, vínviðaryrki, vínargang eða tilvísun í afburðagæði,
- d) þegar um er að ræða innflutt vín, geta valdið ruglingi vegna skýringarmyndar sem er einkennandi fyrir borðvín, líkjörvín, hálfreyðandi vín, loftblandað hálfreyðandi vín, gæðavín f.t.h. eða innflutt vín sem er lýst með landfræðilegri merkingu.

2. Þrátt fyrir b-lið fyrsta undirliðar 1. liðar getur handhafi skráðs vörumerkis fyrir vín eða þrúgumust, sem er:

- eins og heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað, sem notað er til að lýsa gæðavíni f.t.h., eða
- eins og heiti landfræðilegrar einingar sem notað er til að lýsa borðvíni sem er lýst með landfræðilegri merkingu, eða
- eins og heiti innflutts vins sem lýst er með landfræðilegri merkingu

jafnvel þó hann eigi ekki rétt á að nota slíkt heiti í samræmi við fyrstu undirgrein 1. liðar, haldið áfram að nota vörumerkið til 31. desember 2002, að því tilskildu að umrætt vörumerki:

- a) hafi verið skráð eigi síðar en 31. desember 1985 af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis, í samræmi við gildandi löggjöf á skráningardegi, og
- b) hafi í reynd verið í notkun án hlés frá skráningardegi til 31. desember 1986, eða, hafi skráning farið fram fyrir 1. janúar 1984, a.m.k. frá þeirri dagsetningu.

Ennfremur getur handhafi þekkts skráðs vöruheitis fyrir vín eða þrúgumust, sem inniheldur orðalag sem er eins og heiti tilgreinds héraðs eða heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað, haldið áfram að nota vöruheitið, jafnvel þó hann eigi ekki rétt á að nota slíkt heiti í samræmi við 1. lið, ef það svarar til auðkennis upprunalegs handhafa eða þess sem upprunalega léði vörunni nafn sitt, að því tilskildu að vöruheitið hafi verið skráð a.m.k. 25 árum áður en aðildarríki, sem er framleiðsluríki, viðurkenndi opinberlega umrætt landfræðilegt heiti, í samræmi við viðeigandi ákvæði Bandalagsins að því er varðar gæðavín f.t.h. og að vöruheitið hafi í raun verið notað án hlés þennan tíma.

Vöruheiti, sem samræmast skilyrðum fyrstu og annarrar undirgreinar, mega ekki koma í veg fyrir notkun á heitum landfræðilegra eininga sem notuð eru til að lýsa gæðavíni f.t.h. eða borðvíni.

3. Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða fyrir 31. desember 2002 hvort framlengja skuli frestinn sem um getur í fyrstu undirgrein 2. liðar.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um vörumerkin, sem um getur í 2.lið, jafnharðan og þeim er tilkynnt um þau.

Framkvæmdastjórnin skal senda upplýsingarnar áfram til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd til að sjá um að ákvæði Bandalagsins innan vingeirans séu uppfyllt.

G. Markaðssetning, eftirlit og vernd

1. Ílát með nafnrúmmáli sem er ekki meira en 60 lítrar skulu vera merkt frá þeirri stundu þegar þau eru sett á markað. Slíkar merkingar skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar; þetta gildir einnig um merkt ílát með nafnrúmmáli sem er meira en 60 lítrar.
2. Ákveða má undanþágur frá 1. lið.
3. Hvert aðildarríki ber ábyrgð á eftirliti og verndun gæðavína f.t.h. og borðvína með landfræðilega merkingu sem eru markaðssett í samræmi við þessa reglugerð.
4. Innflutt vín, sem ætluð eru til beinnar neyslu og bera landfræðilega merkingu, geta, með tilliti til markaðssetningar þeirra í Bandalaginu og með fyrirvara um gagnkvæmni, fallið undir verndunar- og eftirlitsáætlunina sem um getur í 3. lið.

Undirgreinin hér að framan skal koma til framkvæmda með samningum við hlutaðeigandi þriðju lönd, sem gengið er til og gerðir eru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 133. gr. sáttmálans.

VIII. VIÐAUKI

LÝSING, HEITI, FRAMSETNING OG VERND FREYÐIVÍNA

A. Skilgreiningar

1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um almennar reglur um lýsingu og framsetningu á:
 - a) freyðivínunum sem eru skilgreind í 15. lið I. viðauka og framleidd í Bandalaginu,
 - b) loftblönduðu freyðivínunum sem eru skilgreind í 16. lið I. viðauka og upprunnin í Bandalaginu,
 - c) freyðivínunum sem eru skilgreind í samræmi við þessa reglugerð með málsmeðferðinni í 75. gr. og upprunnin í þriðju löndum,
 - d) loftblönduðum freyðivínunum, sem eru skilgreind í samræmi við þessa reglugerð, með málsmeðferðinni í 75. gr., og upprunnin í þriðju löndum. Freyðivínin, sem um getur í a-lið, skulu taka til:
 - freyðivína, sem um getur í H-þætti V. viðauka,
 - gæðafreyðivína, sem um getur í I-þætti V. viðauka, og
 - gæðafreyðivína, sem framleidd eru í tilgreindum héruðum (gæðafreyðivín f.t.h.) og um getur í K-þætti VI. viðauka.
2. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - „merking“: allar tilvísanir, tákn, skýringarmyndir og merki eða aðrar lýsingar sem auðkenna afurðina og eru á sama íláti þ.m.t. á lokunarbúnaði, eða á merkimiðum sem festir eru við ílátið og hettunarnar sem hylja flöskuhálsana.
 - „umbúðir“: umbúðir til hlífðar, s.s. pappír, allar gerðir stráulustra, öskjur og kassar, sem eru notuð við flutninga eins eða fleiri íláta og/eða til framsetningar með sölu til neytenda í huga.
 - „framleiðandi“ vöru sem um getur í 1. lið: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem sjá um framleiðslu eða sem framleitt er fyrir,
 - „framleiðsla“: vinnsla nýrra þrúgna, þrúgumusts og vína svo úr verði vara sem vísað er til í 1. lið.

B. Lögboðnar upplýsingar

1. Þegar um er að ræða vörur, sem um getur í 1. lið A-þáttar, skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í lýsingu á merkimiðanum:
 - a) söluheiti vörunnar, í samræmi við 2. lið D-þáttar,
 - b) nafnrúmmál vörunnar,
 - c) vörutegund, í samræmi við 3. lið D-þáttar,
 - d) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál, í samræmi við nákvæmar reglur sem nánar verða tilgreindar.
2. Þegar um er að ræða vörur, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar A-þáttar, skal, auk upplýsinga sem eru tilgreindar í 1. lið, koma fram í lýsingu á merkimiðanum :
 - nafn eða firmaheiti framleiðanda eða seljanda með staðfestu í Bandalaginu og
 - heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis, eða hluta slíks svæðis, og aðildarríkisins þar sem aðalskrifstofa fyrrnefnds aðila hefur aðsetur, í samræmi við 4. og 5. lið D-þáttar.

Þó geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, krafist þess að heiti eða firmaheiti framleiðanda sé ritað fullum stöfum.

Ef nafn eða firmaheiti framleiðanda kemur fram á merkimiða en framleiðsla hefur farið fram á öðru staðbundnu stjórnsýslusvæði, hluta slíks svæðis eða aðildarríki en því sem um getur í öðrum undirlit fyrstu undirgreinar skal bæta við þær upplýsingar, sem um getur þar, heiti staðbundna stjórnsýslusvæðisins eða hluta þess svæðis þar sem framleiðslan fór fram og, hafi framleiðslan farið fram í öðru aðildarríki, heiti þess aðildarríkis.

3. Ef um er að ræða vörurnar, sem um getur í c- og d-lið 1. liðar A-þáttar, skulu eftirtaldar upplýsingar vera á merkimiðanum, auk upplýsinga sem eru tilgreindar í 1. lið:
 - a) nafn eða firmaheiti innflytjanda og heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis og aðildarríkis þar sem aðalskrifstofa innflytjanda hefur aðsetur,
 - b) nafn eða firmaheiti framleiðanda og heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis og þriðja lands þar sem aðalskrifstofa framleiðanda hefur aðsetur, í samræmi við 4. og 5. lið D-þáttar.
4. Í lýsingu á merkimiða skulu koma fram viðbótarupplýsingar í eftirtöldum tilvikum:
 - ef um er að ræða vörur, framleiddar úr víni sem er upprunnið í þriðju löndum, eins og um getur í sjötta undirlit 15. liðar í I. viðauka, skal í lýsingu á merkimiða koma fram að varan sé framleidd úr innfluttu víni og skal tilgreina þriðja landið þar sem vínið, sem var notað í vínlögunina, er upprunnið,
 - ef um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h. skal heiti tilgreinda héraðsins, þar sem þrúgurarnar, sem notaðar eru í vöruna, eru tíndar, vera á merkimiðanum,
 - ef um er að ræða ilmrið gæðafreyðivín, sem um getur í 10. mgr. K-þáttar VI. viðauka, skal í lýsingu á merkimiða koma fram annaðhvort heiti vínviðaryrkisins, sem það er fengið af, eða orðin „framleitt úr ilmriðum þrúguyrkjum“.

C. Valkvæðar upplýsingar

1. Þegar um er að ræða vörurnar, sem um getur í 1. lið A-þáttar, má bæta við lýsinguna á merkimiðanum öðrum upplýsingum, að því tilskildu að:
 - þær séu ekki líklegar til að villa um fyrir þeim, sem upplýsingarnar beinast að, einkum að því er varðar lögböðnu upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í B-þætti, og valkvæðu upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í E-þætti,
 - ákvæði E-liðar séu virt, eftir því sem við á.
2. Að því er varðar vöktun og eftirlit í freyðivínsgeiranum er lögbærum yfirvöldum heimilt, með hliðsjón af almennum starfsreglum í hverju aðildarríki, að fara fram á það við framleiðanda eða seljanda, sem um getur í fyrsta undirlit fyrstu undirgreinar 2. liðar B-þáttar, að hann færi sönnur á áreiðanleika upplýsinga sem eru notaðar við lýsingu og varða eðli, auðkenni, gæði, samsetningu, uppruna eða upprunastað viðkomandi vöru eða varanna sem eru notaðar við framleiðslu hennar. Ef beiðnin er sett fram af:
 - lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki, þar sem framleiðandi eða seljandi hefur staðfestu, skal það yfirvald krefja umrædda aðila beint um sönnun,
 - lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki skal það yfirvald senda lögbæru yfirvaldi, í því landi þar sem framleiðandi eða seljandi hefur staðfestu, innan ramma beinnar samvinnu á milli þeirra, allar nauðsynlegar upplýsingar til að síðarnefnda yfirvaldið geti krafist slíkrar sönnunar; veita skal yfirvaldinu sem leggur fram beiðni upplýsingar um til hvaða aðgerða er gripið vegna beiðinnar. Líti lögbær yfirvöld svo á að slík sönnun hafi ekki verið lögð fram teljast umræddar upplýsingar ekki uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

D. Nákvæmar reglur um lögböðnu upplýsingarnar

1. Upplýsingaliðina sem eru tilgreindir í B-þætti:
 - skal hafa saman, á sama sýnilega fleti á ilátinu, og

- skal setja fram með skýru, auðlæsilegu og óafmáanlegu lettri, sem er nægilega stórt til að vera skýrt aðgreint frá bakgrunninum sem þær eru prentaðar á og einnig frá öllu öðru rituðu eða myndrænu efni.

Lögboðnar upplýsingar um innflytjanda mega þó vera utan sýnilega flatarins þar sem aðrir lögboðnir upplýsingarliðir koma fram.

2. Tilgreina skal vörulýsinguna, sem um getur í a-lið 1. liðar B-þáttar, með einhverju því orðalagi sem hér fer á eftir:
 - a) „freyðivín“, ef um er að ræða freyðivín, sem um getur í H-þætti V. viðauka,
 - b) „gæðafreyðivín“ eða „Sekt“, ef um er að ræða gæðafreyðivín, sem um getur í I-þætti V. viðauka, önnur en þau sem um getur í d-lið þessarar málsgreinar,
 - c) ef um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h., sem um getur í K-þætti VI. viðauka:
 - „gæðafreyðivín framleitt í tilgreindu héraði“ eða „gæðafreyðivín f.t.h.“, eða „Sekt bestimmter Anbaugebiete“ eða „Sekt bA“, eða
 - sérstakt hefðbundið sérheiti, sem aðildarríkið, þar sem framleiðslan fór fram, velur úr þeim heitum, sem um getur í fjórða undirlið annars liðar í c-lið 2. liðar A-þáttar VII. viðauka, og er að finna í skrá, sem skal taka saman, eða
 - eitt af heitum tilgreindra héraða gæðafreyðivína f.t.h., sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. liðar A-þáttar VII. viðauka, eða
 - tvö af þessum orðum eða setningum, notuð saman. Þó geta aðildarríkin krafist þess að því er varðar tiltekin gæðafreyðivín f.t.h. sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra, að tiltekið orðalag, sem um getur í fyrstu undirgrein, skuli notað annaðhvort eitt sér eða með öðrum,
 - d) „ilmrík gæðafreyðivín“, ef um er að ræða ilmrík gæðafreyðivín, sem um getur í 3. mgr. I-þáttar V. viðauka,
 - e) ef um er að ræða freyðivín sem er upprunnið í þriðja landi:
 - „freyðivín“,
 - eða
 - „gæðafreyðivín“ eða „Sekt“, ef þau skilyrði, sem mælt er fyrir um framleiðslu vínsins, hafa verið viðurkennd sem jafngild þeim sem sett eru fram í I-þætti V. viðauka.

Þegar um slík freyðivín er að ræða skal fylgja vörulýsingunni tilvísun til þriðja lands þar sem þrúgurnar voru tíndar, látar gerjast og þeim umbreytt í freyðivín. Ef afurðirnar, sem voru notaðar til að framleiða freyðivínið, eru fengnar í öðru landi en því þar sem framleiðslan fór fram verður framleiðslulandið, í samræmi við 3. lið B-þáttar, að skera sig greinilega úr öllum öðrum merkingum á merkimiðanum,
 - f) „loftblandað freyðivín“, ef um er að ræða loftblandað freyðivín, upprunnið í Bandalaginu eða þriðja landi. Ef ekki kemur fram í þessum upplýsingalið, á tungumálinu sem notað er, að koltvísýringi hafi verið bætt við skal bæta við orðunum „með viðbættum koltvísýringi“ á merkimiðann í samræmi við nákvæmar reglur, sem nánar verða tilgreindar.
3. Vörutegund, sem ákvarðast af sykurinnihaldi, eins og um getur í c-lið 1. liðar B-þáttar, skal gefin til kynna með einu af eftirfarandi heitum, sem skilst í aðildarríkinu eða þriðja landinu, sem er viðtökustaður, þar sem varan er boðin til beinnar neyslu:
 - „brut nature“, „naturherb“, „bruto natural“, „pas dosé“, „dosage zéro“ eða „dosaggio zero“: ef sykurinnihald er minna en 3 grömm á lítra aðeins má nota þessi heiti um afurðir sem engum sykri er bætt í eftir seinni gerjun,
 - „extra brut“, „extra herb“ eða „extra bruto“: ef sykurinnihald er 0–6 grömm á lítra,
 - „brut“, „herb“ eða „bruto“: ef sykurinnihald er undir 15 grömmum á lítra,

- „extra dry“, „extra trocken“ eða „extra seco“: ef sykurinnihald er 12–20 grömm á lítra,
- „sec“, „trocken“, „secco“ eða „asciutto“, „dry“, „tør“, „ξηρός“, „seco“, „torr“ eða „kuiva“: ef sykurinnihald er 17–35 grömm á lítra,
- „demi-sec“, „halbtrocken“, „abboccato“, „medium dry“, „halvtør“, „ημιξηρός“, „semi seco“, „meio seco“, „halvtorr“ eða „puolikuiva“: ef sykurinnihald er 33–50 grömm á lítra,
- „doux“, „mild“, „dolce“, „sweet“, „sød“, „γλυκύς“, „dulce“, „doce“, „söt“ eða „makea“: ef sykurinnihald er meira en 50 grömm á lítra.

Þó að sykurinnihald vörunnar réttlæti notkun tveggja hugtaka, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein, verður framleiðandi eða innflytjandi að velja aðeins eitt hugtak.

Þrátt fyrir c-lið 1. liðar B-þáttar má í stað upplýsinga um vörutegund, eins og um getur í fyrstu undirgrein, setja upplýsingar um sykurinnihald, gefið upp sem grömm á lítra samkvæmt greiningu, þegar um er að ræða ilmrik gæðafreyðivín, eins og um getur í 3. lið 1. liðar í V. viðauka, og ilmrik gæðafreyðivín, framleidd í tilgreindum héruðum, eins og um getur í 10. lið K-þáttar VI. viðauka.

Óheimilt er að setja á merkimiðann aðrar upplýsingar um vörutegund, eins og hún ákvarðast af sykurinnihaldi, en þær sem eru tilgreindar í fyrsta og þriðja undirlið.

4. Upplýsingar um nafn eða firmaheiti framleiðanda og heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis, eða hluta slíks svæðis, og ríkið, þar sem aðalskrifstofa framleiðanda hefur aðsetur, skulu settar fram:

- annaðhvort fullum stöfum,

- eða kóðaðar, ef um er að ræða vörur sem eru framleiddar í Bandalaginu, að því tilskildu að nafn eða firmaheiti aðila eða hóps aðila, annars en framleiðanda, sem kemur að dreifingu vörunnar, og staðbundins stjórnsýslusvæðis, eða hluta þess, og aðildarríkisins, þar sem aðalskrifstofa slíks aðila eða hóps aðila hefur aðsetur, séu ritaðar fullum stöfum.

5. Ef heiti staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta slíks svæðis kemur fram á merkimiða, annaðhvort til að gefa til kynna hvar aðalskrifstofa framleiðanda eða annars aðila, sem kemur að dreifingu vörunnar, hefur aðsetur, eða til að gefa til kynna hvar framleiðslan fór fram, og í þessum upplýsingum kemur jafnframt fram heiti annars tilgreinds héraðs, í skilningi A-þáttar VI. viðauka, en þess sem heimilt er að nota við lýsingu á umræddri vöru skal það heiti vera kóðað.

Þó er aðildarríkjum heimilt að mæla fyrir um aðrar víðeigandi ráðstafanir vegna lýsingar á vörum sem eru framleiddar á yfirráðasvæði þeirra, einkum að því er varðar stærð letursins, sem er notað, sem skal vera þannig að ekki valdi misskilningi varðandi landfræðilegan uppruna vínsins.

6. Í framkvæmdaákvæðum má mæla fyrir um hvaða orðalag skuli notað til að tilgreina framleiðsluáðferðir.

E. Notkun tiltekinna sérheita

1. Einungis er heimilt að nota heiti landfræðilegrar einingar, annarrar en tilgreinds héraðs, sem er minni en aðildarríki eða þriðja land, sem viðbót við lýsingu á:

- gæðafreyðivíni f.t.h.,

- gæðafreyðivíni, sem úthlutað hefur verið heiti slíkrar landfræðilegrar einingar samkvæmt framkvæmdaákvæðum, eða

- freyðivíni, upprunna í þriðja landi, og skulu skilyrði vegna framleiðslu þess viðurkennd sem jafngild þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í I-lið V. viðauka um gæðafreyðivín, sem bera heiti landfræðilegrar einingar.

Einungis skal heimilt að nota slíkt heiti ef:

- a) það samrýmist reglum aðildarríkis eða þriðja lands sem freyðivínið er framleitt í,
- b) umrædd landfræðileg eining er skilgreind nákvæmlega,

- c) allar þrúgurnar, sem varan fékkst úr, komu frá þessari landfræðilegu einingu, þó að undanskildum afurðum sem eru í tirage-líkjör eða expedition-líkjör,
- d) landfræðilega einingin er innan tilgreinda héraðsins, sem vínið dregur nafn sitt af, ef um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h.,
- e) heiti landfræðilegu einingarinnar er ekki notað við lýsingu gæðafreyðivíns f.t.h., ef um er að ræða gæðafreyðivín.

Þrátt fyrir c-lið annarrar undirgreinar geta aðildarríki heimilað notkun á heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni en tilgreint hérað, til viðbótar við lýsingu gæðafreyðivíns f.t.h. ef a.m.k. 85% vörunnar eru fengin úr þrúgum sem voru tíndar innan einingarinnar.

2. Einungis er heimilt að nota heiti vínviðaryrkis til viðbótar við lýsingu á vöru, sem um getur í 1. lið A-þáttar,

— í a-lið, eða

— í c-lið, ef framleiðsluskilyrði teljast jafngild þeim sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka. Einungis er heimilt að tilgreina heiti vínviðaryrkis eða samheiti þess ef:

- a) ræktun yrkisins og notkun afurða af því samræmast ákvæðum Bandalagsins eða ákvæðum þriðja lands þar sem þrúgurnar voru tíndar,
- b) yrkið er á skrá sem samþykkt verður af aðildarríkinu, þar sem afurðirnar, sem voru notaðar í vínlögunina, voru fengnar; skráin skal tekin saman í samræmi við 1. lið B-þáttar eða a-lið 10. liðar K-þáttar VI. viðauka, ef um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h.,
- c) heiti yrkisins veldur ekki ruglingi við heiti tilgreinds héraðs eða landfræðilegrar einingar, sem er notað til að lýsa öðru víni sem er framleitt í Bandalaginu eða innflutt,
- d) heiti yrkisins skal ekki endurtaka innan sama orðalags nema til séu fleiri en eitt yrki sem bera sama heiti og að það heiti sé á skrá sem samþykkt verður af aðildarríkinu, sem er framleiðsluríki. Skrána skal senda framkvæmdastjórninni sem tilkynnir hinum aðildarríkjunum um hana;
- e) varan er að öllu leyti fengin af umræddu yrki, þó að undanskildum afurðunum sem eru í tirage-líkjör eða expedition-líkjör eða ef að yrkið hefur afgerandi áhrif á eðli umræddrar vöru,
- f) framleiðsluferlið, að meðtalinni þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunar sem er ætlað að gera vínlögun freyðandi, hefur ekki varað skemur en 90 daga og svo fremi að gerjunin, sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi og sá tími sem hún liggur með dreggjunum, taki:

— að minnsta kosti 60 daga,

— að minnsta kosti 30 daga ef gerjunin fer fram í ílátum með hræripinum.

Þetta ákvæði gildir þó ekki um ilmrið gæðafreyðivín, sem um getur í 3. mgr. I-þáttar V. viðauka, eða 10. mgr. K-þáttar VI. viðauka.

Þrátt fyrir aðra undirgrein geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki:

— heimilað notkun á heiti eins vínviðaryrkis ef a.m.k. 85% þrúgnanna, sem varan er fengin úr, eru af því yrki, þó að undanskildum afurðunum sem eru í tirage-líkjör eða expedition-líkjör, og ef yrkið hefur afgerandi áhrif á eðli umræddrar vöru,

- heimilað notkun á heitum tveggja eða þriggja vínviðaryrkja, ef slíkt er heimilt í aðildarríkinu, sem er framleiðsluríki, og að því tilskildu að allar þrúgunnar, sem afurðin er fengin úr, séu af þessum tegundum, þó að undanskildum afurðunum sem eru í tirage-likjör eða expedition-likjör, og ef blanda þessara tveggja eða þriggja yrkja skiptir sköpum varðandi sérkenni vörunnar.
- takmarkað slíka notkun við tiltekin heiti vínviðaryrkja, sem um getur í öðrum undirlið.

3. Einungis má nota orðalagið „gerjað á flöskum“ til að lýsa:

- gæðafreyðivíni f.t.h.,
- gæðafreyðivíni,
- eða
- freyðivíni sem er upprunnið í þriðja landi, ef skilyrði vegna framleiðslu teljast jafngild þeim sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka.

Einungis er heimilt að nota orðalagið, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef:

- a) varan var gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flöskunni,
 - b) framleiðsluferlið, að meðtalinni þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunar, sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi, hefur ekki verið styttra en níu mánuðir,
 - c) gerjunin, sem er ætlað að gera lögunina freyðandi og sá tími sem lögunin liggur með dreggjunum, tekur a.m.k. 90 daga,
 - d) dreggjarnar eru skildar frá vörunni með síun í samræmi við aðferð með tunnumillifærslu (racking method) eða útskotsaðferð (disgorging).
4. Einungis má nota orðalagið „gerjað á flöskum með hefðbundinni aðferð“ eða „hefðbundin aðferð“ eða „sigild aðferð“ eða „sigild hefðbundin aðferð“ og annað orðalag, sem verður til við þýðingu þeirra, til að lýsa:

- gæðafreyðivíni f.t.h.,
- gæðafreyðivíni,
- eða
- freyðivíni sem er upprunnið í þriðja landi ef skilyrði vegna framleiðslu teljast jafngild þeim sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka. Einungis er heimilt að nota eitt af orðunum eða setningunum í fyrstu undirgrein ef varan:

- a) var gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flöskunni,
 - b) lá stöðugt með dreggjunum í a.m.k. níu mánuði hjá sömu framleiðslustöð frá myndun vínlögunarinnar,
 - c) var aðskilin frá dreggjunum með útskotsaðferð
5. Einungis er heimilt að nota orðalag sem tengist framleiðsluáðferð, sem felur í sér heiti tilgreinds héraðs eða annarrar landfræðilegrar einingar, eða heiti, dreggið er af þeim, við lýsingu á:

- gæðafreyðivíni f.t.h.,
- gæðafreyðivíni eða
- freyðivíni sem er upprunnið í þriðja landi, ef skilyrði vegna framleiðslu teljast jafngild þeim sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka.

Einungis er heimilt að nota slíkt orðalag til að lýsa vöru sem má bera eina af landfræðilegu merkingunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

6. Að því er varðar gæðafreyðivín f.t.h., sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í öðrum undirlið 4. mgr.:
- a) skal heitið „Winzersekt“ vera frátekið fyrir gæðafreyðivín f.t.h., framleidd í Þýskalandi, og heitið „Hauersekt“ skal vera frátekið fyrir gæðafreyðivín f.t.h., framleidd í Austurríki, en bæði eru:
- framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vénekrunni, einnig á vegum framleiðslusamtaka, þar sem framleiðandi, eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. D-þáttar, framleiðir vin úr þrúgum sem eru ætlaðar til framleiðslu gæðafreyðivíns f.t.h.,
 - markaðssett af framleiðandanum, sem um getur í fyrsta undirlið, og komið á framfæri með merkimiðum sem tilgreina vénekruna, vínviðaryrkið og vínárið. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi er heimilt að setja viðbótarskilyrði um notkun á heitinu „Winzersekt“ og um notkun á jafngildum heitum á öðrum tungumálum Bandalagsins. Samkvæmt sama fyrirkomulagi er aðildarríki heimilt að mæla fyrir um sérstakt, og þá einkum strangara, fyrirkomulag. Einungis er heimilt að nota heitin, sem um getur í framangreindri undirgrein, á upprunatungumálinu,
- b) skal hugtakið „crémant“ vera frátekið fyrir gæðafreyðivín f.t.h.:
- sem þetta hugtak hefur verið notað yfir, ásamt heiti hins tilgreinda héraðs, af aðildarríkinu þar sem vínið er framleitt,
 - sem eru framleidd úr musti, fengnu með pressun heilla þrúgna, þegar um er að ræða hvít gæðafreyðivín f.t.h., þó ekki meira en 100 l úr hverjum 150 kg af þrúgum,
 - sem innihalda að hámarki 150 mg af brennisteinsdíoxíði á hvern lítra,
 - sem innihalda minna en 50 g af sykri á hvern lítra, og
 - sem eru framleidd í samræmi við sérstakar viðbótarreglur sem aðildarríkið, sem er framleiðsluríki, kann að hafa sett um framleiðslu þeirra og lýsingu.

Að því er varðar gæðafreyðivín f.t.h., sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki notað hugtakið „crémant“ um í samræmi við ákvæði fyrsta undirliðar, mega framleiðendur téðra gæðafreyðivína f.t.h., þrátt fyrir fyrsta undirlið, nota hugtakið, svo fremi að a.m.k tíu ára hefð hafi skapast fyrir því fyrir 1. júlí 1996. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau tilvik þar sem þessari undanþágu er beitt.

7. Einungis má taka fram vínarganginn við lýsingu á:

- gæðafreyðivíni f.t.h.,
 - gæðafreyðivíni
- eða
- freyðivíni sem er upprunnið í þriðja landi ef skilyrði vegna framleiðslu teljast jafngild þeim, sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka.

Einungis er heimilt að vísa til vínargangs ef a.m.k. 85% vörunnar eru fengnar úr þrúgum sem voru tíndar á umræddu ári, þó að undanskildum afurðunum sem eru í tirage-líkjör eða expedition-líkjör.

Aðildarríkjum er þó einungis heimilt að mæla fyrir um að gefa megi upp vínargang fyrir gæðafreyðivín f.t.h., sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, ef varan er eingöngu fengin úr þrúgum, sem voru tíndar á umræddu ári, þó að undanskildum afurðunum sem eru í tirage-líkjör eða expedition-líkjör.

8. Einungis má vísa til afburðagæða ef um er að ræða:
- gæðafreyðivín f.t.h.,
 - gæðafreyðivín
 - eða
 - freyðivín, sem er upprunnið í þriðja landi, ef skilyrði vegna framleiðslu teljast jafngild þeim sem mælt er fyrir um í I-þætti V. viðauka eða K-þætti VI. viðauka.
9. Óheimilt er að nota heiti aðildarríkis eða þriðja lands, eða lýsingarorð dregið af því, í samsetningum með vörulýsingunni, sem um getur í 2. mgr. D-þáttar, nema afurðin sé framleidd á yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða þriðja lands og gerð einungis úr þrúgum sem eru tindar eða er umbreytt í vín á því yfirráðasvæði.
10. Óheimilt er að bæta við lýsingu afurðar, sem um getur í 1. lið A-þáttar, tilvísun eða tákni um verðlaunapening eða verðlaun, fengin í keppni, eða um aðra viðurkenningu, nema opinber aðili, eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur í þessu skyni, hafi veitt þessa viðurkenningu fyrir tiltekið magn af umræddri afurð.
11. Einungis er heimilt að bæta heitunum „Premium“ eða „Reserve“ við:
- heitið „gæðafreyðivín“
 - eða
 - eitt af heitunum sem um getur í c-lið 2. liðar D-þáttar.
- Heitið „Réserve“ má, eftir því sem við á, nota ásamt lýsingu í samræmi við skilyrðin sem aðildarríki, sem er framleiðsluríki, setur.
12. Framkvæmdaákvæði geta, þar sem nauðsyn krefur, mælt fyrir um:
- a) skilyrði fyrir notkun:
 - orðalagsins sem um getur í 8. lið,
 - heita sem tengjast annarri framleiðsluaðferð en þeim sem um getur í 3.–6. lið,
 - orðalags sem vísar til sérstakra einkenna vínviðaryrkjanna, sem umrædd vara er framleidd úr,
 - b) skrá yfir orðalag sem um getur í a-lið.

F. Tungumál sem nota má á merkingum

Upplýsingar sem eru tilgreindar:

- í B-þætti skulu gefnar á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalaganna til þess að neytandi geti auðveldlega skilið alla upplýsingaliði
- í C-þætti skulu gefnar á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalaganna.

Aðildarríkin geta, þegar um er að ræða markaðssetningu afurða á yfirráðasvæðum þess, heimilað að þessar upplýsingar séu einnig gefnar á öðru tungumáli en opinberu tungumáli Bandalaganna ef notkun þess er hefðbundin og venjubundin í hlutaðeigandi aðildarríki eða á hluta af yfirráðasvæði þess.

Ef hins vegar:

- a) um er að ræða gæðafreyðivín f.t.h. og gæðafreyðivín er einungis heimilt að setja eftirfarandi upplýsingar fram á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem framleiðslan fór fram:
 - heiti tilgreinds héraðs, eins og um getur í annarri undirgrein 4. liðar B-þáttar,

— heiti annarrar landfræðilegrar einingar, eins og um getur í 1. lið E-þáttar,

ef ofangreindar afurðir eru framleiddar í Grikklandi má endurtaka upplýsingarnar á einu eða fleiri öðrum opinberum tungumálum Bandalaganna,

b) ef um er að ræða vörur, upprunnar í þriðju löndum:

— er heimilt að nota opinbert tungumál þriðja landsins, sem framleiðslan fór fram í, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 1. lið B-þáttar, séu einnig gefnar á opinberu tungumáli Bandalaganna,

— geta framkvæmdarákvæði sagt til um fyrir um að sumar af þeim upplýsingum, sem eru tilgreindar í C-þætti, séu þýddar yfir á opinbert tungumál Bandalaganna,

c) ef um er að ræða afurðir sem eru upprunnar í Bandalaginu og ætlaðar til útflutnings má endurtaka upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið B-þáttar og gefnar eru á opinberu tungumáli Bandalaganna, á öðru tungumáli.

G. Framsetning

1. Einungis er heimilt að geyma, með sölu í huga, eða markaðssetja vörurnar, sem um getur í 1. mgr. A-þáttar, í glerflöskum sem:

a) er lokað með:

— svepplaga tappa úr korki eða annars konar efni, sem má komast í snertingu við matvæli, sem er með festingum ásamt loki og slíðrað með þynnu sem þekur tappann og allan flöskuhálsinn eða hluta hans,

— annars konar viðeigandi lokunarbúnaði ef um er að ræða flöskur þar sem tilgreint magn er ekki meira en 0,20 lítrar, og

b) bera merkingar sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Í lokunarbúnaðinum, sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið a-liðar fyrstu undirgreinar, mega ekki vera hettur eða þynnur þar sem blý er notað við framleiðsluna.

Að því er varðar afurðirnar, sem 1. liður A-þáttar tekur til, sem framleiddar eru með seinni alkóhólgerjun í flöskunni, eins og um getur í 3. og 4. lið E-þáttar, má þó, vegna freyðivína sem enn eru á vinnslustigi, sem eru í ómerktum flöskum með bráðabirgðatappa:

a) mæla fyrir um undantekningar, af aðildarríkinu, sem er framleiðsluríki, svo fremi að umrædd vín:

— séu gæðafreyðivín f.t.h. í vinnslu,

— fari aðeins milli framleiðenda innan viðkomandi tilgreinds héraðs,

— hafi fylgiskjal, og

— séu í sérstakri athugun,

b) beita undantekningum til 31. desember 2001 vegna framleiðenda gæðafreyðivína, sem fengið hafa sérstakt leyfi hlutaðeigandi aðildarríkis og uppfylla þau skilyrði sem aðildarríkið setur, einkum að því er varðar eftirlit.

Eigi síðar en 30. júní 2000 skulu hlutaðeigandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni greinargerð um beitingu slíkra undantekninga. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram nauðsynlegar tillögur um framlengingu þeirra.

2. Í samræmi við reglur, sem nánar verða tilgreindar, má aðeins setja eftirfarandi á „freyðivínsflöskur“ eða svipaðar flöskur, með lokunarbúnaði, eins og um getur í a-lið 1. liðar, með sölu, markaðssetningu eða útflutning í huga:

— vörurnar sem um getur í 1. lið A-þáttar,

- drykkjarvörur sem hefð er fyrir að setja á slíkar flöskur og sem:
 - eru í samræmi við skilgreiningu á hálfreyðandi víni eða loftblönduðu hálfreyðandi víni, skv. 17. og 18. lið I. viðauka,

eða
 - eru fengnar með alkóhólgerjun ávaxtar eða annars hráefnis úr landbúnaði, einkum afurðanna sem um getur í 2. lið C-þáttar VII. viðauka og afurðanna sem reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum ⁽¹⁾,

eða
 - hafa raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur 1,2% eða minna miðað við rúmmál,
 - afurðir, sem þrátt fyrir þessa framsetningu, þykja ekki líklegar til að valda ruglingi eða villa um fyrir neytendum að því er varðar eðli vörunnar.
3. Þau atriði, sem þessi reglugerð fjallar ekki um í sambandi við merkingar, geta fallið undir framkvæmdarákvæði, einkum að því er varðar:
- a) stað fyrir merkimiða á ílátunum,
 - b) lágmarksstærð merkimiða,
 - c) uppröðun hinna ýmsu upplýsingaliða, sem mynda lýsinguna, á merkimiðum,
 - d) leturstærð á merkimiðum,
 - e) notkun tákna, skýringamynda og vöruheita.
4. Ef einn eða fleiri upplýsingaliðir, sem eiga við um afurðina, eru á umbúðum vöru, sem um getur í 1. lið A-þáttar, skulu þeir vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, sbr. þó 5. mgr.
5. Ef ílát með afurð, sem um getur í 1. lið A-þáttar, eru sett fram til sölu til neytenda í pakkningu, verður að merkja hana í samræmi við þessa reglugerð. Taka skal upp fyrirkomulag, sem miðar að því að komast hjá of strangri túlkun reglnanna að því er varðar sérstakar umbúðir sem innihalda lítið magn afurðanna, sem um getur í 1. lið A-þáttar, einar sér eða með öðrum afurðum.

H. Vöruheiti

1. Ef við lýsingu, framsetningu og auglýsingu vara, sem um getur í 1. lið A-þáttar, bætast vöruheiti skulu þau ekki fela í sér orð, atkvæði, tákn eða skýringarmyndir sem:
- a) eru líklegar til að valda ruglingi eða villa um fyrir þeim aðilum, sem þeim er beint að, í skilningi 48. gr.,

eða
 - b) gæti verið ruglað saman, í heild eða að hluta til, við lýsingu borðvíns, gæðavíns, sem er framleitt í tilgreindu héraði, að meðtöldu gæðafreyðivíni f.t.h., eða innflutts víns, ef lýsing þess fellur undir ákvæði Bandalagsins, eða við lýsingu annarrar afurðar, sem um getur í 1. lið A-þáttar, eða eru eins og lýsing einhverrar slíkrar afurðar, nema heimilt sé að nota slíka lýsingu eða framsetningu fyrir afurðirnar, sem notaðar eru í vínlögun freyðivínsins sem um ræðir.
2. Þrátt fyrir b-lið 1. liðar getur handhafi þekkt skráðs vöruheitis fyrir vöru, sem um getur í 1. lið A-þáttar, sem inniheldur orðalag sem er eins og heiti tilgreinds héraðs eða heiti landfræðilegrar einingar sem er minni en tilgreint hérað, haldið áfram að nota vöruheitið, jafnvel þó hann eigi ekki rétt á að nota slíkt heiti í samræmi við 1. lið, ef það svarar til auðkennis upprunalegs handhafa eða þess sem upprunalega léði vörunni nafn sitt, að því tilskildu að vöruheitið hafi verið skráð a.m.k. 25 árum áður en aðildarríki, sem er framleiðsluríki, viðurkenndi

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

opinberlega umrætt landfræðilegt heiti, í samræmi við 4. mgr. 54. gr., að því er varðar gæðavín f.t.h., og að vöruheitið hafi í raun verið notað án hlés þennan tíma. Vöruheiti sem samræmast skilyrðum fyrstu undirgreinar mega ekki koma í veg fyrir notkun á heitum landfræðilegra eininga, sem notuð eru til að lýsa gæðavíni f.t.h.

I. Almenn ákvæði

1. Með fyrirvara um 1. lið F-þáttar skal hvert aðildarríki viðurkenna lýsingu og framsetningu á vörum, sem um getur í 1. lið A-þáttar og eru upprunnar í öðru aðildarríki og markaðssettar á yfirláðasvæði þess, að því tilskildu að lýsingin og framsetningin séu í samræmi við reglur Bandalagsins og séu leyfðar samkvæmt þessari reglugerð í aðildarríkinu þar sem varan var framleidd.
2. Í lýsingu, framsetningu og auglýsingum annarra vara en þeirra, sem fjallað er um í 1. mgr. A-þáttar, má ekki gefa til kynna, gefa í skyn eða láta að því liggja að viðkomandi afurð sé freyðivín.
3. Vörulýsingar, sem um getur í 2. lið D-þáttar, má einungis nota um afurðir sem um getur í 1. lið A-þáttar.

Þó geta aðildarríkin heimilað, í samræmi við lög sem voru í gildi 29. nóvember 1985, notkun hugtaksins „freyðivín“ í samsettum heitum til að lýsa drykk sem fellur undir SAT-númer 2206 00 91 sem fenginn er með alkóhólgerjun ávaxtar eða annars hráefnis úr landbúnaði, ef hefð er komin á notkun þessara samsettu heita.

4. Samsettu heitin, sem um getur í annarri undirgrein 3. liðar, skulu sett fram í sömu stafagerð og lit á merkimiðanum og skal hæð þeirra vera slík að þau skeri sig greinilega úr öðrum upplýsingum.
5. Gæðafreyðivín f.t.h. má því aðeins markaðssetja að heiti tilgreinda héraðsins, sem þau mega bera, sé á tapanum og að á flöskunni sé merkimiði allt frá því að hún er send af framleiðslustað.

Þó er heimilt að gera undantekningar að því er varðar merkingar, að því tilskildu að viðeigandi eftirlit sé tryggt.

6. Samþykkja skal ákvæði um framkvæmd 5. liðar, sem og undanþágur varðandi merkingar á tapanum, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr., þegar freyðivín fær ekki viðurkenningu sem gæðafreyðivín f.t.h. við eftirlit lögbærs yfirvalds.